



Samningur felldur á ný

BRETLAND Bretland Samningur ríkisstjórnar Theresu May, breska forsætisráðherra, við ESB um útgöngu Breta úr sambandinu var felldur öðru sinni á breska þingiinu í gærkvöldi. Alls greiddi 391 atkvæði gegn samningnum en 242 með.

Fyrir um tveimur mánuðum felldi þingið samninginn með 230 atkvæða mun. Eftir að hafa átt í viðræðum við ESB í millitíðinni náði May vissulega að sannfæra tugi þingmanna. Komst þó hvergi nærri því að sannfæra nógu marga.

Íhaldsflokkurinn var sem fyrr klofinn í málinu. Þá greiddi Lýðræðislegi sambandsflokkurinn, sem ver minnihlutastjórn Íhaldsflokksins vantrausti, atkvæði gegn samningnum á ný.

Eftir að niðurstöður lágu fyrir tók May til máls og sagði að rétt eins og hún hefði lofað fyrir tveimur vikum myndi fara fram umræða og atkvæðagreiðsla um að yfirgefa ESB án samnings í dag. Afstaða ríkisstjórnarinnar væri sú að samningslaus útganga væri sjálfgefin nema þingið samþykki samning.

Ef breska þingið samþykkir samningslausa útgöngu í dag verður það formlega að stefnu breska ríkisins, samkvæmt því sem May sagði í gær. Ef ekki munu þingmenn greiða atkvæði á fimmtudag um að hefja viðræður við ESB um að fresta útgöngudegi, 29. mars, að öllu óbreyttu.

– þea



Skellur frá Strassborg

Allar greinar ríkisvaldsins fá bágð fyrir aðdraganda og eftirmál skipunar dómara við Landsrétt í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu. Brotið gegn kjarna grundvallarreglna réttarríkisins. Í húfi er trúnaðartraust borgara á dómstólum í lýðræðislegu samfélagi.

DÓMSMÁL Dómsmálaráðherra sýndi gildandi reglum algjört skeytingarleysi við val á dómaraefnum við Landsrétt samkvæmt dómi Mannréttindadómstóls Evrópu.

Ofan á brot ráðherra kom svo hin gallaða málsmeðferð á Alþingi og brot á þeirri málsmeðferð sem lögjafinn setti sjálfur upp til að sporna við áhrifum framkvæmdarvaldsins og flokkspólitískum áhrifum á skipan dómvaldsins. Brot ráðherra við meðferð málsins og alvarlegir gallar á málsmeðferð Alþingis brutu í bága við kjarna þeirrar grunnreglu réttarríkisins að skipan dómstóla sé ákveðin

með lögum. Hinir alvarlegu gallar á málsmeðferðinni voru að mati dómsins til þess fallnir að skada það traust sem dómstólar í lýðræðislegu samfélagi þurfa að njóta meðal almennra borgara.

Hæstiréttur er líka gagnrýndur í dóminum fyrir niðurstöðu sína í máli kærands. Þar sem skipun dómsins var ekki í samræmi við lög hafi brot gegn 6. gr. um réttláta málsmeðferð legið fyrir og því óþarft að leggja mat á hvort kærandinn hafi fengið réttláta málsmeðferð, þrátt fyrir galla á málsmeðferðinni. Það brást hjá Hæstirétti við meðferð málsins að mati MDE. – að / sjá síðu 6

Fyrsta lyfið hjá Alvotech er nú til rannsóknar

MARKAÐURINN Liftæknifyrirtækið Alvotech hefur nú hafið klínískar rannsóknir á sínu fyrsta lyfi. Um er að ræða liftæknilyfshliðstæðu lyfsins Humira sem er í dag söluhæsta lyf heims og selst fyrir um 20 milljarða Bandaríkjadala á ári, jafnvirði 2.400 milljarða íslenskra króna.

Róbert Wessman, stofnandi og stjórnarformaður Alvotech, segir það stóran áfanga fyrir fyrirtækið að hefja klínískar rannsóknir.

– hae / sjá Markaðinn

Safnar hári og tapar kílóum

LÍFIÐ „Ég verð fimmtug eftir mánuð og fyrir ári síðan ákvað ég að ná þremur markmiðum fyrir afmælið. Í fyrsta lagi ætlaði ég að safna hári. Það hefur tekist. Ég ætlaði líka að koma mér í form og það gengur ágætlega,“ segir Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, lögmaður og fyrrverandi borgarfulltrúi.

Guðfinna ætlar að léttast um tíu kíló fyrir fimmtugt. Þegar mánuður er til stefnu er hún viss um að takmarkið náist. Með ketó-lífsstílnum. „Þetta er svo mikil fita sem ég borða, aðallega lax, ostar, egg, majónes og rjóma.“ – þþ / sjá síðu 22



Fermingarskraut!

Finndu okkur á

269 kr. kg

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

KRÓNAN

Mmm ... bestur núna!

Ananas ferskur


269 kr. kg

– 11 KR.

– 09 KR.

– 07 KR.

Nú eru allar 55 stöðvar Orkunnar þínar stöðvar.



Snjór N-lands, talsverð riging eða slydda með A-ströndinni og léttir til SV-lands. N 5-15 í kvöld. Hiti 0 til 5 stig S lands en 0 til 6 stiga frost nyrðra. **SJÁ SIÐU 14**

Vill rannsókn á Juan Guaidó

VENESÚELA Tarek Saab, ríkissaksóknari Venesúela, fór í gær fram á við hæstarétt að rannsaka hvort Juan Guaidó stjórnarandstöðuleiðtogi hafi gerst sekur um skemmdarverk á orkuinnviðum landsins. Stór hluti ríkisins hefur verið án rafmagns frá því á fimmtudag.



Juan Guaidó, stjórnarandstöðuleiðtogi Venesúela.

Nicólas Maduro forseti hefur fullrytt að bandarísk tækni hafi verið notuð til þess að skemma innviði. Hann hefur því kennt stjórnarandstöðunni um, enda hafa Bandaríkjamenn lýst því yfir að þeir liti á Guaidó sem réttmætan forseta. – þea


Kalífadæmið að falli komið

SÝRLAND Allt að 2.000 liðsmenn hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki (ISIS) lögðu niður vopn í gær og gáfu sig fram við Sýrlensku lýðræðissveitirnar (SDF) við bæinn Baghuz.

SDF hefur ráðist á ISIS í Baghuz frá því í febrúar en bærinn er síðasta landsvæðið sem hryðjuverkasamtökin halda. „Þegar hersveitir okkar hafa fengið staðfest að allir hafi gefist upp sem vilja mun orrustan halda áfram,“ hafði Reuters eftir Mustafa Bali hjá SDF, sem bætti því við að sigur væri í nánd.

ISIS er við það að tapa sínu síðasta vígi. Fallið er hátt, enda hélt ISIS stóru svæði þegar samtökin lýstu yfir stofnun hins svokallaða kalífadæmis árið 2014. Samtökin héldu mestu landsvæði vorið 2015 en hafa síðan þá beðið hvern ósigurinn á fætur öðrum á svæðinu. – þea

Leiddur á braut



Ungur maður sem viðstaddur var mótmæli á Austurvelli í gær var leiddur á brott af lögreglu eftir að hann eyðilagði spjald hjá hópi sem mótmælti meðferð stjórnvalda á flóttafólki hér á landi. Gerðist það í kjölfar þess að aðrir mótmælendur kröfðust afsagnar Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra vegna niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu í svokölluðu Landsréttarmáli. Sjá nánar af því á síðu 6. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Binda kolefni í Úlfarsárdal

UMHVERFISMÁL Reykjavíkurborg ætlar að endurheimta votlendi og móta land á 87 hektara svæði á norðurbakka Úlfarsár.

„Slík endurheimt er talin hafa hamlandi áhrif á loftslagsbreytingar þar sem votlendi bindur kolefni auk þess sem það skapar grundvöll fyrir aukinn líffræðilegan fjölbreytileika,“ segir í tilkynningu frá borginni. Málið hafi verið undirbúið í samstarfi við Landgræðslu ríkisins.

„Í fyrsta áfanga verkefnisins verður 12 hektara svæði næst sveitarfélagamörkum við Mosfellsbæ tekið fyrir. Aðgerðir þar felast í að fjarlægja rusl og girðingar af svæðinu, mokað verður ofan í þverskurði og mótaðar tjarnir. Þess er vænst að með aðgerðunum aukist líffræðilegur fjölbreytileiki bæði hvað varðar gróður og dýralíf.“ – gar

Evrópa bannar flug á Boeing 737 MAX 8

Flugmálayfirvöld og flugfélög víða um heim hafa kyrrsett Boeing 737 MAX 8 vélar. Ícelandair kyrrsetti sínar vélar í gær. Félagið reiknar ekki með vanda fyrst um sinn. Framkvæmdastjóri Heimsferða segir MAX 8 hafa reynst vel.

SAMGÖNGUR Evrópska flugöryggisstofnunin, EASA, tilkynnti síðdegis í gær um bann við umferð Boeing 737 MAX 8 þotna í Evrópu. Fyrir um daginn ákvað Ícelandair að taka sínar þrjár MAX 8 vélar úr rekstri um óákveðinn tíma í kjölfar þess að Bretar lokuðu lofthelgi sinni fyrir tegundinni.

Fjöldi flugfélaga og flugmálayfirvalda um heim allan hafa kyrrsett vélar. Bann EASA nær einnig til Boeing 737 MAX 9 véla sem er lengri gerðin af MAX 8.

Ícelandair reiknar ekki með að lenda í sérstökum vanda fyrst um sinn vegna flugbannsins þar sem nokkuð er í háannatímamann í fluginu og yfir 30 þotur í flota félagsins.

Spurningar hafa vaknað um öryggi MAX 8 þotanna eftir að tvær slíkar vélar hröpuðu skömmu eftir flugtak með rúmlega fjögurra mánaða millibili. MAX 8 vél hrapaði í Indónesíu í lok október með þeim afleiðingum að 189 létust. Vél Norwegian nauðlenti í Íran um miðjan desember eftir að bilun kom upp. Um síðustu helgi hrapaði vél í Eþíópíu og með henni fórust 157 manns.

Flugmálayfirvöld í Kína kyrrsettu vélar sinna flugfélaga á mánudag. Í gær bönnuðu flugmálayfirvöld í Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Malasíu og Ástralíu flugvéla í sinni lofthelgi.

Bann EASA tók gildi klukkan 19.00 í gær og þurfti að snúa nokkrum MAX 8 véllum við í loftinu.

Dæmi eru um að vélar af þessari tegund hafi verið notaðar í leiguflugi til og frá landinu. Heimsferðir hafa leigt slíka vél í gegnum



Tómas J. Gestsson, framkvæmdastjóri Heimsferða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það gekk mjög vel, enda nýjar og finar vélar.

Tómas J. Gestsson, framkvæmdastjóri Heimsferða

tékkneska flugfélagið Smartwings. Sú vél er staðsett á Kanaríeyjum. Tómas J. Gestsson, framkvæmdastjóri Heimsferða, sagði að sú vél hefði flogið til og frá Íslandi í gær.

„Þeir voru að nota MAX 8 vél síðasta haust og í byrjun árs. Það gekk mjög vel, enda nýjar og finar vélar. Alltaf á réttum tíma,“ sagði Tómas. „Þetta eru vélar sem byrja á Kanaríeyjum. Ég spurðist fyrir um hvort þeir muni ekki nota 737 MAX vélar þar sem eftir er vetrar. Bara til þess að vera viss.“

Eftir að Tómas spurðist fyrir kom í ljós að vélin sem kom til Íslands í gærmorgun og fór síðdegis var af gerðinni MAX 8.

„Við vitum aldrei fyrir fram hvaða vélar þeir nota. Þeir eiga eftir að fljúga þrjú flug í viðbót fyrir okkur frá Kanaríeyjum, miðað við það sem hefur gengið á geri ég ráð fyrir að þeir muni fljúga 737 MAX 8 síðustu flugin,“ sagði Tómas í gær en nú virðist ólíklegt að af því verði enda gildir bann EASA hér á landi.

Isavia hefur ekki upplýsingar um hvort fleiri MAX 8 vélar fljúgi til og frá landinu í leiguflugi. Flugfélögin sem hafa notað vélar hér á landi, Ícelandair og TUI, hafa kyrrsett þær.

EKKI fengust upplýsingar frá Samgöngustofnu um hvort rétt hafi verið um að banna vélar í lofthelgi Íslands sérstaklega.

arib@frettabladid.is

EFLING
STÉTTARFÉLAG

AUGLÝSIR FRAMBODSFREST

Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags auglýsir framboðsfrest vegna kosningar stjórnar félagsins fyrir kjörtímabilið 2019-2021.

Á hverjum lista skulu vera tillögur um 7 stjórnarmenn til tveggja ára samkvæmt 10. gr. laga félagsins. Um er að ræða varaformann og ritara auk fimm meðstjórnenda.


Listi uppstillingarnefndar og trúnaðarráðs liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með miðvikudeginum 13. mars 2019. Öðrum listum ber að skila á skrifstofu félagsins fyrir kl. 12.00 á hádegi miðvikudaginn 20. mars nk. Fylgja skulu meðmæli 120 félagsmanna.

Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags

„Ég finn að bankinn er hérna til að aðstoða“



360° samtal fyrirtækja er tækifæri til að fara yfir reksturinn og framtíðaráætlanir hjá þínu fyrirtæki. Að auki færðu yfirsýn yfir öflugar og sérsniðnar lausnir Landsbankans fyrir fyrirtæki af öllum stærðum. Kynntu þér 360° samtal hjá fyrirtækjajónustu Landsbankans.



Mislingafaraldur vakti landsmenn líklega til umhugsunar

HEILBRIGÐISMÁL Mikill gangur hefur verið í bólusetningum eftir að mislingar fóru að gera vart við sig um miðjan febrúar. Ráðist var í bólusetningarátak um helgina.

„Þetta gekk vonum framur en þetta átak var skipulagt með mjög litlum fyrirvara. Þar verður einnig að hrósa fjölmörgum fyrir góða og vandaða umfjöllun enda vissu langflestir af þessu átaki og margir nýttu sér þjónustu okkar,“ segir Óskar Reykdalsson, settur forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Óskar segir Íslendinga enn ágætlega vel varða fyrir faröldrum sem þessum. Ástæða sé fyrir því að bólusetting sé gegn mislingum. „Hafa þeir huga að engin þeirra sem veiktust af mislingum í þessari lotu eru einstaklingar sem ekki vildu láta bólusetja sig eða áttu foreldra sem vildu ekki láta bólusetja þau,“ bætir hann við.

Nokkur umræða hefur verið um hvort bólusetningar geti valdið einhverfu eða öðrum kvillum. Það er hins vegar margafsannað.

„Bólusetning er ekkert annað en æfing fyrir líkamann til þess að takast á við ákveðnar aðstæður,“ segir Óskar. „Sett er inn í líkamann efni sem hann æfir sig í að berjast við. Á nákvæmlega sama hátt förum við í ræktina til að æfa líkamann til þess að takast á við einhverjar aðstæður. Því má líkja bólusetningu við ræktartíma fyrir ónæmiskerfið. Það sem hefur átt sér stað síðustu daga hefur líklega vakið fólk til umhugsunar um hversu mikilvægar bólusetningarnar eru fyrir íslenska þjóð.“ –sa



Heilsugæslan í Mjódd.

Makrillkvótinn miðast við 10 ár

SJÁVARÚTVEGUR Gefinn verður út makrillkvóti á grundvelli aflareynslu á árunum 2008-2018 að báðum árum meðtöldum. Tíu bestu veiðiár skipaflota landsins gilda við úthlutunina.

Þetta kemur fram í lagafrumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Drög að frumvarpinu voru kynnt í samráðsgátt ríkisstjórnarinnar í gær.



Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Með frumvarpinu er verið að bregðast við makrilldómum Hæstaréttar frá því fyrir júl. Sagði Hæstiréttur reglugerðir um úthlutun veiðiheimilda á makrill hafa verið ósamrýmanlegar lögum. Tvær útgerðir lögðu ríkið í bótamáli en þær áætla tjon sitt árin 2012-2015 á þriðja milljarð króna. Tvö önnur fyrirtæki voru með álika mál fyrir dómstólum og eftir dómana bættust fleiri útgerðir í hópinn.

Frumvarpið á að lágmarka tjon ríkisins. Ellefu stærstu útgerðir landsins fá stærstan hluta kvótans, væntanlega yfir 90 prósent. Samtímis munu eigendur skipa sem fengu úthlutaðan kvóta í tíð reglugerðanna, á kostnað stærri útgerðanna, verða fyrir skerðingu. –jóe

Formaður VR hefði viljað sjá afdráttarlausari niðurstöðu

Naumur meirihluti félagar í VR samþykkti verkfallsaðgerðir sem hefjast eiga þann 22. mars. Stjórnarformaður Gray Line segir niðurstöðuna vonbrigði og ekki til þess fallna að lausn finnist á kjaradeilunni. Formaður VR segir atkvæðagreiðsluna tæpa og að hann hefði viljað sjá meira afgerandi niðurstöðu.

KJARAMÁL Verkfallsaðgerðir VR voru samþykktar í gær með mjög naumum meirihluta. Af þeim 578 einstaklingum sem greiddu atkvæði vildu 302 eða 52,3 prósent fara í verkfallsaðgerðir. Formaður VR segir þetta naumt og hann hefði viljað sjá meira afgerandi niðurstöðu.

Verkfallsaðgerðir félagsmanna munu dreifast frá 22. mars til 1. maí næstkomandi en þá mun ótímabundið verkfall hefjast. Í fyrstu atrennu munu aðgerðirnar leggjast á ferðaþjónustu- og rútufyrirtæki.

„Þessi vinnustöðvun á að beinast að breiðu bókunum. Hins vegar er alveg ljóst að rútufyrirtæki hér á landi hafa verið að tapa fjármunum á síðustu árum,“ segir Þórir Garðarsson, stjórnarformaður Gray Line. „Ástæður þess eru einfaldar, sterkt gengi krónunnar hefur gert okkur lífið leitt, laun voru hækkuð með kjarasamningum árið 2015 og svo var greininni gert að greiða virðisaukaskatt ári seinna. Allt þetta hefur gert það að verkum að rútufyrirtæki geta einfaldlega ekki greitt hærri laun en nú er gert.“

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir þetta vilja félagsmanna. Umræðan í samfélaginu hafi verið óvæginn gegn verkalyðsforystunni.

„Þetta var tæpt og við vissum að það voru skiptar skoðanir innan okkar félags um það hvort ætti að fara í aðgerðir. Félagsmenn okkar eru afar ólíkir samanborið við Eflingu til að mynda. Við vorum búnir að ræða við okkar félagsmenn og fundum að það var líka á brattann að



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir að á brattann hafi verið að sækja í félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það er í sjálfu sér mjög áhugavert að fara í svo stórar aðgerðir með svo naumum meirihluta.

Þórir Garðarsson, stjórnarformaður Gray Line



sækja. Einnig var orðræðan óvæginn í okkar garð, bæði hjá leiðarahöfundum stóru blaðanna og öflugum hagsmunahópum og öflum í samfélaginu,“ segir Ragnar.

Að sögn Ragnars hefði hann viljað að úrslit kosninganna sýndu afdráttarlausari niðurstöðu en telur lýðræðislegast að fara í aðgerðir.

„Ég hefði viljað sjá meira afgerandi afstöðu í þessari kosningu en lýðræðið er þannig að við förum eftir

vilja félagsmanna. Nú förum við í þessar framkvæmdir og vonumst til að viðsemjendur okkar séu tilbúnir til þess að semja við okkur,“ bætir Ragnar við.

„Þetta mun koma sér illa fyrir greinina í heild sinni. Þetta mun hafa alvarlegar afleiðingar og skaða hana. Og það er í sjálfu sér mjög áhugavert að fara í svo stórar aðgerðir með svo naumum meirihluta,“ segir Þórir.

sveinn@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur
að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Veldu Panodil® sem hentar þér!

Verkjastillandi og hitalækkandi

Panodil filmuhúðaðar töflur, Panodil Zapp filmuhúðaðar töflur, Panodil Junior mixtúra, dreifa, Panodil Hot mixtúrudduft, lausn til inntöku, Panodil Brus freyðitöflur. Inniheldur paracetamol. Við vægum verkjum. Hitalækkandi. Til inntöku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



Innovation
that excites

NISSAN NAVARA

EINN BEST ÚTBÚNI PALLBÍLLINN

Nissan Navara er með 190 hestafla vél, 7 gíra sjálfskiptingu, 3.500 kg dráttargetu, gormafjöðrun að aftan og 100% driflæingu sem staðalbúnað.



VIÐ BJÓÐUM NOKKRA NAVARA TEKNA
MEÐ **500.000 KR. AFSLÆTTI**

Um er að ræða takmarkaðan fjölda Navara TEKNA, sem eru hlaðnir lúxusbúnaði, á verði ACENTA.

NISSAN NAVARA TEKNA

VERÐ ÁÐUR: 7.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ 6.990.000 KR.



Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Grafið undan trausti til dómkerfisins

Í annað sinn fellir Mannréttindadómstóll Evrópu tímamótadóm yfir dómkerfinu. Umferðarlagabrot reynast ríkinu þungbær í Strassborg. Dómararnir fjórir sem skipaðir voru andstætt lögum hafa setið í 82 sakamálum. Sakfelld var í 75 tilvikum þeirra.

DÓMSMÁL Mannréttindadómstóll Evrópu dæmir kæranda Landsréttarmálsins ekki skaðabætur og lítur svo á að niðurstæða dómans um brot ríkisins séu fullnægjandi málalyktir fyrir hann. Dómstóllinn leggur það í hendur ríkisins að ákveða, eftir atvikum með eftirliti ráðherranefndarinnar, til hvaða almennu aðgerða verði gripið til að stöðva áframhaldandi brot á 6. gr. Mannréttindasáttmálans í Landsrétti.

Í niðurstöðu sinni leggur MDE út af þeirri málsvörn ríkisins að Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu að kærandiinn hafi fengið réttláta málsmeðferð þrátt fyrir galla á málsmeðferð við skipun eins dómara í máli hans. MDE hafnar þeirri málsvörn í fimm liðum.

Fast kveðið að orði í álitni minnihluta MDE

„Flugstjórinn í málinu (dómsmálaráðherra og síðar þingið) gerir mistök við stjórn, en það er ekki næg ástæða til að skjóta flugvélinu niður (Landsrétt),“ segir í séráttkvæði tveggja dómara í málinu. Líkja þeir málinu við það að opna öskju Pandóru.

Dómararnir tveir, forsetinn Paul Lemmens og Valeriu Gritco, telja að með nálgun sinni fari meirihlutinn á svig við nálagðarreglu Evrópuréttarins með því að hunsar mat Hæstaréttar á innlendum lögum. Þó annmarkar hafi verið á valinu hafi landslögum verið fylgt. „Dómurinn nú mun einnig hafa áhrif á aðildarríki önnur en [Ísland]. Sú spurning mun óumflýjanlega vakna hvort og að hve miklu leyti dómsúrlausnir ríkja geti verið véfengdar á grunni þess að dómurinn hafi ekki verið skipaður með lögmætum hætti, jafn vel þó langt sé liðið frá skipuninni og þar til málið barst dómnum,“ segir í niðurlagi sérálitans.



Mótmælendur komu saman á Austurvelli í gær og kröfðust afsagnar dómsmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjöldi dóma í uppnámi

Dómararnir fjórir sem Sigríður Á. Andersen skipaði en voru ekki í hópi þeirra fimmtán sem hæfnisnefndin mat hæfasta hafa alls kveðið upp 506 dóma og úrskurði frá því að Landsréttur tók til starfa. Í 33 skipti mynduðu fleiri en einn þeirra dóm í slíku máli.

Um 317 úrskurði er að ræða og tæplega 110 einkamál. Að endingu hafa dómararnir kveðið upp 82 dóma í sakamálum. Í 75 tilfellum var sakfelld, tvisvar sýknað og í fimm skipti var máli vísað frá eða heimvísað í héraðsdóm.

Í dómi MDE segir að það sé íslenska ríkisins að finna leiðir til að binda enda á brot þess gegn MSE. Er meðal annars vísað til heimilda í sakamálaöngunum til endurupptöku í þeim tilfellum þar sem brot átti sér stað.

Mannréttindadómstóllinn færði rök fyrir niðurstöðunni í fimm liðum

1. Dómur Hæstaréttar fjallaði um það hvort skipun dómans væri ógild frá upphafi eða hvort dómur hennar væru dauður bókstafur þar sem skipun hennar stóðst ekki lög. Álitafnið, samkvæmt ákvæði sáttmálans, væri hins vegar hvort skipun dómans hefði falið í sér svo svívirðilegt brot ráðherra og Alþingis á lögum um dómstóla og gildandi reglum MSE að málsmeðferð í þessu tiltekna sakamáli gæti talist óréttlát af þeirri ástæðu einni að dómurinn sæti í dómnum.
2. Að skipa ekki dómara við dómstól í samræmi við landslög, eins og áskilið er í 6. gr. MSE, felur eitt og sér í sér brot á ákvæðinu um réttláta málsmeðferð. Það er niðurstöðu málsins óviðkomandi hvort brotin höfðu raunverulega áhrif á málsmeðferðina sem kærandi fékk fyrir Landsrétti.
3. Með því að hafa tekið fjögur

dómaraefni af lista hæfnisnefndarinnar og sett önnur dómaraefni inn í staðinn án þess að leggja sjálfstætt mat á eða afla frekari gagna um dómaraeyslu þeirra sem fjarlægð voru, varð ráðherra brotlegur við þær reglur sem um skipunina áttu að gilda. Brot ráðherrans höfðu að mati dómans grundvallaráhrif á allt skipunarferlið og á valið á þeim dómurum sem skipaðir voru til setu í hinu nýja millidómstigi.

4. Niðurstæða Hæstaréttar um miskabætur til tveggja umsækjenda byggðist á því að ráðherra hefði ekki uppfyllt rannsóknarreglu stjórnsýslulaga um reynslu þeirra fjögurra umsækjenda sem færðust niður á listann til samanburðar við þá fimmtán efstu sem voru á lista ráðherra, þrátt fyrir að hafa fengið ráðgjöf sérfræðinga um nauðsyn slíkrar rannsóknar. Dómurinn dregur

þá ályktun að brot ráðherra leiði ekki eingöngu til þess að málsmeðferðin sé gölluð í heild, heldur hafi ráðherra einnig sýnt reglunum sem virða bar algert skeytingarleysi.

5. Þeim málsmeðferðarreglum sem settar voru um aðkomu Alþingis að skipun dómara á hinu nýja millidómstigi, var sérstaklega ætlað að takmarka aðkomu framkvæmdarvaldsins að skipun dómara við hinn nýja dóm. Lögjafinn hafði ákveðið að þegar skipað yrði í dóminn í fyrsta skipti skyldi Alþingi veitt sérstakt hlutverk. Hæstiréttur túlkadi löggjöfina þannig að Alþingi hefði átt að greiða atkvæði um hvert og eitt hinna fimmtán dómaraefna en ekki eingöngu um listann í heild. MDE segir þá málsmeðferð sem kveðið er á um í reglunum hafa verið ætlað til þess að lágmarka hættu á því að

flokkshagsmunir hefðu ótilhlýðileg áhrif á málsmeðferð við mat á umsækjendum og að lokum staðfestingu af hálfu þingsins. Alþingi hefði brotið eigin löggjöf með því að greiða ekki atkvæði um hvert og eitt dómaraefnanna. Þetta hafi einnig falið í sér alvarlegan ágalla á málsmeðferðinni, með tilheyrandi skaða fyrir trúverðuleika alls ferilsins.

Niðurstæða dómans er sú að ferlið við skipunina hafi í heild sinni brotið í bága við kjarna þeirrar grundvallarreglu réttarríkisins að skipan dómstóla sé ákveðin með lögum, og hafi auk þess verið til þess fallið að skaða það traust sem dómstólar í lýðræðislegu samfélagi þurfa að njóta meðal borgaranna. Að mati dómans myndi önnur niðurstæða jafngilda því að ákvæði sáttmálans um réttláta málsmeðferð veitti enga eða innihaldslausa vernd. – **aá, jóe**

Tveir á toppnum frá Škoda

Škoda Kodiaq hefur slegið rækilega í gegn og Karoq litli bróðir gefur honum lítið eftir. Komdu í reynsluakstur og finndu hvernig er að vera á toppnum. Hlökkum til að sjá þig.

Škoda Kodiaq 4x4

Verð frá 5.790.000 kr.

Škoda Karoq

Ambition / 1.6 TDI / Sjálfskiptur

Tilboðsverð 4.550.000 kr.

Listaverð ~~4.850.000 kr.~~

Afsláttur
300.000 kr.



ŠKODA

Sturtuveisla!



Sturtuhurðir
Breidd:
80 og 90 cm.
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 80cm. **29.544**



Sturtuhorn
Stærðir:
70 x 70 cm.
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 70x70 cm. **30.500**



Sturtuvængir
með lyftilóm
Stærðir:
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
100 x 100 cm.
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 80x80 cm **29.600**



Laus svunta

Sturtuklefar úr hertu öryggisglери, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.

Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.

Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.



Sturtuhorn með botni
Stærðir:
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. **38.900**



Sturtuhorn
Stærðir:
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. **32.107**



8 mm. hert
öryggisglер
með festingum
Stærðir 70 - 120 cm.
Hæð 200 cm.

Verðdæmi 70 cm. **26.190**

Gæði, úrval & gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



- fyrir þitt heimili

Níu milljarða DVD-iðjuver



Ólöf Skafthóttir
olof@frettabladid.is

Tæknin hefur hrist upp í rótgrónum atvinnuvegum. AirBnb selur meira gisti-rými en nokkur annar í heiminum en á ekki eina einustu íbúð og ekki hótél heldur. Fyrirtæki á borð við Uber og Lyft hafa gerbreytt starfsumhverfi leigubílstjóra. Bankar taka stakkaskiptum.

Yfirmenn og eigendur banka standa frammi fyrir því að þurfa að laga sig að breyttum veruleika – þeir geta tekið forystu, leitt breytingar, elt þróunina sem þegar er hafin eða hægt og rólega lagt upp laupana. Samkeppnin fer æ harðnandi og sífellt fleiri taka þátt í henni. Tæknirisar á borð við Apple hafa boðað byltingu í bankaþjónustu í allra nánustu framtíð og bankar, sem eingöngu starfa á netinu, hafa þegar verið stofnaðir víða.

Meira að segja flóknustu fjármálagerningar, svo sem stórar skuldabréfaútgáfur, geta nú farið meira og minna fram gegnum tölvur. Þar sem áður þurfti tugi sérfræðinga, þarf nú aðeins örfáa.

Auðvitað er þetta framtíðin, og hún er þegar gengin í garð hér á landi. Kvika banki kynnti í vikunni sparnaðarreikninga fyrir einstaklinga með 4 prósentu vöxtum. Um er að ræða talsvert hærri vexti en aðrir bankar hér á landi bjóða. Ástæða þess að bankinn getur boðið þessi kjör er einföld. Þjónustan fer eingöngu fram á netinu og því er yfirbyggingin nánast engin; engin útibú og engir þjónustufulltrúar. Nokkrar mínútur tekur að stofna reikninginn.

Á meðan fréttir af nýrri fjármálaþjónustu Kviku berast, heyrast fréttir af framkvæmdum sem hafnar eru við nýjar höfuðstöðvar Landsbankans, banka í ríkiseigu, á einni dýrustu lóð í borginni. Áætlaður kostnaður við höfuðstöðvarnar nemur níu milljörðum króna.

Hugmyndir um nýju höfuðstöðvarnar fyrir neðan Arnarhól eru ekki nýjar. Sumarið 2008, skömmu fyrir hrún, var blásið til hugmyndasamkeppni um byggingu þeirra. Skömmu eftir hrún voru úrslitin svo tilkynnt, en þá þótti ljóst að vinningsstillagan yrði ekki að veruleika – að minnsta kosti ekki um sinn.

Nú, rúmum tíu árum síðar, hefur engum sem hefur með málið að gera dottið í hug að hætta við framkvæmdirnar. Þrátt fyrir að hugmyndin sé á móta framsýn og að ætla sér að reisa 9 milljarða króna DVD-verksmiðju árið 2019.

Nýju höfuðstöðvarnar skulu þannig rísa við hlið Hörpu við Austurhöfn í nafni hagræðingar. Þar ætlar bankinn að reisa 16.500 fermetra byggingu undir sína hefðbundnu starfsemi. Fyrir þetta greiða neytendur, fólkið í landinu, vitaskuld að lokum.

Okkar séríslenska króna er nefnilega ekki eina ástæða hás vaxtastigs og mikils bankakostnaðar í landinu. Alkunna er, að bankakerfið á Íslandi er of umsvifamikil. Fyrirséð er að fækkun verði í stétt bankamanna. Tækninýjungarnar bjóða hagræðingunni heim.

Þá er bara spurningin: Hvaða fólk eiga nýju höfuðstöðvarnar að hýsa?



Á meðan fréttir af nýrri fjármálaþjónustu Kviku berast, heyrast fréttir af framkvæmdum sem hafnar eru við nýjar höfuðstöðvar Landsbankans, banka í ríkiseigu, á einni dýrustu lóð í borginni.

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

Flisabúðin
Stórhöfða 21 | s. 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

Halldór



Frá degi til dags

Deilt við dómara Mannréttindadómstóll Evrópu hefði allt eins reynt að stökkva vatni á gæs í gærmorgun eins og að reyna að vanda um við dómsmálaráðherra vegna skipunar dómara við Landsrétt. Sigríður Andersen stendur keik sem aldrei fyrr og flokksbróðir hennar, Birgir Ármannsson, skilur lítið í þeim þarna í Strassborg sem virðast ekki átta sig á að engar forsendur hafa breyst síðan Sigríður stóð af sér vantrauststillögu stjórnarandstöðunnar í fyrra. Landsréttur virðist þó óttast einhvers konar forsendubrest og skömmu eftir greiningu Birgis var skellt í lás á þeim bænum og engir dómur verða kveðnir upp í Kópavogi á næstu dögum.

Forheimskandi hollusta Dómsmálaráðherra ætlar ekki að segja af sér vegna málsins þrátt fyrir kröfur andstæðinga um slíkt enda dyggilega studd til slímusetu af pólitískum samherjum og bandafólki. Blaðamaðurinn Jakob Bjarnar bendir á að sá hljómur í stuðningsliðinu gæti verið holar þegar hann leyfir sér á Facebook að fullyrða að þeir sem sjá ekki ástæðu fyrir Sigríði til að víkja núna „væru gersamlega fröðufellandi ósamála sjálfum sér ef um væri að ræða flokkspólitískan andstæðing í sömu stöðu“. Niðurstaðan: „Flokks-hollusta er ekki bara forheimskandi; hún er niðurlægning vitsmuna.“
thorarinn@frettabladid.is

Það er nú eða aldrei



Hanna Katrín Friðriksson
þingflokksformaður
Viðreisnar

Íslenskir nemendur hafa safnast saman á Austurvelli undanfarna föstudaga til að krefjast aðgerða í loftslagsmálum. Með þessu eru íslensk ungmenni að taka þátt í bylgju loftslagsverkfalla víða um heim í kjölfar framtaks ungrar sænskrar skólástúlku, Gretu Thunberg, sem þegar er búin að stimpla sig inn sem einn af áhrifaríkustu einstaklingum heims þegar kemur að umhverfisvernd. Saga hennar er í raun magnað dæmi um hversu litla þúfu þarf til að velta þungu hlassi.

Skilaboðin frá þessari alþjóðlegu hreyfingu ungs fólks eru skýr; það krefst þess að stjórnvöld bregðist við neyðarástandi í loftslagsmálum með auknum aðgerðum. Íslensk stjórnvöld eru hvött til þess að taka af skarið, hlusta á vísindamenn og láta auknið fjármagn renna beint til loftslagsaðgerða. Þó skilaboðum unga fólksins sé fyrst og fremst beint til stjórnvalda er deginum ljósara að atvinnulífið þarf líka að axla ábyrgð í þessum málum. Þá þarf viðvarandi viðhorfsbreyting að eiga sér stað meðal almennings.

Á þeim tæpu þremur árum sem liðin eru frá því að Viðreisn varð til sem formlegt stjórnmálaafl höfum við lagt mikla áherslu á að flétta jafnréttis-áherslur inn í allt okkar málefnaverki. Við þurfum ekki að minna okkur á mikilvægi jafnréttis, sú sannfæring okkar er samofin við allt sem við segjum og gerum. Þannig viljum við líka nálgast umhverfismálin. Ekki sem sérstakan málefna-flokk sem er stundum hampað en verður oftar en ekki út undan, heldur með áherslu á sjálfbæra þróun sem byggir á samþættingu umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta. Þegar lítið er til þess sem við vitum um áhrif loftslagsbreytinga á náttúruauðlindir, fæðuöryggi, atvinnuhætti og búsetu þá liggur hin ískalda staðreynd fyrir. Ef við náum ekki árangri í umhverfismálum, þá skiptir annað litlu máli.

Við breytum ekki fortíðinni, en við þurfum að breyta núinu til að tryggja að það verði framtíð.



Ef við náum ekki árangri í umhverfismálum, þá skiptir annað litlu máli.

56% landsmanna vilja evru; er ekki mál til komið að sinna því!?



Ole Anton Bieltvedt

Í október sl. kom fram í Gallup-könnun, að 56% Íslendinga eru hlynt upptöku evru.

Skýr meirihluti þjóðarinnar vill því loks fá stöðugan og traustan gjaldmiðil, sem við getum reitt okkur á, hvernig sem viðrar í efnahagsmálum, og umfram allt, tryggir okkur lágmarksvexti, eins og allir aðrir Evrópubúar njóta.

Meðan Evrópubúar borga sína íbúð 1,5 sinnum, með vöxtum, eru menn hér að greiða sína íbúð 3-4 sinnum, vegna okurvaxta.

Í Bretlandi greiddu 52% þeirra, sem atkvæði greiddu, atkvæði með því, að þjóðin gengi úr ESB. Þar hefur síðan verið talað um „vilja fólksins“, og að fullnægja yrði „vilja fólksins“, af virðingu við lýðræðið, jafnvel þó að í ljós hafi komið, að úrgangan sé hið mesta feiðarflan.

Audvitað er munur á Gallup-könnun og þjóðaratkvæði, en engu að síður finnst mér með ólíkindum, hvernig stjórnmálamaður og Alþingi leida hjá sér þessa skýru meldingu landsmanna í þessu veigamikla máli.

Skilja stjórnmálamaður ekki, að gjaldmiðlamálið er sennilega stærsta einstaka hagsmunamálið þjóðarinnar?

Aðgerðarleysi stjórnmálanna

og virðingarleysi við skilaboðin, sem Gallup-könnunin sendir, leiddi til þess, að ég fór sjálfur – með hjálp góðra manna – að setja mig inn í gjaldmiðlamálið.

Ég átti fund með fjórum háttsettum embættismönnum ESB í Brussel 20. nóvember sl. til að kanna stöðu Íslands hjá ESB, bæði með tilliti til aðildar og upptöku evru. Ég skrifaði svo grein um þessa heimsókn, sem birtist í Fréttablaðinu og á Vísí þann 5. desember sl.

Í framhaldi af því, bað ég – með góðfúslegri aðstoð sendiherra ESB á Íslandi – um fund með Seðlabanka Evrópu í sama skyni. Fundurinn fór fram 14. janúar sl.

Ég hitti 2 yfirhagfræðinga bankans, auk helsta ráðgjafa hans gagnvart nýjum aðildarríkjum og nýjum evru-umsóknaraðilum.

Sagði hann, Michel Sturm, sem hann heitir, að Ísland væri frjálst að því að taka einhliða upp evru, án fullrar ESB-aðildar og án samvinnu og samráðs við ESB og Seðlabanka Evrópu, en hann sagðist alls ekki mæla með því.

Í fyrsta lagi væri þá enginn stuðningur bankans við Ísland til staðar, ef tímar versnuðu og landið þyrfti á efnahagslegum stuðningi að halda, en fullgildir evru-aðilar nýtu slíks stuðnings í ríku mæli, auk þess, sem slík einhliða upptaka myndi torvela og flækja endanlega aðildarsamninga Íslands stórléga, ef og þegar til þeirra kæmi.

Aðalráðgjafinn mælti eindregið með því, að Ísland myndi fara þá leið, sem sáttmálinn segði til um; ljúka aðildarsamningum, sem hann taldi persónulega að þyrfti ekki að

taka mjög langan tíma, ef Íslendingar beittu sér í málinu, og svo fara í evru-upptökuferlið.

Eftir að við höfðum farið í gegnum stöðu Íslands með tilliti til skilyrða Maastricht-samningsins, virtist leið í evru greið. Ísland stendur í þessu tilliti mjög vel.

Ég lagði þá spurningu fyrir fundinn, hvernig lítið væri á ESB-aðildarumsókn Íslands í bankanum. Bankamennirnir kusu að svara því ekki. Sjálfur sagðist ég telja, að aðildarsamningar væru bara í biðstöðu, og að bréf utanríkisráðherra (Gunnars Braga) frá 12.03.15 hefði lögformlega ekki rift samningaumleitunum heldur aðeins sett þær í biðstöðu, þar sem samþykki Alþingis fyrir bréfinu hefði ekki fengist.

Ef þessi túlkun reynist rétt, er auðvitað einfalt og fljótlegt að taka upp samningaþráðinn við ESB að nýju.

Niðurstaða mín, hvað tímalengd varðar, eftir þennan fund, er sú sama og eftir fundinn í Brussel; 2 ár til að ljúka samningum og 1 ár til að koma krónunni í ERM2-tengingu (eins og danska krónan hefur). Svo 2 ár til viðbótar til að fá evruna endanlega.

Eftir 3 ár væri krónan þannig komin með styrk evru, í gegnum ERM2-mekanismann, sem myndi tryggja stöðugleika, sem við höfum aldrei kynnt eða búið við. Væntanlega myndu vextir líka lækka snarlega við þetta.

Eftir að hafa skoðað þessi mál rækilega, bæði hjá ESB í Brussel og hjá Evrópska seðlabankanum í Frankfurt, vil ég með þessari grein gera mönnum það ljóst, ekki sízt þessum 56% evru-sinna, að eina góða leiðin í evruna er full aðild að ESB, en þegar það er sagt, verður að hafa í huga, að við erum nú þegar

80-90% í ESB, í gegnum EES-samninginn og þátttöku okkar í Schengen-samkomulaginu, en alveg án áhrifa.

Það vantar því lítið upp á, og snúast lokaspurningarnar um landbúnað og sjávarútveg. Bæði Finnar og Svíar fengu undanþágur í landbúnaðarmálum, vegna „norrænnar legu“, sem við myndum eflaust líka fá, og Malta hélt fullum yfirráðum yfir sínum fiskimiðum við inngöngu í ESB á grundvelli þeirrar staðreyndar, að þeir hefðu einir stjórnað og stundað veiðar á þessum fiskimiðum í gegnum söguna. Það eru yfirgnæfandi líkur á því, að við gætum samið við ESB með sama hætti.

Við fulla inngöngu í ESB fengjum við okkar eigin kommissar í Brussel og 6 þingmenn á Evrópuþingið; Íslendingar gætu loks farið að láta að sér kveða í Evrópumálum og haft áhrif á evrópska lagasetningu.



UMHVERFIS
STOFNUN

Lokun við Fjaðrárgljúfur framlengd

Vegna hættu á gróðurskemmdum og í öryggisskyni fyrir gesti verður Fjaðrárgljúfur í Skaftárhreppi lokað ferðafólki að óbreyttu til 1. júní nk.

Ákvörðunin er tekin samkvæmt 25. gr. a. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Nánari upplýsingar á umhverfisstofnun.is



NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



BMW 640 D Grand Coupe

Nýskr. 5/2014, ekinn 23 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 7.990.000 kr.

Rnr. 420044.



JAGUAR XE 180d Prestige AWD

Nýskr. 6/2017, ekinn 16 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 4.990.000 kr.

Rnr. 145285.



JAGUAR F-PACE Prestige

Nýskr. 6/2017, ekinn 44 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 7.990.000 kr.

Rnr. 103845.



LAND ROVER Discovery 4 SE TDV6

Nýskr. 3/2015, ekinn 103 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 6.590.000 kr.

Rnr. 145712.



LAND ROVER Discovery 5 SE TDV6, 32" breyting

Nýskr. 10/2017, ekinn 19 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 12.490.000 kr.

Rnr. 420042.



RANGE ROVER VOGUE TDV6

Nýskr. 2/2017, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 15.490.000 kr.

Rnr. 145679.



LAND ROVER Defender

Nýskr. 1/2010, ekinn 176 þús. km, dísil, beinskíptur.

Verð 4.290.000 kr.

Rnr. 420040.



RANGE ROVER VOGUE SDV8

Nýskr. 8/2016, ekinn 41 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð 16.490.000 kr.

Rnr. 420043.

APPROVED

CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðiferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER

Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

Aldrei efast um Cristiano Ronaldo



Verkefni Juventus virtist ómögulegt fyrir kvöldið eftir að hafa tapað gegn Atletico Madrid 0-2 í fyrri leiknum en hið ólseiga lið Juventus með Cristiano Ronaldo í fararbroddi náði að snúa einviginu sér í hag. Ronaldo skoraði tvívegis með skalla áður en hann skaut Juventus inn í átta liða úrslitin með vítaspyrnu undir lok leiksins og um leið gömlu erkifjendunum í Atletico Madrid út úr keppninni þetta árið. NORDICPHOTOS/GETTY

Nýjast

Olís-deild kvenna



ÍBV - Stjarnan 25-23

Markahæstar: Arna Sif Pálsdóttir 7, Ester Óskarsdóttir 4, Karólína Bæhrenz 4, Kristrún Hlynisdóttir 4 - Þórey Anna Ásgeirsdóttir 8, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 4.

Fram - Selfoss 25-24

Markahæstar: Ragnheiður Júlíusdóttir 7, Þórey Rósa Stefánsdóttir 4, Karen Knútsdóttir 4 - Kristrún Steinþórsdóttir 5, Perla Ruth Albertsdóttir 4.

HK - Haukar 26-22

Markahæstar: Diana Kristín Sigmarisdóttir 10, Sigríður Hauksdóttir 6, Hafðis Shizuka Iura 3 - Berta Rut Harðardóttir 5, Hekla Rún Ámundadóttir 4, Maria Pereira 3.

Valur - KA/Þór 30-18

Markahæstar: Ragnhildur Edda Þórðardóttir 5, Lovisa Thompson 5, Íris Ásta Pétursdóttir 5 - Sólveig Lára Kristjánsdóttir 4, Martha Hermannsdóttir 4.

Efri	Neðri
Valur 30	KA/Þór 17
Fram 29	Stjarnan 11
Haukar 23	HK 9
ÍBV 21	Selfoss 4

Meistaradeild Evrópu



Man. City - Schalke 7-0

1-0 Sergio Aguero, víti (35.), 2-0 Aguero (38.), 3-0 Leroy Sane (43.), 4-0 Raheem Sterling (57.), 5-0 Bernardo Silva (71.), 6-0 Phil Foden (78.), 7-0 Gabriel Jesus (84.).

Manchester City vinnur einvigið 10-2 samanlagt.

Juventus - Atl. Madrid 3-0

1-0 Cristiano Ronaldo (27.), 2-0 Ronaldo (48.), 3-0 Ronaldo, víti (86.).

Juventus vinnur einvigið 3-2 samanlagt.

Tækifæri



SIEMENS

Kæli- og frystiskápar, iQ300

„hyperFresh“-skúffa sem tryggir ferskleika grænmetis og ávaxta. Þrjár frystiskúffur, þar af ein stór („bigBox“). Hraðfrysting. H x b x d: 176 x 60 x 65 sm.

Tækifærisverð (stál): KG 33VI31
Tækifærisverð (hvítur): KG 33VXW30
79.900 kr.
Fullt verð: 107.900 kr.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Skrýtið að mismuna mönnum eftir þessu

KÖRFUBOLTI Um helgina fer körfuknattleiksþing KÍ fram í 53. sinn í Laugardalnum þar sem fulltrúar frá aðildarfélögum sambandsins sitja og ræða framtíð KÍ. Sambandið birti í vikunni þinggögnin þar sem koma fram tillögur félaga til reglubreytinga.

Sindri frá Höfn í Hornafirði leggur til breytingu á 18. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót en samkvæmt greininni eru félögum lagðar línur um að aðeins megi einn erlendur leikmaður vera inni á vellinum hverju sinni sem er ekki ríkisborgari lands innan ESB eða EES. Hér áður var liðum óheimilt að hafa meira en einn erlendan leikmann inni á vellinum hverju sinni samkvæmt 4+1 reglunni en eftir að eftirlitsstofnun EFTA tilkynnti íslenskum stjórnvöldum að þessi regla væri brot á reglum um evrópska efnahagssvæðið var reglunni breytt og var félögum frjálst að tefla fram eins mörgum erlendum leikmönnum sem koma frá ESB ríkjum og þau vildu.

Sindri vill breyta reglunni og setja alla evrópska leikmenn undir sama hatt í stað þess að það skipti máli hvort land viðkomandi leikmanns sé innan Evrópusambandsins.

„Þetta kemur upp hjá okkur í ljósi þess að Ivan Kekic, Serbi sem kom til Íslands fyrir þremur árum til að vinna, vildi spila körfubolta

Grunnhugmyndin er að það sé skrýtið að mismuna mönnum eftir því hvort ríki séu í ESB.

Hjálmar Jens Sigurðsson, formaður körfuknattleiksdeildar Sindra

með vinnunni en hann telst núna sem Kani á pappirunum. Þegar við sömdum við bandarískan leikmann í haust minnkaði hlutverk hans hjá okkur undir eins. Grunnhugmyndin hjá okkur er að það sé skrýtið að mismuna mönnum eftir því hvort ríki sé innan ESB,“ sagði Hjálmar Jens Sigurðsson, formaður körfuknattleiksdeildar Sindra, í samtali við Fréttablaðið.

„Við höfum rætt þetta við nokkra aðila. Þetta ætti líka að auðvelda liðum að finna leikmenn fyrir betra verð efla leikmenn standa til boða. Fyrir okkur er þetta líka tækifæri til að geta boðið mönnum að koma hingað að spila og vinna, það gefur landsbyggðarliðunum fleiri möguleika. Við erum enn með mjög brothætt lið, ef það detta út 2-3 leikmenn þá er leikmanna-höpurinn orðinn full þunnskipaður en við stefnum að því að setja upp akademíu hérna með framhaldsskólanum til að reyna að fá unga leikmenn hingað.“ – kpt



Bæjarar þurfa að hafa góðar gætur á Mohamed Salah á Allianz Arena enda væri útvallarmark gulls igildi fyrir Liverpool í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

Eftir bragðdauf jafntefli verður allt undir í kvöld

FÓTBOLTI Það er allt undir í kvöld þegar tveir leikir fara fram í Meistaradeild Evrópu. Í Barcelona taka heimamenn á móti franska liðinu Lyon og í Bæjaralandi mætir Jürgen Klopp með lærisveina sína í Liverpool á heimavöll Þýskalandsméistaranna, Bayern München. Eftir markalaust jafntefli í fyrri leik liðanna er það ljóst að útvallarmark er gulls igildi í kvöld þó að vellirnir séu erfiðir heim að sækja fyrir Lyon og Liverpool.

Silfurhafar síðasta árs, Liverpool, hafa verið að hökta í deildinni heima fyrir undanfarnar vikur en það ætti að henta þeim að geta setið aftar á vellinum og reynt að nýta hraða fremstu manna til að finna mikilvægt útvallarmark.

Liverpool fær besta leikmann liðsins aftur inn, Virgil van Dijk, eftir að Hollendingurinn tók út leikbann í fyrri leik liðanna og er nokkuð víst að hann taki sér stöðu við hlið Joels Matip í miðri vörn Liverpool í kvöld.

Ólíkt Liverpool hefur Bayern verið að nálgast sitt fyrra form og eru komnir á toppinn í þýsku deildinni. Niko Kovac, sem var undir mikilli pressu í byrjun tímabilsins, virðist hafa fundið lausnir því Bæj-

arar hafa unnið stórsigra í síðustu tveimur leikjum gegn Borussia Mönchengladbach og Wolfsburg, liðum sem eru að berjast um sæti í Meistaradeildinni á næsta tímabili, samanlagt 11-1. Bayern hefur komist í undanúrslitin sex sinnum í síðustu sjö tilraunum og er sú krafa gerð til lærisveina Kovac að þeir fari áfram í kvöld.

Sagan er Lyon ekki hliðholl fyrir leikinn í kvöld en þetta verður átunda viðureign liðanna og hefur Lyon aldrei tekist að vinna Barcelona. Til þessa hefur Barcelona unnið fjóra leiki, þar af alla þrjá á Nývangi en þetta er annað lið Lyon sem mætir til leiks í kvöld.

Franska liðið fær fyrirliða sinn og einn af bestu leikmönnum liðsins, Nabil Fekir, aftur inn í liðið eftir að hann tók út leikbann í fyrri leik liðanna. Með Fekir innanborðs kom þetta lið á óvart og vann 2-1 sigur á Etihad-vellinum fyrir á þessu tímabili svo að það skyldi enginn afskrifa Lyon.

Pressan er á Barcelona enda með lið sem er talið að geti farið alla leið í keppninni í ár eftir fjögur mögur ár þar sem Börsungar hafa þurft að horfa á eftir titlinum til erkifjenda sinna í Real Madrid. – kpt

Ársfundur Bændasamtaka Íslands 2019



Ársfundur Bændasamtaka Íslands verður haldinn á Hótel Örk í Hveragerði **föstudaginn 15. mars**. Í kjölfar fundarins verður haldin opin ráðstefna þar sem rætt verður um sérstöðu íslensks landbúnaðar.

Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, formaður BÍ, setur ráðstefnuna og **Katrín Jakobsdóttir** forsætisráðherra flytur ávarp.

Hver er sérstaða íslensks landbúnaðar?

Dagskrá

föstudaginn 15. mars
kl. 13.00-16.00

Einstök staða íslensks landbúnaðar er varðar smitsjúkdóma og sýklalyfjaógnæmi

Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði við Landspítalann

Hvernig tölum við um lýðheilsu og matvælaframleiðslu?

Eiríkur Már Guðleifsson, viðskiptastjóri á auglýsingastofunni Hvíta húsinu

Lífæra ræktun – Hvert er lífræn framleiðsla að stefna í heiminum?

Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður VOR, Verndun og ræktun – félags framleiðenda í lífrænum búskap

Ný tækifæri í landbúnaði og sölu á afurðum bænda

Örn Karlsson, bóndi á Sandhóli í Meðallandi

Íslenska ullin: vannýtt auðlind

Hulda Brynjólfsson, bóndi og eigandi smáspunaverksmiðjunnar Uppsuna

REKO á Íslandi – sala á búvörum í gegnum Facebook

Oddný Anna Björnsdóttir, verkefnastjóri hjá Matarauði Íslands

Þallborðsumræður fyrir kaffihlé og að erindum loknum

Ráðstefnustjóri er Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands



bondi.is

FORD ECOSPORT HÁSETINN

Ford EcoSport býður upp á mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður. Þú situr líka hærra og það er mun þægilegra að ganga um bílinn.

Ford EcoSport Titanium S er sérlega vel búinn m.a. leðuráklæði á sætum, 17" álfelgum, Xenon aðalljósum, 8" snertiskjá, tölvustýrðri loftkælingu, 7 hátölurum, bakkmyndavél, SYNC3 hljómtækjum með raddstýringu og neyðarhringingu, ESP stöðugleikakerfi með spólvörn, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.

VERÐ FRÁ: 3.910.000 KR.

FORD ECOSPORT TITANIUM S SJÁLFSKIPTUR: TILBOÐ:

3.470.000 KR.

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford EcoSport



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshófa 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söluheildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

TÍMAMÓT



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, systir og amma,
Guðrún Guðmundsdóttir

lést á krabbameinsdeild Landspítalans laugardaginn 9. mars. Útförin fer fram frá Selfoskirkju föstudaginn 15. mars kl. 14.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styrkja Krabbameinsfélag Árnessýslu.

Óskar Marelsson
Sveinn Viðar Hjartarson
Kolbrún Eir Óskarsdóttir **Arnar Guðmundsson**
Arnar Freyr Óskarsson
Valgerður Jónsdóttir
Auðbjörg Guðmundsdóttir
systkini og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Ásbjörn Þórarinnsson

Víkurbraut 30, Höfn í Hornafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði föstudaginn 8. mars. Útförin fer fram frá Hafnarkirkju laugardaginn 16. mars kl. 10.30.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs.

Vigdís Halldóra Vigfúsdóttir
Sonja Guðrún Ásbjörnsdóttir **Ingi Þór Sigurgeirsson**
Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson **Fjóla Hrafnkelsdóttir**
Birnir Vilhelm Ásbjörnsson **Silja Gylfadóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir og amma,
Sigríður María Jónsdóttir

Krökavaði 21,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 7. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 14. mars kl. 13.00.

Árni Andersen
Pétur Mór Ólafsson **Nína Sif Pétursdóttir**
Karvel Halldór Árnason **Linda Sóley Halldórsdóttir**
Margrét Árnadóttir
Eypór Árnason **Ása Óðinsdóttir**
og barnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Hugufrún Kristjánsdóttir

frá Patreksfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði, Höfn, miðvikudaginn 6. mars sl.

Útför hennar fer fram frá Hafnarkirkju, Höfn í Hornafirði, laugardaginn 16. mars nk. kl. 14.00.

Sigfús Benediktsson
Kristján Rafn Heiðarsson **Hildur Helga Gísladóttir**
Heimir Örn Heiðarsson **Konný Sóley Guðmundsdóttir**
Guðbjörg Elin Heiðarsdóttir
Hreggviður Heiðarsson **Hildur Eiríksdóttir**
Ásrún Heiðarsdóttir
Heiðrún Heiðarsdóttir **Iliás Karl Moustacas**
Halldóra Heiðarsdóttir **Halldór Grétarsson**
Elin Þórdís Heiðarsdóttir
Áspór Guðmundsson
Benedikt Sigfússon
Guðbjörg Sigfúsdóttir
Ásta Margrét Sigfúsdóttir **Oddur Elfar Sveinsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

Ás fékk góða gjöf frá Ægi

Tvær fullkomnar baðlyftur sem Lionsklúbburinn Ægir gaf styrktarfélaginu Ási í tilefni sextugsafmæla beggja félaganna reynast þarfapung á vinnustofu Áss í Ögurhvarfi.

Þetta var mjög rausnarleg gjöf og nýtileg er hún," segir Gróa Rán Birgisdóttir, iðjuþjálfari hjá Ási vinnustofu í Ögurhvarfi í Kópavogi, um tvær loftlyftur sem Lionsklúbburinn Ægir gaf þangað. Öryggismiðstöðin setti þær upp á tveimur stærstu salernum vinnustofunnar. Þar eru þær notaðar af sex manneskjum oft á dag og stöku sinnum fleirum, enda standa þær öllum til boða.

„Við vorum áður með segllyftara á hjólum, en þessar loftlyftur eru miklu fyrirferðarminni, sveigjanlegri og þjalli í notkun," segir Gróa. „Fólk upplifir sig líka öruggara í þeim og svo er auðveldara fyrir okkur sem hjálpum fólki á salerni að passa upp á réttar vinnustellningar og álag.“ Hún segir hægt að einstaklingsmiða þjónustuna með því að nota segl sem séu mismunandi að stærð og lögun.

Segja má að um tvöfalda afmælisgjöf sé að ræða því bæði Lionsklúbburinn Ægir og Styrktarfélagið Ás urðu sextug á síðasta ári.

Á vinnustofunni í Ögurhvarfi eru rúmlega 130 fatlaðir starfsmenn í mismunandi háu starfshlutfalli. „Þetta er stór vinnustaður og margt skemmtilegt í mótun," segir Gróa. „Fólk kemur hvaðanæva til að vinna hér og hefur fjölgað hratt hjá okkur.“ Hún segir marga leiðbeinendur á staðnum af ýmsum stéttum en hún sé fyrsti iðjuþjálfinn sem sé ráðinn þar inn og sé að vissu leyti í brautryðjendastarfi. „En að sjálfsögðu vinn ég í góðu og nánú samstarfi við þroskaþjálfana hér og fleiri fagstéttir. Það sem ég er að gera nýtt er að ég legg til dæmis áherslu á að meta hæfni fólks til að vinna ákveðin verk.“

Virknihópar eru meðal þess sem Gróa nefnir í starfi Áss vinnustofu, hún kveðst, í samvinnu við annan leiðbeinanda, sjá um einn slíkan sem annist umhverfisverkefni í Fossvogskirkjugarði, það snúist um að taka í sundur gamla leiðiskransa og flokka grenið í lífrænt og virana í málm. „Þetta er vinna sem starfsfólk garðsins innti af hendi áður. Það er markmið okkar að tengja fólkið hér út í samfélagið, um það má lesa nánar á heimasíðu félagsins, styrktarfélag.is," segir hún.

Gróa getur þess til fróðleiks að Ás styrktarfélag sé sjálfseignarstofnun, það reki vinnustofur víðar en í Ögurhvarfi, svo sem Bjarkarás og Lækjarás í Stjórnugróf, og einnig nokkur heimili. gun@frettabladid.is



Gróa Rán og Sóley Patricia Tedsdóttir við aðra lyftuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ÞETTA GERÐIST: 13. MARS 1983

Kvennalistinn var stofnaður

Kvennalistinn (Samtök um kvennalista) var stofnaður þennan mánaðardag árið 1983. Forverar listans voru kvennaframbóðin í Reykjavík og á Akureyri sem fengu fulltrúa kjörna í sveitarstjórnarkosningum árið 1982.

Kvennalistinn bauð fram til Alþingis í þremur kjördæmum árið 1983 og fékk 5,5 prósent atkvæða og þrjár konur á þing. Það voru þær Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Kristín Halldórsdóttir.

Í kosningunum 1987 nær tvöfaldaði flokkurinn fylgi sitt og fékk 10,1 prósent atkvæða og sex konur á þing. Árið 1991 tapaði listinn einu sæti og árið 1995 kom hann einungis þremur konum á þing. Kvennalistinn sameinadist Alþýðuflokkki og Alþýðubandalaginu til að mynda Samfylkinguna árið 1998.



Kristín Ástgeirsdóttir, Guðrún Erla Geirsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Elisabet Guðbjörnsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Kristín Jónsdóttir. MYND/E.ÓL

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 13. mars 2019

10. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX
OYSTER PERPETUAL
DATEJUST 41

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

Fái fleiri fjárfesta að borðinu

91

milljarður er áætluð fjárfesting á Keflavíkurflugvelli til ársins 2022

Yfir helmingur evrópskra flugvalla er að hluta eða að fullu í eigu annarra en stjórnvalda. Forstjóri GAMMA segir erfiðan rekstur flugfélaganna sýna að flugrekstur sé í eðli sínu áhættusamur. Ríkið verði að ihuga að draga sig út úr áhætturekstri í Leifsstöð. »8-9



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



»2 Klinískar rannsóknir hafnar á fyrsta lyfi Alvotech

Markaðssetning líftækni lyfsins, sem er söluhæsta lyf heims, hefst fljótlega eftir að rannsóknum lýkur. Yfir 100 vísindamenn ráðnir til viðbótar á Íslandi á næstu tólf mánuðum. Árleg velta gæti orðið um 150 milljarðar króna innan fárra ára.

»4 Óvist hvort af hlutafjárútbóði Icelandair verður

Til greina kemur að efna ekki til hlutafjárútbóðs gangi salan á Icelandair Hotels vel og það verði ekki „freakari breytingar á samkeppnisumhverfinu“. Enn meiri þrýstingur á hagræðingu vegna verkfalla og kyrrsetningar á þremur Boeing MAX 8 vélum, segir sérfræðingur Capacent.

»9 Tæknin gerir stórfyrirtæki valtari í sessi

Ritstjóri tæknitimaritsins WIRED í Bretlandi segir að ekkert fyrirtæki sé óhult fyrir þeim breytingum sem tækni framfarir hafa í för með sér. Erfiðara sé að halda ráðandi stöðu á mörkuðum.

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500

Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Reynir selur tíu prósentu hlut í Creditinfo Group

Breski fjárfestingasjóðurinn Actis, sem sérhæfir sig í fjárfestingum á vaxtarmörkuðum, hefur aukið við hlut sinn í Creditinfo Group úr tíu prósentum í 20 prósent.

Heimildir herma að sjóðurinn hafi alls fjárfest fyrir 17 milljónir evra, jafnvirði 2,3 milljarða króna, í Creditinfo. Við kaupin mun Ali Mazanderani, meðeigandi hjá Actis, taka sæti í stjórn fyrirtækisins.

Actis fjárfesti upphaflega í Creditinfo árið 2016. Fyrirtækið er leiðandi fjárfestir í Asíu, Afríku og Rómönsku-Ameríku. Fjárfestingasjóðurinn keypti nú tíu prósentu hlut af Reyni Grétarssyni, stofnanda og stjórnarformanni fyrirtækisins, sem á 68 prósentu hlut eftir sölu.

Creditinfo hefur sótt fram á vanþróaðri mörkuðum sem eru í örum vexti. Fyrirtækið hefur opnað yfir 30 starfsstöðvar í fjórum heimslfum,

Reynir Grétarsson, stjórnarformaður Creditinfo.

þar af rekur það ellefu skrifstofur í Afríku, og er með viðskipti í 45 löndum. Fram hefur komið í Markaðnum að félagið hafi vaxið um 15 prósent á ári býsna lengi. Veltan var um 38 milljónir evra í fyrra, jafnvirði 5,2 milljarða króna.

Það aðstoðar lánastofnanir við að stýra áhættu tengdri útlánum. Gögnum er safnað og breytt í upplýsingar sem eru notaðar við ákvarðanatöku.

„Ákvörðun Actis um frekari fjárfestu í Creditinfo styður við og styrkir viðskiptaáætlanir fyrirtækisins,“ segir Reynir í tilkynningu. „Við höldum áfram að efla starfsemi okkar og útvíkka á mörkuðum þar sem tækni okkar styður við markmið viðskiptavina fyrirtækisins um vöxt og skjóta aðlögun að aðstæðum.“

– hvj

Sala Domino's á Íslandi jókst um fjögur prósent

Sala Dominos's á Íslandi jókst um 4,2 prósent á síðasta ári, samkvæmt bráðabirgðauppgjöri sem breska móðurfélagið, Domino's Pizza Group, birti í kauphöllinni í Lundúnum í gær. Ekki er upplýst um hver hagnaður íslenska félagsins hafi verið í fyrra en teknið er fram í uppgjöri að reksturinn hafi verið arðbær.

Salan hér á landi jókst um 1,4 prósent á samanburðargrundvelli (e. like-for-like) á árinu og státar Domino's á Íslandi enn af því að vera með hæstu meðaltalssölu á hvern pitsustað sé litið til allra markaða móðurfélagsins.

Eins og fram hefur komið nam vörusala Pizza-Pizza ehf., sem á og rekur Domino's á Íslandi, tæpum 5,5 milljörðum króna árið 2017 en



Áfram er vöxtur í sölu Domino's á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

sama ár hagnaðist félagið um 2,2 milljarða króna sem skýrist að langmestu leyti af söluhagnaði eignarhluta upp á meira en 1,7 milljarða króna.

Domino's Pizza Group bætti sem kunnugt er við hlut sinn í Pizza-Pizza í lok árs 2017 og á nú ríflega 95 prósentu hlut í félaginu. – kjj

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hördur Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

VIÐ ERUM GÓÐIR Í GÍRUM



Drifbúnaður

- 0,12 - 200 kW
- 10 - 200.000 Nm
- 0,01 - 1.100 RPM
- Sniðið að þínu þörfum

SEW
EURODRIVE

Áratuga reynsla og þýsk nákvæmni



VARMA & VÉLAVERK EHF.

Vandað og varanlegt

Knarrarvogi 4 104 Rvk. Sími 585 1070 vov@vov.is www.vov.is



Róbert Wessman, stofnandi og stjórnarformaður, Alvotech. FRÉTTABLAÐIÐ/AÐSEND MYND

Klínískar rannsóknir á fyrsta lyfi Alvotech

Markaðssetning líftæknylfsins, sem er söluhæsta lyf heims, hefst fljótlega eftir að rannsóknum lýkur. Yfir 100 vísindamenn ráðnir til viðbótar á Íslandi á næstu tólf mánuðum. Árleg velta Alvotech gæti orðið um 150 milljarðar.

Líftæknyfyrirtækið Alvotech hefur nú hafið klínískar rannsóknir á sínu fyrsta lyfi. Um er að ræða líftæknylfshliðstæðu lyfsins Humira sem er í dag söluhæsta lyf heims og selst fyrir um 20 milljarða Bandaríkjadala á ári, jafnvirði 2.400 milljarða íslenskra króna.

Gert er ráð fyrir að markaðssetning lyfsins, sem hefur reynst árangursríkt við meðferð á ýmsum sjálfsofnæmissjúkdómum, eins og liðagigt og psoriasis, hefjist fljótlega eftir að klínískum rannsóknum lýkur. Um 400 manns taka þátt í rannsókninni á 30 stöðum vítt og breitt um Evrópu. Alvotech mun framleiða og selja lyfið með samstarfsaðilum sínum á öllum lyfjamörkuðum heims en gangi áætlanir eftir fer lyfið í sölu á næsta ári.

Róbert Wessman, stofnandi og stjórnarformaður Alvotech, segir það stóran áfanga fyrir fyrirtækið að hefja klínískar rannsóknir.

„Nú eru átta ár síðan við hófum undirbúning á þróun og framleiðslu líftæknylfja og aðeins um þrjú ár síðan hátæknisetur Alvotech opnaði í Vatnsmyrinni. Markmið okkar er að hátæknisetur fyrirtækisins verði leiðandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu líftæknylfja og að aðgengi sjúklinga að hágæða lyfjum

150

milljarðar er áætlað að árleg velta Alvotech verði þegar öll lyf félagsins verða komin á markað á næstu árum.

aukist enn frekar,“ segir Róbert. Samkvæmt heimildum Markaðarins gera áætlanir Alvotech ráð fyrir því að árlegar tekjur geti orðið um 150 milljarðar króna innan fárra ára þegar lyf fyrirtækisins eru komin á markað. Alls eru sex líftæknylf í þróun hjá Alvotech, sem verða markaðssett á næstu árum þegar einkaleyfi þeirra renna út.

Í dag starfa um 250 vísindamenn hjá Alvotech á Íslandi, í Sviss og í Þýskalandi. Gert er ráð fyrir að ríflega 100 vísindamenn verði ráðnir á Íslandi til starfa í hátæknisetri fyrirtækisins á næstu 12 mánuðum. Alvotech hefur nú þegar fengið framleiðsluleyfi fyrir lyf sín og tryggði sér nýlega beint aðgengi að tveimur af stærstu lyfjamörkuðum heims, Kína og Japan, með mikilvægum samstarfssamningum. Í Kína er hafin uppbygging á

nýrri lyfjaverksmiðju sem verður að helmingshluta í eigu Alvotech. Í Japan hefur verið undirritaður mikilvægur samstarfssamningur um sölu og dreifingu lyfja fyrirtækisins við Fuji Pharma sem jafnframt er orðið hluthafi í Alvotech.

Í byrjun ársins tryggði Alvotech sér fjármögnun upp á 300 milljónir dala með sölu á skuldabréfum til fjárfesta. Eigendur skuldabréfanna munu jafnframt geta breytt bréfunum í hlutafé þegar Alvogen verður skráð á markað en CLSA, dótturfélag CITIC Securities, stærsta fjárfestingarbanka Kína, var helsti söluráðgjafinn í skuldabréfaútboðinu og þá var stórbankinn Morgan Stanley aðalfjárfestirinn. Samkvæmt heimildum Markaðarins gera áætlanir Alvotech ráð fyrir að félagið verði skráð á alþjóðlegan hlutabréfamarkað innan næstu tveggja ára og er talið líklegt að kauphöll í Asíu verði fyrir valinu.

Meðal eigenda Alvotech eru tveir af stærstu fjárfestingarsjóðum heims, CVC Capital Partners og Temasek, auk japanska lyfjafyrirtækisins Fuji Pharma. Stærsti einstaki hluthafi Alvotech, Aziq Pharma, er fjárfestingarsjóður undir forystu Róberts Wessman, stofnanda Alvotech. – hae

Spá gengisstyrkingu og lægri vöxtum

Sjóðstjórar evrópska eignastýringarfyrirtækisins BlueBay Asset Management búast við því að ávöxtunarkrafa íslenskra ríkisskuldabréfa lækki um eitt hundrað punkta á næstu tólf mánuðum og að gengi krónunnar styrkist um tíu prósent á sama tíma. Gangi spáin eftir gæti fjárfesting í slíkum bréfum mögulega skilað meira en tuttugu prósentu ávöxtun á tímabilinu.

Þetta kemur fram í nýlegu bréfi fyrirtækisins, sem sjóðstjórinn Mark Dowding skrifar undir, til fjárfesta.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa sjóðir á vegum eignastýringarfyrirtækisins keypt ríkisskuldabréf í talsverðum mæli á síðustu dögum. Fyrirtækið hóf innreið sína á héraðskulda- bréfamarkað árið 2015.

10%

gengisstyrkingu spá sjóðstjórar BlueBay Asset Management á næstu tólf mánuðum.

Í bréfinu segist fyrirtækið telja að sterkari króna muni á endanum þrýsta verðbólgu niður og gera Seðlabankanum kleift að lækka vexti á það stig sem tíðkast á öðrum þróuðum mörkuðum.

Um leið geti bankinn takmarkað áhættuna af því að vaxtamunar-

viðskipti leiði til bólu myndunar í hagkerfinu.

Bent er á að íslenska hagkerfið hafi vaxið hratt á síðustu fimm árum og sé nú, ólíkt því sem áður var, nettó útflytjandi fjármagns. Enn fremur hafi þau fjármagnshöft sem settu voru á í kjölfar hrunsins haustið 2008 verið losuð að nánast öllu leyti.

Sjóðstjórar BlueBay telja jafnframt líklegt að lánshæfiseinkunn ríkissjóðs verði hækkuð í AA-flokk. Og í ljósi þess að ávöxtunarkrafa ríkisbréfa sé meira en fimm prósent og að gengi krónunnar hafi veikt um fimmtán prósent gagnvart evrunni á undanförunum tveimur árum telja þeir einnig að ekki þurfi að liða á löngu þar til fleiri erlendir fjárfestar fari að sýna Íslandi áhuga sem fjárfestingarkosti. – kjj

STÓLADAGAR

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STÓLUM!



HEADPOINT

VERÐ ÁÐUR

76.900 KR.

VERÐ NÚ

57.675 KR.

25%
AFSL.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

Óvíst með áformað útboð Icelandair

Forstjóri Icelandair Group segir að eins og staðan sé núna líti tilboðin í Icelandair Hotels ágætlega út. Tóku 80 milljóna dollara lán til að endurfjármagna skuldaþréf með hagstæðari hætti. Hafa mikinn sveigjanleika til fjármögnunar vegna fjölda óskuldsettra flugvéla.

Helgi Vífill
Júlíusson
helgivi@frettabladid.is



„Það kemur til greina að Icelandair Group efni ekki til hlutfjárútboðs að svo stöddu gangi salan á Icelandair Hotels vel og það verði ekki „freakari breytingar á samkeppnisumhverfinu.“ Þetta segir Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, í samtali við Markaðinn, og nefnir að það hafi komið fram á hluthafafundi fyrirtækisins á föstudag. „Eins og staðan er núna, líta tilboðin ágætlega út.“

Stefnt var að hlutfjárútboði Icelandair Group á fyrsta ársfjórðungi í ár, sem lýkur í mars, en upplýst var um á aðalfundinum að nú væri horft til fyrri helmings ársins. Fjárhæðin sem safna á er 625 milljónir að nafnvirði, miðað við markaðsvirðið núna er um rúmlega 4,4 milljarða króna að ræða.

Hvers vegna var ákveðið að fresta hlutfjárútboðinu?

„Upphaflega var ákveðið að auka hlutfé Icelandair Group til að fjármagna kaup á WOW air. Þau kaup gengu ekki eftir, eins og upplýst var í lok nóvember. Engu að síður sóttum við um heimild til hluthafa þess efnis að auka hlutfé til að nýta til vaxtar ef breytingar verða á samkeppnisumhverfinu. Enn er stefnt að útboðinu en við viljum fá skýrari mynd á það hvernig landið liggur áður en efnt verður til hlutfjárútboðs.“

Getur Icelandair farið í hlutfjárútboð áður en myndin skýrist varðandi framtíð WOW air?

„Já það getur félagið, við erum að fylgjast með samkeppnisumhverfinu í heild sinni og tækifærunum þar.“

Tíu milljarða lán

Icelandair Group hefur gengið frá 80 milljóna dollara láni, jafnvirði 9,7 milljarða króna, frá innlendum banka. Morgunblaðið sagði í gær að Landsbankinn væri lánveitandinn.

Bogi Nils segir að lánið verði nýtt til að endurfjármagna skuldaþréf á hagstæðari kjörum. Að auki sé lengt í láninu en það sé til fimm ára. Skuldir félagsins muni því



Hlutaþréfaverð Icelandair hefur lækkað um 15 prósent í viðskiptum í Kauphöllinni í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Enn meiri þrýstingur á hagræðingu

Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent, segir að það líti út fyrir að fyrsti fjórðungur ársins hjá Icelandair Group verði verri en í fyrra.

„Verkföll eru að bresta á og búið að taka Boeing MAX 8 vélar úr rekstri, sem hefur neikvæð áhrif á reksturinn, sem leiðir til þess að útlit er fyrir að annar fjórðungur verði líka verri en árið áður. Stjórnendur flugfélagsins hafa því knapparíma tíma en áður til að snúa við rekstrinum, þótt



Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent.

vissulega sé það vel gerlegt. Sveiflur í rekstri flugfélaga geta verið ótrúlegar.

Nú hefur skapast enn meiri þrýstingur á að hagrætt verði hjá félaginu. Ef ekki, gæti farið svo að árið í ár verði verra en í fyrra og þá eru horfur fyrir árið 2020 ekki góðar,“ segir hann en nefnir að fjárhagur fyrirtækisins þoli umtalsvert tap. Icelandair Group tapaði 52 milljónum dollara á fyrri helmingi ársins 2018 og 110 milljónum dollara á árinu öllu.

Við viljum fá skýrari mynd á það hvernig landið liggur áður en efnt verður til hlutfjárútboðs.



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group

ekki aukast fyrir vikið. „Við höfum unnið að fjármögnuninni í nokkra mánuði.“

Fram hefur komið í fjölmiðlum að vegna erfiðleika í rekstri hafi Icelandair Group brotið lánaskilmála skuldaþréfanna.

Að hans sögn greiddi félagið 73 milljónir dollara inn á skuldaþréf flokkinn í janúar. Félagið muni því á skömmum tíma hafa greitt 153 milljónir dollara inn á lánið, jafnvirði 18,5 milljarða króna. „Þá

standa 60 milljónir dollara eftir og það kemur til greina að endurfjármagna þá að fullu fyrir lok annars fjórðungs. Við höfum nokkuð mikinn sveigjanleika. Við getum veðsett flugvélar í okkar eigu sem eru óveðsettar og getum því stokkið til ef viðunandi kjör bjóðast á markaðnum.“

Ekki rætt um stærra lán


Vildi bankinn ekki lána nægilega mikið til að greiða skuldaþréf flokkinn upp að fullu?

„Það var ekki rætt um það. Það eru fleiri aðilar, sérstaklega erlendis, sem bjóða fjármögnun sem þessa. Það eru því margir möguleikar opnir.“

Er ekki erfiðara að ráðast í endurskipulagningu á rekstrinum þegar þið eruð með skráð skuldaþréf? Eflaust auðveldara að ræða við einn banka í stað fleiri skuldaþréf eigna?

„Það er alveg rétt. Það er ókyrrð í

Afhending flugvéla til Icelandair



■ Boeing 737 MAX 9
■ Boeing 737 MAX 8

loftinu í flugrekstri, afkoman á síðasta ári var ekki góð og ýmislegt að eiga sér stað í þessum geira á Íslandi. Við þær aðstæður er mun þægilegra að ræða við einn banka í stað tuga fjárfesta.“

Icelandair Group á 42 flugvélar, þar af eru 30 óveðsettar. Flestar þeirra eru Boeing 757.

Á hvað eru þessar flugvélar sem nýttar eru sem veð bókfærðar? Þær eru komnar til ára sinna, hafa þær verið afskrifaðar að fullu?

„Flugvélar hafa ekki verið afskrifaðar að fullu. Markaðsvirði flugvéla hafa á undanförunum tveimur árum verið að aukast fremur en að dragast saman. Það er mjög virkur markaður með þessar flugvélar. Það er mjög misjafnt á hvaða verði þær eru bókfærðar. Það fer eftir því hvenær þær voru keyptar

Ákvörðunin ekkert að gera með flugöryggi

„Icelandair Group hefur ákveðið að taka Boeing 737 MAX 8 flugvélar sínar úr rekstri um óákveðinn tíma. Félagið er með þrjár slíkar vélar í rekstri,“ sagði í tilkynningu til Kauphallarinnar rétt fyrir klukkan þrjú í gær.

Hlutaþréf félagsins höfðu skömmu áður hriðfallið í verði eftir að bresk flugmálayfirvöld greindu frá því að engar Boeing 737 MAX vélar mættu fljúga innan breskrar lofthelgi. Gengi bréffanna lækkaði um rúmlega 5 prósent í samtals 482 milljóna króna veltu og stóð í 7,1 krónu á hlut við lokun markaða. Frá áramótum hafa bréfin lækkað í verði um nærri 26 prósent.

Bogi segir að flugmálayfirvöld í löndum sem Icelandair flýgur til hafi bannað flug umræddra flugvéla. Það trufli leiðakerfi flugfélagsins og því hafi verið ákveðið að stöðva rekstur þeirra og nota aðrar vélar í staðinn. „Ákvörðunin hefur ekkert að gera með afstöðu okkar til öryggis vélanna. Við teljum þær, eins og áður, öruggar til flugs.“

Icelandair mun innan skamms fá sex 737 flugvélar frá Boeing, þar af eru þrjár 737 MAX 8 og þrjár MAX 9. Á næsta ári mun það fá tvær MAX 8 vélar og eina árið 2021.

Til skamms tíma mun þessi ráðstöfun hafa óveruleg áhrif á rekstur félagsins þar sem aðeins er um þrjár vélar að ræða af 33 farþegavélum í flota félagsins og því hefur félagið svigrúm til að bregðast við á næstu vikum, segir í tilkynningunni.

Veldur það miklu fjárhagstjóni fyrir Icelandair Group að geta ekki nýtt MAX 8 flugvélar sem það á og eru á leiðinni?

„Til skamms tíma eru áhrifin óveruleg, við erum með svigrúm í flugflota félagsins til að bregðast við þessum aðstæðum. Eins og fram kom í tilkynningunni eru þetta 3 vélar af 33 í núverandi flota.“

Hafið þið sett ykkur í samband við Boeing og reynt að gera breytingar á afhendingu flugvéla, annaðhvort fyrir sumarið eða næsta sumar?

„Við erum í stöðugu sambandi við Boeing en það hefur ekki komið til umræðu að fresta afhendingu véla.“

og hve mikið þær hafa verið notaðar. Flugvélar eru ekki bókfærðar í heilu lagi heldur er skrokur bókfærður sér og hreyflar sér.“

Í ljósi erfiðari tíma í flugrekstri: Hafa greiðslukortafyrirtæki þrengt skilmála sína að undanförunu?

„Ekki hvað okkur varðar.“

Með 15 til 20 prósent hlutdeild á markaði fyrir eignastýringu

Í kjölfar kaupa Kvikubanka á GAMMA Capital Management verður sameinað félag með 15 til 20 prósent hlutdeild, eða áþekka hlutdeild og samstæða Landsbankans, á eignastýringarmarkaði. Eftir sem áður mun samstæða Arion banka tróna yfir keppinautum sínum með 35 til 40 prósent hlutdeild.

Þetta kemur fram í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sem lagði í síðustu viku blessun sína yfir kaup fjárfestingarbankans á GAMMA. Um er að ræða tölulegt mat eftirlitsins á markaðshlutdeild á grundvelli verðmætis eigna í stýringu.

Er það mat eftirlitsins að sam-

Hlutdeild á markaði fyrir eignastýringu

Samstæða Landsbankans	15-20%
Samstæða Íslandsbanka	10-15%
Samstæða Arion banka	35-40%
Sameinað félag Kvikubanka og GAMMA	15-20%
Almennir lífeyrissjóðir	10-15%

runinn muni ekki raska samkeppni á mörkuðum með neinum umtalsverðum hætti.

Samkeppniseftirlitið rannsakaði sérstaklega markaðinn fyrir eignastýringu og undirmerkaði hans í ljósi þess að samruninn tekur nær eingöngu til eignastýringar þar sem



Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kvikubanka.

umsvif GAMMA á öðrum sviðum fjármálaþjónustu, sem Kvikubanka býður einnig upp á, eru afar lítil.

Samanlagðar eignir í stýringu hjá Kvikubanka og rekstrarfélögum í eigu bankans verða um 400 milljarðar króna í kjölfar kaupanna.

Var það niðurstaða eftirlitsins að í heild leiddu kaupin til þess að hlutdeild fyrirtækjanna tveggja á

heildarmarkaðinum fyrir eignastýringu styrktist nokkuð. Kaupin hefðu hins vegar lítil áhrif á hlutdeild á smásölusjódamarkaði en samþjöppun ykist nokkuð á fagfjárfestingarmarkaði.

„Það skiptir verulegu máli í þessu sambandi að á þeim markaði, jafnt sem smásölusjódamarkaði, etur sameinað félag kappi við öfluga keppinauta sem búa yfir miklum fjárhagslegum styrkleika, þ.e. við stóru viðskiptabankana þrjá,“ segir í ákvörðun eftirlitsins.

Jafnframt búi sameinað félag við öflugt kaupendaahald frá almennu lífeyrissjóðunum.

Í umsógnunum til Samkeppniseftirlitsins kom almennt fram það mat

hjá keppinautum á eignastýringarmarkaði, jafnt stórum sem smáum, að samkeppnin væri hörð á markaðinum.

Virtust fyrirtækin á markaðinum ekki telja að samruninn myndi hafa neikvæð áhrif á samkeppni. Ekki væri ólíklegt að aukin stærðarhagkvæmni sameinaðs félags Kvikubanka og GAMMA myndi leiða til aukinnar verðsamkeppni.

Slík aukin verðsamkeppni myndi þó geta gert smærri fyrirtækjum erfiðara um vik á markaðinum en þar sem smærri fyrirtækin einbeittu sér fremur að óhefðbundnari fjárfestingarkimum markaðarins, þá ætti það hins vegar ekki við um öll smærri fyrirtækin. – kj

Erlendir sjóðir bæta við sig í Marel fyrir meira en þrjá milljarða

Fjárfestingasjóður í stýringu evrópska vogunarsjóðsins Teleios Capital, sem kom fyrst inn í hluthafahóp Marels í janúar, hefur bætt við sig rúmlega 3,4 milljónum hluta, jafnvirði um 1.650 milljóna króna miðað við núverandi hlutabréfaverð, það sem af er marsmánuði og fer núna með 2,45 prósentu eignarhlut. Teleios Capital er áttundi stærsti hluthafi félagsins og er hluttur sjóðsins metinn á um átta milljarða króna.

Þá hefur bandariski fjárfestingasjóðurinn Smallcap World Fund,



Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels.

sem er í stýringu American Funds, á sama tíma einnig bætt við sig um hálf prósent hlut í Marel. Samanlagt á sjóðurinn í dag tæplega 2,7 prósentu hlut í Marel.

Erlendir sjóðir hafa orðið mun

umsvifameiri í hluthafahópi Marels á undanförunum mánuðum og misserum. Þann 13. febrúar síðastliðinn áttu alþjóðlegir fjárfestar samanlagt 9,9 prósentu hlut í félaginu, borið saman við aðeins 4,6 prósentu hlut á sama tíma árið 2018, en frá þeim tíma hafa sjóðir Smallcap og Teleios bætt við sig jafnvirði um tveggja prósentu hlutar. Alþjóðlegir fjárfestar eiga því núna orðið um tólf prósentu hlut í Marel.

Hlutabréfasjóðir í stýringu Stefnis og íslenskir lifeyrissjóðir hafa á síðustu vikum einkum verið í hópi

þeirra hluthafa sem hafa minnkað við hlut sinn í Marel. Samanlagður eignarhluttur lifeyrissjóða nemur hins vegar enn um 40 prósentum.

Á aðalfundi í liðinni viku var greint frá því að stjórn Marels hefði ákveðið að stefna að skráningu hlutabréfa félagsins í Euronext-kauphöllina í Amsterdam samhliða skráningu á Íslandi. Fram kom í máli Árna Odds Þórðarsonar, forstjóra Marels, að tvíhliða skráning á alþjóðlegum markaði í erlendum gjaldmiðli gerði hlutabréf félagsins að áhugaverðum kosti sem hluta

af kaupverði í mögulegum yfirtökum. Fimm alþjóðlegir bankar hefðu verið fengnir til ráðgjafar við skráninguna og sem umsjónaradilar útboðs.

Hlutabréfaverð Marels hefur hækkað um nærri 30 prósent frá áramótum. Félagið er langsamlega verðmætasta fyrirtækið í Kauphöllinni með markaðsvirði upp á 328 milljarða króna. Hlutabréfaverð Marels stóð í 480 krónum á hlut við lokun markaða í gær en gengi bréfa félagsins fór hæst í 505 krónur á miðvikudaginn í síðustu viku. – hae



Jón Helgi Guðmundsson, forstjóri Norvikur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Norvik fær greiddar 280 milljónir króna

Norvik, sem á 65 prósentu hlut í Bergs Timber, fær greiddar um 22 milljónir sænskra króna, jafnvirði ríflega 280 milljóna íslenskra króna, í arð frá sænska félaginu í ár ef tillaga stjórnar félagsins nær fram að ganga.

Stjórn Bergs Timber, sem keypti í byrjun síðasta árs flest dótturfélög Norvikur fyrir liðlega tíu milljarða króna, leggur til við aðalfund að greiddur verði arður upp á 34 milljónir sænskra króna vegna síðasta rekstrarárs.

Bergs Timber hagnaðist um 188 milljónir sænskra króna, sem jafngildir um 2,4 milljörðum íslenskra króna, á síðasta rekstrarári sem náði frá september 2017 til desember 2018.

10

milljarðar króna var kaupverð Bergs Timber á dótturfélögum Norvikur í Eistlandi, Lettlandi og Bretlandi.

Fæðgarnir Jón Helgi Guðmundsson, forstjóri og stjórnarformaður Norvikur, og Guðmundur Helgi Jónsson, stjórnarformaður BYKO, sitja í stjórn sænska félagsins.

Dótturfélögin sem fóru undir Bergs Timber voru rekin undir merkjum Norvik í Lettlandi, Eistlandi og Bretlandi. Við söluna, sem gekk endanlega í gegn um miðjan maí í fyrra, eignaðist Norvik 170 milljónir nýrra hluta í Bergs Timber, að virði um 520 milljónir sænskra króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa í félaginu, en auk þess getur Norvik fengið greiddar 310 milljónir sænskra króna í formi reiðufjár.

Af kaupverðinu fékk Norvik greiddar 100 milljónir sænskra króna í maí í fyrra og fær sömu fjárhæð greidda 30. júní næstkomandi. 70 milljónir sænskra króna verða greiddar til Norvikur í lok júní á næsta ári og til viðbótar gæti félagið átt rétt á árangurstengdri greiðslu upp á allt að 40 milljónir sænskra króna að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Jón Helgi sagði í samtali við Morgunblaðið síðasta sumar að ætlun Norvikur væri að selja hluta af hlutabréfum sínum í Bergs Timber. Sú sala hefði ekki verið tímasett. – kj

ergo


Hjólaskófla?

Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í jarðvinnu en við fjármögnum hins vegar hjólaskóflur.

Við fjármögnum flest milli himins og jarðar.

.....

Kynntu þér möguleikana á ergo.is



Miklar fjárfestingar eru fyrirhugaðar til stækkunar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á næstu árum. 9,8 milljónir farþega fóru um Keflavíkurflugvöll í fyrra og er gert ráð fyrir tæplega níu prósentu

Evrópskum völlum í einkaeigu fjölgað

Yfir helmingur evrópskra flugvalla er að hluta eða öllu leyti í eigu annarra en stjórnvalda. Forstjóri GAMMA segir erfiðan rekstur sýna að flugrekstur sé í eðli sínu áhættusamur. Aðalhafgæringur Kviku segir að það geti verið skynsamlegt að fleiri en ríkið komi

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Evrópskum flugvöllum í einkaeigu hefur fjölgað hratt á undanföllum árum og fara nú yfir 75 prósent af flugferðum innan Evrópusambandsins til eða frá einkareknum flugvöllum. Ríflega helmingur allra flugvalla í álfunni er að hluta eða öllu leyti í eigu annarra en stjórnvalda en til samanburðar var hlutfallið aðeins 22 prósent árið 2010.

Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA Capital Management, segir að erfiður rekstur flugfélaga í heiminum, þar á meðal íslensku flugfélaganna, sýni enn og aftur að flugrekstur sé í eðli sínu áhættusamur. Það sama hljóti að eiga við um rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í Keflavík. Stjórnvöld verði að huga að rekstrarfyrirkomulagi flugstöðvarinnar og ihuga það alvarlega að draga sig út úr þeim áhættu- rekstri, allavega að hluta.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir það skjóta skökku við að á meðan lífeyrissjódir landsins séu úttroðnir af langtíma- fjármagni og vanti fjárfestingar- kosti sé ríkið með gríðarlegt fjármagn bundið í Leifsstöð.

„Viða erlendis hafa stjórnvöld reynt að losa um það fjármagn sem er bundið í flugvöllum,“ nefnir Ásgeir.

Hröð þróun í átt að meiri einkavæðingu

Samkvæmt samantekt ACI, Alþjóðasamtaka flugvalla, er ríflega helmingur flugvalla innan Evrópusambandsins annaðhvort „að mestu“ eða „að öllu leyti“ í eigu einkaaðila. Til saman- burðar var hlutfallið 22 prósent árið 2010. Í ljósi þess að flestir stærstu flugvellir álfunnar hafa verið einkavæddir fara nú yfir 75 prósent af flugferðum í Evrópu um einkarekna flugvelli, að sögn ACI.

Sérfræðingum samtakanna telst til að sextíu flugvellir í Evrópusambandinu hafi verið einkavæddir að fullu, þar á meðal aðalflugvellirnir í Antwerpen, Búdapest, Edinborg, Glasgow, Lissabon, Liverpool, Ljubljana, Lundúnum og Zagreb. Jafnframt eigi einkafjærstar meirihluta hlutafjár í aðalflugvöllum í meðal annars Birmingham, Brussel, Kaupmannahöfn, Flór- ens, Napólí, Róm og Vín.

Þá er í skýrslunni bent á að

jafnvel þeir flugvellir sem séu í meirihlutaeigu stjórnvalda séu reknir sem hlutafélag þar sem einkafjærstar haldi á minni- hluta hlutafjár.

Eignarhaldsfélagið sem rekur flugvöllina Charles de Gaulle og Orly í Parísarborg er til að mynda í 51 prósentu eigu franska ríkisins og 49 prósentu eigu einkafjærstar. Frönsk stjórnvöld hafa ráðið Bank of America Merrill Lynch til þess að skoða mögulega sölu á hlut sínum í félaginu, ADP, en talið er að franska fjárfestingafélagið Vinci, næststærsti hluthafi ADP með 8 prósentu hlut, hafi auga- stað á hlutnum.

Vinci, sem er einn um- svifamesti innviðafjærstir heims, keypti sem kunnugt er í desember í fyrra meirihluta hlutafjár í Gatwick-flugvöllum í nágrenni Lundúna á gengi sem verðmat breska flugvöllum á jafnvirði 1.310 milljarða króna.

Fjærstar, innlendir sem erlendir, hafa á síðustu árum rætt við stjórn- völd um hugsanlega aðkomu að uppbyggingu Keflavíkurflugvallar en ríkisfyrirtækið Isavia, sem rekur flugvöllinn, áformar að fjærsta fyrir liðlega 91 milljarð króna á næstu þremur árum til stækkunar á völlum. Þrátt fyrir jákvæð við-

brögð af hálfu ráðamanna hafa þær þreifingar, sem hafa einkum verið á óformlegum nótum, enn sem komið er ekki borið árangur.

„Viðbrögðin úr stjórnkerfinu hafa almennt séð verið jákvæð en gangurinn verið hægari en Inn- viðir hefðu kosið, meðal annars vegna tíðra ríkisstjórnarskipta,“

■ Eignarhald tíu stærstu flugvalla í Evrópu

Heathrow	Í einkaeigu
Paris Charles de Gaulle	Í blandaðri ríkis- og einkaeigu
Frankfurt	Í blandaðri ríkis- og einkaeigu
Istanbul Ataturk	Í blandaðri ríkis- og einkaeigu
Amsterdam Schiphol	Í blandaðri ríkis- og einkaeigu
Adolfo Suárez Madrid	Í ríkiseigu
München	Í ríkiseigu
Leonardo da Vinci International	Í blandaðri ríkis- og einkaeigu
Gatwick	Í einkaeigu
Barcelona-El Prat	Í ríkiseigu

segir Ómar Örn Tryggvason, fram- kvæmdastjóri Innviða fjárfestinga, framtakssjóðs sem hefur það hlut- verk að fjærsta í ýmsum innviðum hér á landi.

Forsvarsmenn sjóðsins, sem er að mestu í eigu lífeyrissjóða, hafa fundað með nokkrum ráðherrum á undanföllum árum og lýst yfir áhuga á að koma að rekstri flug- stöðvarinnar. Fulltrúar ástralska fjárfestingasjóðsins Macquarie Group, sem á meðal annars ríf- lega þriðjungshlut í flugvöllum í Brussel og átti áður 27 prósentu hlut í Kastrup-flugvöllum í Kaup- mannahöfn, hafa einnig, ásamt starfsmönnum Kviku banka, átt fundi með embættismönnum í fjármálaráðuneytinu og kynnt fyrir þeim starfsemi sína og fjárfestingar.

Vaxandi áhugi fjærsta

Eins og fram hefur komið í Markað- inum hefur áhugi fjærsta á því að koma að rekstri og fjármögnun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar auk- ist umtalsvert síðustu ár. „Menn fylgjast með þessu nú þegar og við

91

milljarður króna er fyrir- huguð fjærsta á Kefla- víkurflugvelli til loka árs 2022.

heyrum af áhuga flugvallafjærsta á að koma og tala við okkur,“ sagði til að mynda Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, í samtali við Mark- aðinn sumarið 2017.

Skömmu áður hafði þáverandi meirihluti fjárlaganefndar Alþingis lýst því yfir að tímabært væri að opna umræðu um að ríkið „leiti leiða til að umbreyta því fjármagn sem bundið er í mannvirkjum í flugstöðinni í Keflavík og noti það til átaks í endurbótum samgöngu- mannvirkja“.

Fleiri ráðamenn hafa tekið í sama streng, þar á meðal Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra

MEÐ

MIDVIKUDAGUR 13. MARS 2019

Heimili



HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Með bíósal í stofunni

Björgvin Helgi Jóhannsson vill njóta kvikmyndanna sem hann horfir á. Í stofunni heima hjá sér í Grafarholti er hann með 130 tommu skjá og græjur til að fá sem bestu mögulegu upplifun í sófanum. Hann gerði rammann sjálfur og tekur tillit til nágrannanna með nokkrum sniðugum lausnum. ➔

Framhald af forsiðu →

Benedikt Bóas
Hínriksson

benediktboas@frettabladid.is



Einfalldasta leiðin til að skýra þetta er að bílaáhugamenn eiga stundum bíla sem meika ekki alveg sens – þetta er fyrir kvikmyndaáhugamanninn. Kvikmyndir eru mitt aðaláhugamál,” segir Björgvin Helgi Jóhannsson en í stofunni hans er 130 tommu tjald þar sem hann horfir á kvikmyndir.

Tjaldið gerði hann sjálfur en hráefnið kom frá amazon.com og spýturnar úr Húsasmíðjunni. Ramminn er svo festur á vegginn. Með þessum 130 tommum eru svo græjur til að fá upplifunina beint í æð.

„Þetta er ósköp venjulegur skjávarpi. Þeir eru að verða glettilega algengir hér á landi. Það eru til mjög góðir varpar fyrir um 200 þúsund krónur. Myndin mín telur um 130 tommur á meðan 75 tommu sjónvarp kostar mun meira.

Græjurnar eru dýru hlutirnir í stofunni. Hátalararnir eru frá bandaríska fyrirtækinu Klipsch en magnarinn frá japanska framleiðandanum Onkyo.

Þetta er alvöru hljóð og rifur í rifbeinin. Ég bý í fjölbýlishúsi og tek tillit til nágretta minna. Ég er með teppi á gólfinu til að dempa hljóðið og svo er korkur undir bassaboxinu svo það sé ekki að valda meiri titringi en það þarf.“

Björgvin segir að ævintýramyndir og stórar kvikmyndir njóti sín vel á skjánum stóra. „Það eru ákveðnar leikstjórar sem gera kvikmyndir að sjónarspili sem



Björgvin Helgi heima í stofu þar sem honum líður best með góða ræmu fyrir framan sig. Að þessu sinni var það Indiana Jones. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



BRÚÐKAUPSBLAÐ

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um brúðkaup kemur út 22. mars nk. Allt sem hugsast getur varðandi brúðkaup.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins
Sími 550 5078 / serblod@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Hátalararnir eru frá bandaríska framleiðandanum Klipsch.

er gaman að horfa á. Christopher Nolan er góður í því. Það er alltaf gaman að horfa á myndir eftir hann í þessum græjum. Stórar sjónarspilsmyndir – það er ekkert hægt að bera þetta saman. Ég hef gaman af Marvel, Star Wars og ævintýramyndum yfirhöfuð. Þær njóta sín vell hérna heima í stofu.“

Björgvin mælir hiklaust með skjávarpa og ætlar að taka þetta allt með sér en íbúð hans er á sölu. „Ég fer aldrei aftur í sjónvarp, það er bara þannig. En ef kaupandinn vill halda skjánum þá er það ekkert

mál. Ég smíða þá bara annan,” segir hann.

Sonur Björgvins horfir ekki á barnaefni í varpanum. Þegar hann hefur viljað horfa á sitt barnaefni er kveikt á spjaldtölvu. „Þetta hefur ekki verið notað í þeim

Christopher Nolan.



Star Wars hefur notið sín á skjánum stóra sem og hljóðið sem þótti og þykir enn vera stórkostlegt.

tilgangi enn þá. Við höfum sest niður og horft á Lion King og fleiri vandaðar og skemmtilegar teiknimyndir. Þetta hefðbundna barnaefni er horft á í spjaldtölvunni.

Gallinn við varpa er meðal annars að þeir eru með ákveðinn líftíma. Peran er gefin upp fyrir sex þúsund tíma sem er auðvitað nóg en maður er meðvitaður um líftímann og hefur varpann ekki í gangi allan daginn. Svo þarf að huga að ljósmengun. Það þarf að vera svolítið dimmt til að þetta njóti sín sem best.“

Björgvin byrjaði smátt, byrjaði að varpa á hvítan vegg af stofu- borðinu og vandist varpanum og því sem hann hefur upp á að bjóða. „Þá varð ekkert aftur snúið. Þetta er eins og að hafa næstum fjögur 65 tommu sjónvarpstæki á veggnum. Það er hægt að kaupa tjald sem

hægt er að draga niður og þá skiptir ekki máli hvort það er hurð á bak við eða eitthvað annað. Trúlega leysir maður hlutina þannig í framtíðinni þegar guttinn verður eldri. Trúlega verður maður með sjónvarp á bak við og dregur tjaldið niður þegar hann vill fara að horfa á eitthvað annað en spjaldtölvuna.“



Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

bilfang.is
S. 567 2000



VINNUFLOKKABÍLL!

Ren. Master M125 Hó / 7 manna
10/2015 ek 109 þ.km / pallur 3.30
metrar GOTT VERÐ! 2.790 + VSK !!!

Bilasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is



SUZUKI



Suzuki mótorhjól. Komdu og kíkту við í sýningarsal Suzuki. Ymislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Kerrur

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði

Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Viðgerðir

Almennar bílviðgerðir. Sérgræin bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGAMEISTARI

getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum.

Uppl. í s. 778 1604.

Sendibilapjónusta

SENDIBÍLAÞJÓNUSTA.

Tökum að okkur allar flutningar, traust og góð þjónusta og vanir menn,

Upplýsingar í síma:
Árni 661-3166
Ásgeir 869-3741

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif
eftir iðnaðarmenn þvegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili,
húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum
verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Felli tré og gryssa og klippi runna.
Besti tíminn Halldór garðyrkjum.
s:698 1215

Bókhald



Skattframtöl, Bókhald,
Vsk. & launauppgjör,
Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum.
Alhliða bókhaldsþjónusta.
Sanngjörn verð og góð þjónusta.
Uppl. í s. 8548080/5168080 eða
olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur
og stofnun fyrirtækja. Fagleg
vinnubrögð á sanngjörnu verði.
Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511
2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj.
Mikael S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsviðhald

HÚSAVIÐGERÐIR

Sprunguviðgerðir - Múrvíðgerðir
Stimplun bílaplana. Málun.
BDG ehf s. 618 7712

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

HÚSAVIÐGERÐIR

ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI

- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is

Eind ehf

Keypt & Selt

Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Rísarækjur
og fleira góðgæti úr hafinu.
Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR
Í SJÁVARFANGI. WWW.
HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar
Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

STAÐGREIDUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!


Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16, Skípholt
27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni,
parket, útihúðir, ofl. Gæði á
góðu verði. Nýkomnar Eurotec
A2 harðviðarskrúfur. Penofin
harðviðarolla. Indus ehf,
Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi
í sínum 660 0230 og 561 1122.

Heilsa

Nudd



Thai- nuddstofan hjá Joom
hefur stækkað og hefur flutt að
Háaleitisbraut 58-60, 2 hæð t.h
Boðið er upp á thailenskt teygju og
olíunudd auk annarra nuddtegunda
Pantanir í síma 8923899.

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar

Parftu að ráða?

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Tækniskólinn

skóli atvinnulífsins

Erum að byrja með smáskipa- og skemmtibátanámskeið sem standa frá 18. mars til 27. apríl 2019.

Skráning og nánari upplýsingar í sínum 514 9602 og 665 1100 og einnig á þessum slóðum:

<https://tskoli.is/namskeid/smaskipanamskeid/>
<https://tskoli.is/namskeid/skemmtibatnamskeid/>

TIL SÖLU

M.BENZ Vito 116 diesel. 12/2014
12/2014, ek. 65 Þ.KM, diesel, sjálfskip-
tur. Kællir í flutningsrými og heithúðun í
gólfi, dráttarkrókur og m/fl.
Verð 3.990.000. Án VSK Rnr.288730.



BÍLAHÖLLIN

Bíldshöfði 5, Sími 567 4949
www.bilahollin.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570
FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116
REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR
990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m
lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð
malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í
s. 661 7000

Herbergi í 105 Rvk, til leigu með
aðgangi að baði, eldhúsi og
þvottahúsi. Upplýsingar í síma 686
8501.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg
af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500



Kerrurnar
frábæru frá
Humbaur eru
til á lager!

Öllum 750kg
kerrum
fylgir nefhjól,
lás og strappar.



Startrailer 1280

750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



Gerð 1376

Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374

Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384

Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339

Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Gerð 2331

Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Smíðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is



Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is



GRENÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

RAUÐALÆKUR 3, 105 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Glæsileg 154.7 fm 6 herb. mikið endurnýjuð sérhæð á 1.hæð í fjölbýlishúsi með bílskúr. Fjögur rúmgóð svefnherb. og tvær stofur. Endurnýjað baðherb. og gestasnyrtning. Endurnýjaðar innréttingar, gólfefni, innihurðir, raflagnir, hluti glugga, glers og fl. Hús nýlega viðgert og málað. **V. 74,9m**
Opið hús miðvikudaginn 13. mars milli kl. 17:15 og 17:45
Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is



ÁS STYRKARFÉLAG

Aðalfundur

ÁS styrktarfélag heldur aðalfund sinn miðvikudaginn 27. mars kl. 17:00 í Ögurharvi 6 Kópavogi.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.
Kaffiveitingar.
Félagar og annað áhugafólk fjölmennið.

Stjórnin.

Endurskoðað aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps auglýsir eftir athugasemdum við tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins með gildistíma 2018-2038 ásamt umhverfisskýrslu. Tillagan er sett fram í greinargerð, skipulagsuppdætti og fjórum þemauppháttum. Þar kemur fram stefna sem skiptir íbúa og aðra hagsmunaaðila miklu máli og varðar fjölmarga þætti, svo sem þróun byggðar, landnotkun og innviði. Tillagan nær til alls lands innan sveitarfélagsins.

Tillagan er aðgengileg á vefnum:
<https://sites.google.com/alta.is/ask-em-augl/home>
Útrentuð tillaga liggur frammi til sýnis á skrifstofu sveitarfélagsins að Hofsstöðum og hjá Skipulagsstofnun frá **13. mars til og með 30. apríl 2019**. Frestur til að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna rennur út **30. apríl**. Athugasemdum skal komið á framfæri skriflega með því að senda tölvupóst á netfangið eyjaogniklaholtshreppur@vortex.is eða með bréfpósti til

Eyja- og Miklaholtshreppur
Hofsstöðum
311 Borgarnes

Mótun tillögunnar, þ.m.t. kynning og samráð, er í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Umhverfisskýrsla er sett fram í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Auglýsing þessi er skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

F.h. sveitarstjórnar
Eggert Kjartansson, oddviti

Atvinnuauglýsingar | Job.is

Félagsbústaðir hf. - FRAMKVÆMDASTJÓRI




Leitað er að drifandi aðila með áhuga og skilning á því umhverfi sem Félagsbústaðir starfa í. Framkvæmdastjóri þarf að hafa metnað til að ná árangri og hæfileika til að leiða öflugan hóp starfsmanna inn í framtíðina.

Sverrir Briem,
sverrir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars 2019.
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Bauhaus



- Framtíðarstarfsmaður í málningardeild
- Sumarstarfsmenn í allar deildir
- Vaktstjórar á þjónustuborði í hlutastar

Sveitarfélagið Árborg leitar að metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi sem er tilbúinn að gegna lykilhlutverki í að leiða framfarir í mannvirkja- og umhverfismálum hjá sveitarfélaginu. Sviðsstjóri Mannvirkja- og umhverfissviðs er hluti af öflugu stjórnunarteymi á tímum mikils vaxtar og breytinga.

Nánari upplýsingar veita:
Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir, yrsa@hagvangur.is
Rannveig Jóna Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 19. mars 2019.
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Iðnaðarmannafélagin á Stórhöfða - Vinnustaðaeftirlit



Iðnaðarmannafélagin á Stórhöfða auglýsa eftir öflugum fulltrúa í vinnustaðaeftirlit, með góð tók á pólsku eða rússnesku, til að standa vörð um réttindi launþega á vinnumarkaði og tryggja að aðstæður á vinnustöðum séu í samræmi við lög og reglur. Markmið starfsins er að koma í veg fyrir að brotastarfssemi festi rætur á félagssvæðum stéttarfélaganna.

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/13036


Byggingafyrirtæki í Reykjavík - Bókhald



Byggingafyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða bókhald. Helstu verkefni eru færsla bókhalds, launavinnsla, afstemmingar, vsk. uppgjör og önnur tilfallandi verkefni. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, nákvæmur og hafa góða þekkingu á bókhaldi. Þekking á DK bókhaldskerfi er kostur.


Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2019.
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

Laxar Fiskeldi ehf. - Yfirmaður fiskivelferðar (Fish Health Manager)



Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í Nsíma 512 1225 og einnig Jens Garðar Helgason, framkvæmdastjóri (jens@laxar.is) í síma 899-4348.

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2019.
Umsóknir óskast fyllt út á www.intellecta.is



AUGLÝSING Skipulagslýsingar Sveitarfélaginu Vogum

Vegna breytingar á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 fyrir frístundabyggðina í Hvassahrauni.

Í samræmi við 1. mgr. 30. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir Sveitarfélagið Vogar hér með til kynningar skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 fyrir frístundabyggðina í Hvassahrauni. Breytingin felst í því að heimiluð verði gístistarfsemi sem fellur undir atvinnustarfsemi í frístundabyggðinni.

Skipulagslýsingin er sett fram í greinargerð og má nálgast hana á heimasíðu sveitarfélagsins www.vogar.is. Hún liggur einnig frammi á skrifstofu sveitarfélagsins að **löndal 2, 190 Vogum**.

Skriflegum ábendingum við efni lýsingarinnar má skila til skrifstofu **Sveitarfélagsins Voga, löndal 2, 190 Vogum**, eða á netfangið skrifstofa@vogar.is. Þær skulu berast eigi síðar en **27. mars 2019**.

Vogum, 13. mars 2019
F.h. bæjarstjórnar,
Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri

Fyrir utan áhættuna sem felst í flugrekstri og veitingu þjónustu til flugrekstraradila vantar sárlega fjármagn til þess að stækka og byggja upp flugstöðina.

Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA Capital Management



Staðreyndin er sú að það er margt sem ríkið getur gert vel og einkaaðilar líka.

Kristrún Mjöll Frostadóttir, aðalhaf-fræðingur Kviku banka



Viða erlendis hafa stjórnvöld reynt að losa um það fjármagn sem er bundið í flugvöllum.

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands



Mönnum er ekki sama um hverjir fjármagni eða eigi innviði.

Ómar Örn Tryggvason, framkvæmdastjóri Innviða fjárfestinga



Gæti verið metið á 150 milljarða króna

Miðað við hefðbundna EBITDA-margfaldara fyrir rekstrarfélög erlendra alþjóðflugvalla gæti heildarvirði Isavia, sem rekur Keflavíkurflugvöll, verið meira en 150 milljarðar króna.

Í nýlegri fréttaskýringu The Economist er bent á að frá árinu 2014 hafi umræddur margfaldari verið að minnsta kosti 15 í stórum viðskiptum með eignarhluti í flugvöllum. Sem dæmi var margfaldarinn 20 þegar Vinci keypti meirihluta hlutafjár í Gatwick-flugvöllinum í lok síðasta árs og 21 þegar danski lífeyris-

sjóðurinn ATP keypti 27 prósentu hlut ástralska fjárfestinga-sjóðsins Macquarie í Kastrup-flugvöllinum í Kaupmannahöfn á haustmánuðum 2017.

Jafnframt hafa fjárfestingar einkafjárfesta í flugvöllum að jafnaði skilað góðri ávöxtun, að sögn The Economist. Bandaríski innviðafjárfestirinn GIP, sem seldi riflega helmingshlut í Gatwick-flugvöllinum í desember, fjórfaldaði til dæmis fjárfestingu sína á tíu árum og fékk að auki 1,5 milljarða punda greidda í arði í millitíðinni.

leið draga úr áhættu ríkisins.

„Með því að lífeyrissjóðir taki þátt í fjárfestingum í flugvöllum þarf ríkið ekki að standa undir þeim miklu fjárfestingum sem eru þar fyrirhugaðar eða taka áhættu með það fjármagn því þetta er auðvitað áhættusamur rekstur. Skynsamlegt er að dreifa þeirri áhættu á fleiri hendur en eins og er tæki ríkið eitt á sig höggið ef illa færi,“ segir Ómar Örn.

Ómar Örn er, eins og áður sagði, framkvæmdastjóri Innviða fjárfestinga sem er stýrt af Summu rekstrarfélagi í samstarfi við Ursus, fjárfestingafélag Heiðars Guðjónssonar. Sjóðurinn hefur síðustu ár skoðað ýmsar innviðafjárfestingar og rætt við stjórnvöld um aðkomu sína að til að mynda stórum og fjármagns-frekum samgönguframkvæmdum í kringum höfuðborgarsvæðið, svo sem Sundabraut og nýjum Hvalfjarðargöngum. Ýmsar fjárfestingar í orkukerfinu og fjarskiptum hafa enn fremur verið til skoðunar.

Vantar sárlega fjármagn

Valdimar segir aðspurður nokkra þætti gera það að álitlegum kosti fyrir ríkið, sem eiganda Isavia, að skoða það að fá fleiri fjárfesta að borðinu. „Fyrir utan áhættuna sem felst í flugrekstri og veitingu þjónustu til flugrekstraradila vantar sárlega fjármagn til þess að stækka og byggja upp flugstöðina. Því væri ákjósanlegt að nýta tækifærið og sækja það viðbótarfjármagn til einkafjárfesta,“ nefnir hann.

„Fjárfesting í innviðum eins og rekstri flugstöðva gæti hentað mjög vel fyrir langtímafjárfesta eins og til dæmis lífeyrissjóði,“ bætir Valdimar við.

Þá megi benda á að hlutfall skiptifarþega af heildarfjölda farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll sé um 40 prósent. Með skiptifarþegum er átt við flugfarþega sem fara ekki úr Leifsstöð á leið yfir hafið.

„Það er ekki hægt að halda því fram,“ útskýrir Valdimar, „að sá hluti starfsemi flugstöðvarinnar sem snýr að millilendingum sé þjóðhagslega mikilvægur. Því er stundum haldið fram að flugstöðin verði að vera í eigu ríkisins því hún þjónusti þá sem eru á leið inn í og út úr landinu og sé þess vegna þjóðhagslega mikilvæg starfsemi. En það er hægt að líta á þessa tvo þætti aðskilið – það er að starfsemi sé tvenns konar,“ nefnir hann.

Annars vegar sé um að ræða fjárfestingu í flugstöð til þess að sinna skiptifarþegum og hins vegar fjárfestingu í flugstöð til þess að sinna farþegum sem eru að koma til og frá Íslandi, bæði íslenskum og erlendum ferðamönnum.

„Það er auðvelt að réttlæta það að einkafjárfestar sjái að minnsta kosti um rekstur fyrrnefndu starfseminnar, þ.e. sem snýr að skiptifarþegum, auk ýmiss konar þjónustu í kringum flugvöllinn, til dæmis bílastæðaðþjónustu,“ segir Valdimar.

Ekki eitt rétt svar

Kristrún Mjöll Frostadóttir, aðalhaf-fræðingur Kviku banka, segir að út frá sjónarmiðum um eignadreifingu geti verið skynsamlegt að fleiri en ríkið komi að fjármögnun innviðaverkefna. Þó eigi ríkið ekki að veigra sér við að ráðast í arðbær-

Fyrirhugaðar fjárfestingar á Keflavíkurflugvelli

Ár	Milljarðar króna
2019	21,5
2020	24,3
2021	24,9
2022	20,7

ar framkvæmdir. Ekki sé eitt rétt svar við því hvort ríkið eða einkafjárfestar eigi að fjármagna innviði. Það ráðist af því hvað sé arðbært og henti best hverju sinni.

„Umræðan um aðkomu annarra en ríkissjóðs að innviðaverkefnum hefur því miður oftast átt sér stað á hugmyndafræðilegum grunni, í eins konar skotgröfum, þar sem þeir sem standa vörð um ríkisrekstur segja að ríkið eigi að gera allt á meðan þeir sem styðja einkaframtakið vilja meina að einkaaðilar séu betri í öllu,“ nefnir Kristrún. Staðreyndin sé hins vegar sú að það sé margt sem ríkið geti gert vel og einkaaðilar líka. Þetta fari allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Hvað varðar aðkomu lífeyrissjóða að fjármögnun flugvalla bendir Ásgeir á að æskilegra sé fyrir þá að kaupa hlut í flugvöllum eða fjármagna þá með beinum hætti í stað þess að ríkið gefi til dæmis út skuldabréf til innviðafjármögnunar sem sjóðirnir kaupa.

„Lífeyrissjóðirnir fá þannig öruggari veð, í stað þess að taka allsherjarveð í efnahagsreikningi ríkisins, og þá tekur ríkið heldur ekki á sig auknar skuldbindingar. Það hefur jákvæð áhrif á láns hæfi og lánskjör ríkissjóðs,“ segir Ásgeir.

Þar með sé ekki sagt að ríkið eigi ekki að koma að innviðaverkefnum með neinum hætti. Staðreyndin sé hins vegar sú að ríkið geti ómögulega staðið straum af þeirri innviðafjárfestingu sem nú blasi við. Því skipti höfuðmáli að finna nýja farvegi til þess að fjármagna uppbyggingu innviða í stað þess að nota efnahagsreikning ríkisins.

„Það vantar nauðsynlega einka-fjármagn í innviði á Íslandi,“ nefnir Ásgeir. „Fyrirséðar eru gríðarlegar fjárfestingar í slíkum verkefnum. Ríkið getur lagt sitt af mörkum. Það getur til dæmis losað um 300 til 400 milljarða króna sem það er með bundið sem eigið fé í bankastofnunum og lagt þá fjármuni í samfélagslega innviði á borð við skóla, sjúkrahús og vegi sem geta skilað miklum þjóðhagslegum ábata,“ nefnir Ásgeir.

Fjármuninum væri mun betur varið í slíka innviði en í áhættusaman rekstur líkt og bankarekstur.

„Ég tel því að sala á bönkunum sé ein forsenda þess að við getum ráðist í þær fjárfestingar í innviðum sem nauðsynlegar eru. Samgöngu-kerfi landsins er til dæmis nú orðið nokkrum númerum of lítið fyrir þjóðina og það sama á við um flugstöðina,“ segir Ásgeir.

Brýnt að nýta tækifærið

Kristrún bendir á að skuldastaða ríkissjóðs hafi breyst hratt til betri vegar á undanförunum árum. Fá ríki innan OECD geti státað af jafnlágrri skuldsetningu, samhliða afgangi af ríkissjóði, og Ísland. „Þess utan hefur fjármögnunarkostnaður ríkissjóðs sjaldan verið lægri og

þrátt fyrir að erfitt sé að spá fyrir um þróun vaxta tel ég ólíklegt að vaxtastig muni hækka mikið til lengri tíma lítið, sér í lagi ef staða ríkissjóðs verður áfram eins góð og raun ber vitni.“

Ríkið þurfi þannig, þegar komi að innviðafjárfestingum, að meta hver sé arðbærni fjárfestinganna borið saman við kostnað þeirra. Skuldsetning geti borgað sig ef hún sé vegna fjárfestingar sem sé arðbær og komi á réttum tíma í hag-sveiflunni. Margt bendi til þess að arðsemi nauðsynlegra innviðafjárfestinga sé töluvert umfram fjármagnskostnað ríkissjóðs.

Þá sé enginn sparnaður fölginn í því að fjárfesta ekki í innviðum, enda sé það aðeins annað form skuldsetningar sem geti vafið upp á sig ef því sé ekki sinnt.

„Þegar kemur að stórum fjárfestingum sem flokkast ekki sem hefðbundin rekstrarútgjöld í fjárlögum, heldur einskisútgjöld, þá tel ég mikilvægt að við nýtum þá góðu stöðu sem við erum í til þess að ráðast í arðbærar innviðafjárfestingar,“ segir Kristrún og bætir við:

„Þess vegna hef ég bent á að það sé svigrúm fyrir hendi hjá ríkinu og að í umræðunni um fjárútlát ríkisins verði að skilja sundur gagnrýni á rekstrarútgjöld annars vegar og hins vegar fjárfestingarútgjöld sem eru í rauninni fjárfesting í framtíðarhagvexti.“

Kristrún nefnir einnig að hag-sveiflan haldi ekki aftur af okkur um þessar mundir. „Atvinnuvega-fjárfesting er að dragast hratt saman og vöxtur í opinberri fjárfestingu er að miklu leyti að halda hagvextinum gangandi þetta árið. Þetta er því klassískur tími fyrir ríkið til þess að láta til sín taka. Jákvæð margfeldisáhrif af slíkum fjárfestingum eru hvað mest þegar eftirspurn í hagkerfinu er að dragast saman.“

Horfi til eignadreifingar

Þó þarf einnig, að mati Kristrúnar, að horfa til æskilegrar eignadreifingar innan- og utanlands.

„Við erum með stóra lífeyrissjóði sem eru að leita að fjárfestingartækifærum, bæði hér innanlands en einnig stendur vilji þeirra til þess að auka enn frekar fjárfestingar sínar erlendis. Hlutfall erlendra eigna af heildareignum sjóðanna er í kringum 28 prósent um þessar mundir og vilja margir sjóðir sjá þetta hlutfall fara hátt í 50 prósent.“

Þó vonast sé eftir auknu innflæði fjármagns á verðbréfamarkað vegna nýlegrar lækkunar bindiskyldu á erlent fjármagn er ekki víst að þær upphæðir nægi til þess að mæta væntu útfleði lífeyrissjóða.

Þá þarf einnig að horfa til þess hvers konar fjármagn við viljum láða til landsins en langtímafjárfestar sem flokkast undir stóra stofnanafjárfesta þykja jafnan eftirsóknarverðir. Innviðir eru líklega einn af bestu fjárfestingarkostunum fyrir slíka fjárfesta, vegna stærðargráðu verkefnanna,“ segir Kristrún og bendir á að slíkar fjárfestingar falli undir beina erlenda fjárfestingu sem sé sú öruggasta sem hægt sé að hugsa sér fyrir hagkerfið. Erfitt sé að losa um beina fjárfestingu ef efnahagslægð gengur yfir.

Á sama tíma myndi, að sögn Kristrúnar, skapast aukið svigrúm fyrir íslensku lífeyrissjóðina til þess að fjárfesta í innviðum annarra landa og öðrum erlendum fjármála-gerningum til móts við þá erlendu fjárfestingu sem hingað fengist, án þess að raska gengi krónunnar um of.

„Umræðan um innviðaframkvæmdir á því ekki að snúast um það hvort fjármagnið sé fyrir hendi, þar sem ríkið getur vel fjármagnað þessar framkvæmdir eins og staðan er í dag og áhugi er á meðal einkaaðila.“

Spurningin er frekar í hversu miklum mæli ríkið ætti að leitast við að bæta eignadreifingu sparnaðar hér innanlands sem og þjóðar-búsins í heild og þess vegna hleypa hluta framkvæmdanna í einkaframkvæmd,“ segir Kristrún.



fækkun í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hratt

Íslensku flugfélaganna að fjármögnun innviða.

ferðamála, sem hefur sagt það óskynsamlegt að skattgreiðendur beri alla ábyrgð á rekstri flugstöðvarinnar. „Í mínum huga er það skynsamlegt að skoða það að fá fjárfesta að þeirri uppbyggingu,“ var haft eftir henni í kvöldfréttum Stöðvar 2 árið 2017.

Því til viðbótar hafa forsvarsmenn stóru íslensku flugfélaganna tveggja – Icelandair og WOW air – hvatt til þess í gegnum árin að eignarhaldi flugvallarins verði breytt svo unnt sé að halda í við stórua-kinn straum farþega um völinn.

„Það er galið að íslenska ríkið skuli taka svona mikla áhættu við uppbyggingu á flugvöllum,“ sagði Björgólfur Jóhannsson, þáverandi forstjóri Icelandair Group, á fundi á vegum Íslandsbanka snemma árs 2017.

Samkvæmt nýlegum svörum Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, við fyrirspurn Smára McCarthy, þingmanns Pírata, áformar Isavia að ráðast í fjárfestingar upp á riflega 91 milljarð króna til loka árs 2022. Er áætluð fjárfesting á hverju ári á bilinu 20 til 25 milljarðar króna.

Fjárfestingarnar eru hluti af þróunaráætlun fyrirtækisins, svonefndu masterplani sem kynnt var árið 2015, en þegar framkvæmdum vegna hennar lýkur árið 2040 á Keflavíkurflugvöllur að geta tekið á móti allt að 14 milljónum farþega á hverju ári, sé miðað við sömu dreifingu álags og var árið 2015. Til

Minnihlutinn og margfeldiskosning



Friðrik Friðriksson
hagfræðingur og fjármálastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

Í mörgum félögum eru haldnir aðalfundir þessar vikurnar og á dagskrá eru stjórnir kjörnar til að fara með málefni félaganna næsta árið. Greinarmunur er gerður á vissum sviðum á milli kosninga í hlutafélögum og í einkahlutafélögum. Í þeim síðarnefndu eru gjarnan færri hluthafar og lægra heildarhlutfé.

Eyjólfur Konráð Jónsson, fyrrum alþingismaður, var frumkvöðull og eldhugi, um það bera verk hans vitni. Sem þingmaður var hann óþreypandi við að ýta undir þátttöku almennings í eignarhaldi í fyrirtækjum sem byggju um leið við trausta lagaumbjóðing og líkur væru á að verðmæta-sköpun yrði í þeim. Hann sá tækifærin við almenningshlutafélögin sem síðar hafa orðið drifkraftur atvinnulífsins. Frá áttunda til tíunda áratug síðustu aldar kom Eykon að margs konar lagasetningu á Alþingi sem miðaði að því að auka skilvirkni í umgjörð hlutafélaga og um leið var gætt að hagsmunum einstakra hluthafa, sem var alltaf ofarlega í huga. Ýmsir aðrir komu auðvitað við sögu, sem við getum kallað framfarasögu í fyrirtækjaumhverfinu, þótt nafn Eykons beri ávallt hátt.

Oft er rætt um að við Íslendingar innleiðum nánast sjálfkrafa flest úr löggjöf nágranna okkar en einnig ráða alþjóðlegir samningar þó för og þá sérstaklega EES-samningurinn. En einnig sú staðreynd að óþarfi er að finna upp hjólið í öllum málaflökkum, framfaraskref í einu landi gagnast okkur einnig. Svo bregður við að þegar kemur að kosningu í stjórn hlutafélags er íslenska löggjöfin einstök og til fyrirmyndar.

Í stuttu máli þá virðist gilda sú meginregla í flestum löndum að stjórn í hlutafélagi er oftast kjörin með meirihlutakosningu. Sé kosið

um fimm manna stjórn til að mynda þá getur hver hluthafi nýtt sitt atkvæði jafnoft og þeir menn eru margir sem kjósa skal um. Þetta kosningaform getur leitt af sér þá niðurstöðu að einfaldur meirihluti hluthafa á hluthafafundi kjósi alla stjórnarmennina, þótt þeir hafi ekki vægi til þess miðað við atkvæðafjölda. Með þessu móti getur meirihlutinn nánast ráðið flestu og minnihlutinn nýtur ekki eðlilegs vægis við kosningu stjórnar.

Það sem aðgreinir Ísland frá nágrannalöndum okkar er að í íslenski löggjöf er að finna reglur um að tiltekið hlutfall hluthafa geti krafist þess að beita skuli öðrum kosningaaðferðum en meirihlutakosningu við stjórnarkjöri.

Margfeldiskosning í hlutafélögum (eða hlutfallskosning) tryggir hins vegar rétt minnihlutans. Munurinn er þessi: Hver hluthafi getur aðeins nýtt sitt atkvæðavægi einu sinni, ekki aftur og aftur. Virknin er sú með einföldu dæmi að sé framþjóðandi í fimm manna stjórn með stuðning hluthafa sem hafa yfir að ráða um 17% hlutfjárins þá mun hann örugglega vinna stjórnarsæti (hlutfallið sem þarf fer m.a. eftir mætingu á fundinn). Þannig hefur minnihlutann tekist að fá áhrif í samræmi við styrk sinn sem í meirihlutakosningum gerist ekki. Við Íslendingar eigum að vera stoltir af þessari réttarbót þar sem engum öðrum Norðurlandþjóðum hefur auðnast að fylgja okkur svo vitað sé. Megintilgangur var að tryggja rétt minnihlutans til áhrifa.

Að lokum má nefna að það gilda aðeins mismunandi reglur á milli hlutafélaga og einkahlutafélaga. Á hluthafafundum í hlutafélögum má beita meirihlutakosningu, hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu en á hluthafafundum í einkahlutafélögum má einungis beita meirihlutakosningu eða hlutfallskosningu. Í báðum félagaformum er meirihlutakosning meginreglan nema höfð sé uppi krafa um aðra tegund kosningar. Þá gilda reglur um tímafresti fyrir fund svo og lágmarkshlutfall hluthafa sem geta óskað eftir kosningu.



Katrín segir uppstillingu verkalyðshreyfingarinnar til þess fallna að valda sem mestum skaða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Langar að finna ró og næði í sveitalífinu

Svipmynd

Katrín Pétursdóttir

Menntun:
Iðnrekstrarfræðingur

Starf:
Forstjóri Lýsis hf.

Fjölskylda:
Gift Jóni Guðlaugssyni framkvæmdastjóra. Við eigum dóttur og 5 ára dótturson.

Hvernig er morgunrútinan þín?

Flestir morgnar byrja í Sundlaug Seltjarnarness. Það er frábær leið að hefja daginn með hreyfingu og andlegri og líkamlegri hreinsun. Þaðan liggur leiðin í vinnuna þar sem boðið er upp á staup af lýsi

með morgunkaffinu. Af því að þetta kostabod er frítt þá þigg ég gjarnan tvö staup en eins og alþjóð veit er lýsi allra meina bót.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Helstu áhugamálin eru samvera með barnabarninu. Hann er svo ótrúlega skemmtilegur snáði. Á sumrin er það svo sveitalíf og laxveiði í bland. Það er hvergi í heiminum betra að vera en á góðum sumarardegum úti í íslenski náttúru. Ég er þess líka aðnjótandi að fylgjast með hestamennsku dóttur og tengdasonar og njóta þess að sjá fegurð og hæfileika sem íslenski hesturinn hefur upp á að bjóða.

Hver er bókin sem ert að lesa eða last síðast?

Ég er að lesa ævisögu Katrínar miklu eftir Jón Þ. Þór. Alveg mögnuð lesning og hún hefur verið stórmerkileg manneskja. Sennilega voru mestu landvinningar Rússa á hennar tímum.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Ég ætla að vera komin í ró og næði og kannski bara orðin sveitakona. Stend og baka alla daga og tek á móti gestum og gangandi, segi sögur og hlæ allan daginn.

Hvers konar stjórnunarhætti hefurðu tileinkað þér og hvers vegna?

Ég held að minn stjórnunarstill felist fyrst og fremst í því að fá fólk til samstarfs á réttum forsendum og treysta samstarfsmönnum mínum fyrir verkefnum. Linurnar eru samt skýrar en ég er ekki að horfa yfir öxlina á fólk. Ég er mjög dugleg að deila verkefnum og þá sérstaklega mínum verkefnum.

Ég er svo lánsöm að hafa haft sama samstarfsfólk í Lýsi síðastliðin 20 ár. Sama stjórnarformann og sömu framkvæmdastjórn. Fyrir 20 árum vorum við ung og áráðin eins og sést á uppbyggingu fyrirtækisins á þessum árum sem liðin eru. Í dag höfum við því sterka stöðu á alþjóðamarkaði með bestu framleiðslutæki sem völ er á. Við höfum á þessum tíma verið fram-sækin á erlendum mörkuðum með góðum árangri en 95 prósent af veltu fyrirtækisins eru af útfluttum afurðum. Fimm prósent veltunnar eru á innanlandsmarkaði sem þó er okkur afar mikilvægur.

Hver hefur verið helsta áskorun Lýsis síðustu misseri?

Áskorun fyrir útflutningsfyrirtæki eins og Lýsi er alltaf þróun gengismála. Það sem er verst er óstöðugleiki í gengismálum og almennt ófyrirsjáanlegar breytur eins og miklar kostnaðarhækkningar. Við verðum að muna að við erum í samkeppni með okkar vörur á erlendum mörkuðum sem búa við

Fyrir 20 árum vorum við ung og áráðin eins og sést á uppbyggingunni á þessum árum sem liðin eru.

Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis

stöðugleika ólíkt okkur. Það er skylda stjórnvalda að búa atvinnu-fyrirtækjum hagfellt og stöðugt umhverfi til að geta keppt á erlendum mörkuðum. Svo helst afkoma heimila í hendur við afkomu fyrirtækja þar sem hvorugt getur án hins verið.

Hver er helsta áskorunin framundan í rekstrarumhverfinu?

Það sem blasir við núna eru átök á vinnumarkaði. Það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir fyrirtæki eins og Lýsi ef ekki næst ásættanleg lending í þeim málum fyrr en seinna til að eyða óvissu. Það getur skaðað ímynd okkar verulega og þá sérstaklega í ferðaþjónustu ef til verfalla kemur. Þessi uppstilling verkalyðshreyfingarinnar virðist vera til þess fallin að valda sem mestum skaða. Ég tel að samningaleiðin sé alltaf vænlegri til árangurs.

Sérðu fyrir þér breytingar eða ný tækifæri í sölu og markaðssetningu á lýsisvörum?

Við erum um þessar mundir að setja nýja vörulínu á markaðinn í netverslun okkar lýsi-life.is. Hún gefur fólk tækifæri á að taka próf og fá í kjölfarið leiðbeiningar um hvaða vara muni helst hjálpa því. Þannig erum við að nálgast neytendur um allan heim beint í gegnum netverslun okkar hvar sem er. Enn er þó vefsíðan einungis á ensku, en mun í framhaldinu einnig verða aðgengileg á íslensku.

Við leggjum mikið upp úr vörupróun hér í Lýsi hf. og má segja að unnið sé að vöru- og vinnsluþróun í rannsóknar- og þróunardeild fyrirtækisins af miklum metnaði. Við lítum svo á að við séum leiðandi framleiðandi á sviði lýsisvinnslu í heiminum og þurfum því að vera fremst á meðal jafningja í gæðum á vörum fyrirtækisins.

Stór hluti af erlendri markaðssetningu okkar gengur út á hreinleikamynd Íslands. Það er því mikilvægt fyrir allar íslenskar afurðir að yfirvöld standi sig í loftslagsmálum og verði öðrum þjóðum til fyrirmyndar í umhverfis- og endurvinnslumálum.

KLAPPÍR

Aðalfundur Klappa grænna lausna hf.

Aðalfundur Klappa grænna lausna hf. verður haldinn á Hotel Nordica, í ráðstefnusalnum Vox Club á jarðhæð, miðvikudaginn 10. apríl 2019, og hefst hann kl. 16:00.

Á dagskrá fundarins verða eftirtalin mál:

- 1 Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
- 2 Önnur mál sem eru löglega borin fram.

Á fundinum verður lögð fram tillaga stjórnar um breytingu á grein 2.01.5 samþykpta félagsins um heimild til stjórnar um að auka hlutfé félagsins um allt að 50. m.kr. með útgáfu nýrra hluta í B-flokki hlutabréfa. Miðað er við að núverandi hluthafar falli frá forgangsrétti. Markmið með útboðinu er að styðja við dreifingu á hugbúnaði félagsins á alþjóðlegum mörkuðum og fjölga notendum.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðenda, munu verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, **Austurstræti 17, 5. hæð**, tveimur vikum fyrir aðalfund.

Öll gögn verða lögð fram fyrir hluthafa á síðunni www.klappir.is/fjarfestar.

Aðgöngumiðar og atkvæðaseðlar verða afhentir á fundarstað frá kl. 15.45. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í A-flokki hlutabréfa. B-hlutabréf hafa ekki atkvæðarétt.

Stjórn Klappa grænna lausna hf.

Tæknin gerir stórfyrirtæki fallvaltari

Ritstjóri tæknitímaritsins WIRED í Bretlandi segir að ekkert fyrirtæki sé óhult fyrir þeim breytingum sem tækniframfarir hafa í för með sér. Erfiðara sé að halda ráðandi stöðu á mörkuðum. Heldur erindi á ráðstefnu Samtaka verslunar og þjónustu á morgun.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is




Tækniframfarir hafa gjörbylt landslagi atvinnulífsins með þeim hætti að stórfyrirtæki eiga erfiðara með að halda ráðandi stöðu á markaðinum. Þetta segir Greg Williams, aðalritstjóri tímaritsins WIRED Magazine í Bretlandi, í samtali við Markaðinn. Greg, sem er virtur sérfræðingur þegar kemur að tækniframförum og hvernig þær hafa áhrif á viðskiptalífið og samfélög okkar, verður aðalræðumaður á ráðstefnu Samtaka verslunar og þjónustu sem verður haldin á Hilton Nordica á morgun.

„Við erum stödd á tímum rótækra breytinga sem munu hafa áhrif á hvert einasta fyrirtæki og hverja einustu manneskju á marga vegu,“ segir Greg og tekur áhrif snjallsíma sem dæmi. „Við höfum greiðan aðgang að nær öllum upplýsingum sem hafa verið skráðar. Við höfum aðgang að bestu tölvutækni sem hefur verið sköpuð. Í vissum skilningi erum við orðin nokkurs konar lifandi vélmenni (e. cyborg).“

Tækniframfarir á borð við snjallsíma hafa breytt viðskiptalíkönunum fyrirtækja og samkeppnisumhverfinu sem þau starfa í. Þetta endurspeglast í meðallíftíma þeirra fyrirtækja sem mynda S&P 500 vísitöluna sem mælir virði 500 veltumestu fyrirtækja á Bandaríkjamarkaði.

„Ef við skoðum meðallíftíma fyrirtækjanna þá var hann 55 ár árið 1960. Hann hafði lækkað niður í 25 ár árið 2000 og dag er hann um 18 ár. Þetta bendir til þess að það sé erfiðara fyrir stór fyrirtæki en áður að halda sterkri stöðu á markaðinum.“

Greg segir að ein af ástæðum þessarar þróunar sé sú að kostnaður við að stofna fyrirtæki hafi hriðfallið. „Kostnaðurinn við að setja á fót fyrirtæki hefur farið úr fimm milljónum Bandaríkjadala árið 2000 í einhverja tug þúsunda dollara í dag. Auðveldara aðgengi að mörkuðum hefur gjörbreytt landslaginu,“ segir Greg.



Snjallsíminn var ein byltingarkenndasta tækninýjung síðari ára. Hann hafði áhrif á fólk og fyrirtæki með margvislegum hætti. NORDICPHOTOS/GETTY

Áhugaverðustu fréttamálin tengjast tækni

WIRED er mánaðarlegt tímarit sem fjallar aðallega um vísindi og tæknimál. Greg Williams tók við ritstjórstöðunni í janúar 2017. Hann segist alltaf hafa haft áhuga á því hvernig tækniframfarir hafa áhrif á samfélög.

„Ég er heppinn að vinna á þessum vettvangi vegna þess að áhugaverðustu málin í dag tengjast tækniframförum. Eina

vikuna gætum við verið að skrifa um siðfræðileg álitamál er varða gervigreind og aðra vikuna um það hvernig hægri öfgamenn hafa nýtt sér YouTube. Eina krafan sem ég geri til starfsmanna er að allt sem við birtum verði að hafa eitthvað nýtt fram að færa svo að lesandinn skilji heiminn örlítið betur.“

„Ekkert stórfyrirtæki, hvort sem það er fjármálafyrirtæki eða bílaframleiðandi, er óhult vegna þess að fjöldi nýsköpunarfyrirtækja mun reyna að sundurþátta þjónustuna sem það veitir.“

Greg tekur dæmi um markaðinn fyrir tæknilausnir fyrir bandaríski

heimili og á þar við hitastilla, öryggiskerfi, nettengingar og fleira. Hann segir að áður fyrr hafi bandaríski tæknirísinn Honeywell verið allsráðandi á markaðinum en nú séu hátt í 70 fyrirtæki í samkeppni. Þá segir hann að tækniframfarir hafi gert það að verkum að fyrirtæki

Við erum stödd á tímum rótækra breytinga sem munu hafa áhrif á hvert einasta fyrirtæki og hverja einustu manneskju.

Greg Williams, aðalritstjóri WIRED UK



þar sem fólk ber okkur saman við jafningja. Það er verið að bera þig saman við þá bestu sama í hvaða bransa þú ert.“

Heldurðu að fólk og fyrirtæki átti sig almennilega á því hversu örur þessar breytingar eru?

„Það fer eftir því hvaða atvinnugrein við erum að tala um. Smásölurisar í Evrópu og Bandaríkjunum hafa til dæmis átt undir högg að sækja vegna vaxtar í netverslun. Í öðrum geirum eins og fjárfestingabankastarfsemi hefur þróunin ekki verið jafn hröð. Byltingarkennd tækni eins og snjallsíminn er sjaldgæf en ég held að fólk finni fyrir þeim breytingum sem tækniframfarir eru að valda. Nýlega var bíla-verksmiðju Honda í Swindon lokað og 3.500 manns sagt upp vegna þess að Honda vill einblína á framleiðslu rafbíla. Við munum halda áfram að sjá þróun í þessa átt.“

Miðlun persónuupplýsinga til Bretlands í kjölfar Brexit



Áslaug Björgvinsdóttir
lögmaður og einn eigenda LOGOS

Það hefur varla farið fram hjá neinum að sá möguleiki er fyrir hendi að Bretland gangi úr Evrópusambandinu án útgöngusamnings. Sú staða getur haft gríðarlegar afleiðingar í för með sér fyrir þá sem eiga í viðskiptum við Bretland. Að mörgu er að huga á því sambandi og þar á meðal er miðlun á persónuupplýsingum frá Íslandi til Bretlands. Í dag byggir miðlun persónuupplýsinga frá Íslandi til Bretlands á persónuverndarreglugerð ESB sem tryggir að persónuupplýsingar njóta sömu verndar á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Fyrirtæki og stofnanir hafa því hingað til ekki þurft að huga sérstaklega að miðlun

persónuupplýsinga til Bretlands svo miðlunin teljist lögmæt.

Útganga Bretlands úr ESB án samnings mun hins vegar, að öllu óbreyttu, hafa þær afleiðingar að Bretland mun teljast sem svokallað þriðja ríki og verður miðlun þangað því óheimil nema viðkomandi fyrirtæki eða stofnun, sem flytja vill persónuupplýsingar þangað, gripi til sérstakra ráðstafana. Þær verndarráðstafanir sem hægt er að grípa til eru nokkrar og fer það eftir starfsemi og eðli aðila hvaða verndarráðstöfun á best við hverju sinni, en jafnframt skiptir máli um hvers konar miðlun persónuupplýsinga er að ræða.

Þær verndarráðstafanir sem koma helst til greina eru í fyrsta lagi svokallaðir staðlaðir samningsskilmálar sem hafa verið samþykktir af framkvæmdastjórn ESB. Notkun þeirra felur það í sér að íslenska fyrirtæki eða stofnunin sem vill flytja upplýsingar til Bretlands þarf að gera skriflegan samning við móttakanda upp-

Vert er að hafa í huga að ólögmæt miðlun persónuupplýsinga utan EES-svæðisins telst alvarlegt brot á persónuverndarlögum.

lýsinganna í Bretlandi sem byggir á þessum stöðluðu samningsskilmálum. Í öðru lagi koma til greina svokallaðar bindandi fyrirtækjareglur ef um miðlun er að ræða milli félaga í sömu samstæðu. Bindandi fyrirtækjareglur fela í sér samning milli félaganna í samstæðunni þar sem samið er um það hvernig skuli vinna með persónuupplýsingar. Áður en hægt er að byggja miðlun á sliikum reglum þarf Persónuvernd hins vegar fyrst að samþykkja þær. Í þriðja lagi getur íslenska fyrirtæki eða stofnunin óskað eftir samþykki fyrir miðluninni frá þeim einstaklingum sem viðkomandi persónuupplýsingar tilheyra. Samþykkja

þurfi að horfa á samkeppni í víðara samhengi.

„Landfræðilegar takmarkanir eru að hverfa. Ef þú rekur verslun þá ertu ekki bara í samkeppni við verslanir í sömu borg. Þú ert í samkeppni við mörg fyrirtæki úti í heimi. Við lifum ekki lengur í heimi

verður miðlunina sérstaklega og ekki er fullnægjandi að bæta við ákvæði í viðskiptaskilmála auk þess sem einstaklingarnir verða að eiga raunverulegt val um hvort þeir samþykkja miðlunina eða ekki svo samþykkið teljist gilt. Í fjórða lagi getur miðlun í ákveðnum tilvikum jafnframt talist nauðsynleg á grundvelli samnings við viðkomandi einstakling.

Að öllu óbreyttu mun Bretland ganga úr ESB án útgöngusamnings þann 29. mars næstkomandi. Fyrir þann tíma er mikilvægt að íslensk fyrirtæki og stofnanir kortleggji hvort verið sé að miðla einhverjum persónuupplýsingum til Bretlands. Í því sambandi þarf að hafa í huga að það eitt að veita aðila í Bretlandi aðgang að persónuupplýsingum getur falið í sér miðlun. Það sama á við ef upplýsingar eru hýstar í Bretlandi.

Þegar slikt kortlagning hefur átt sér stað þarf að ákveða til hvaða verndarráðstöfunar eigi að grípa. Með hliðsjón af því hversu knapp-

ur tími er til stefnu er mikilvægt að velja þá verndarráðstöfun sem raunhæft er að innleiða á stuttum tíma, en líklegt er að staðlaðir samningsskilmálar eigi þar oft best við. Þá þarf að tryggja að einstaklingar séu upplýstir um að upplýsingum þeirra kunni að vera miðlað til Bretlands og á hvaða grundvelli sú miðlun á sér stað. Það má því einnig búast við því að uppfærsla á persónuverndarstefnum verði nauðsynleg.

Vert er að hafa í huga að ólögmæt miðlun persónuupplýsinga utan EES-svæðisins telst alvarlegt brot á persónuverndarlögum. Slikt brot geta varðað háum sektum, allt að 2,7 milljónum íslenskra króna eða 4% af árlegri heildarveltu félags á heimsvísu. Það er því full ástæða til að fylgjast vel með framþróun mála í Bretlandi og grípa til nauðsynlegra ráðstafana svo ekki þurfi að stöðva alla miðlun persónuupplýsinga til Bretlands fari svo að Bretland gangi úr ESB án útgöngusamnings í lok marsmánaðar.

Skotsilfur



Óbreyttur fjöldi

Beir sem vonuðust eftir því að stjórnvöld myndu nýta sér þau tækifæri sem skapast til hagræðingar við sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins urðu fyrir vonbrigðum þegar drög að frumvörpum vegna sameiningarinnar voru birt í síðustu viku. Þar stendur skýrum stöfum að störf hjá síðarnefndu stofnuninni verði ekki lögð niður heldur flutt til Seðlabankans. Því sé lagt til að allir starfsmenn haldi störfum sínum og það á óbreyttum launakjörum. Lendingin kemur þó lítið á óvart enda hafði **Katrín Jakobsdóttir** forsætisráðherra þvertekið fyrir að til stæði að fækka fólki við sameininguna.



Stóð tæpt

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, náði naumlega að knýja fram samþykki til að ganga til verkfalla. Í kosningunni samþykktu aðeins 52,25 prósent verkfallsaðgerðir en 45,33 prósent voru á móti. Niðurstaða kosninganna staðfestir það sem öllum er þegar ljóst: Það er engin stemning fyrir umfangsmeiri verkfallsaðgerðum á meðal félagsmanna VR. Sjálfur segist Ragnar Þór hafa vonast eftir meira afgerandi niðurstöðu. Kemur því ekki á óvart að formaðurinn hafi útilokað allsherjarverkföll hjá stéttarfélaginu þar sem allar líkur eru á því að félagsmenn VR myndu fella tillöguna.



Ríkisbanki til aðstoðar

Bogi Nils Boga-son, forstjóri Icelandair Group, var harðorður í garð ríkisfyrirtækisins Isavia á aðalfundi flugfélagsins í síðustu viku. Sagði hann keppinauta hafa fengið að safna upp skuldum á Keflavíkflugvelli, og átti þá vitaskuld við skuld WOW air við Isavia, og það skekkti verulega samkeppnisstöðuna. Það var því kaldhæðni örlaganna þegar upplýst var um það í byrjun vikunnar að Landsbankinn hefði komið Icelandair Group til aðstoðar með tíu milljarða króna lánveitingu. Flugfélagið er þannig fjármagnað af báðum ríkisbönkum landsins.



Verðhrun á hlutabréfum Boeing



Hlutabréfi Boeing hriðfelli í verði í kauphöllinni í New York í gær og í fyrradag og hafa um 2.500 milljarðar króna af markaðsvirði flugvélaframleiðandans þurrkast út. Fjölmörg flugfélög víða um heim kyrrsettu í gær flugvélar af tegundinni Boeing 737 MAX en tvær þess konar vélar hafa farist með fimm mánaða millibili. Framleiðandinn sagðist í yfirlýsingu í gær hafa fullan skilning á aðgerðum flugfélaganna. NORDICPHOTOS/GETTY

Af hverju hamfarir?



Jóhannes Þór Skúlason framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Að undanförunu hefur heilmikil umræða farið fram um boðaðar verkfallsaðgerðir Eflingar og VR sem beinast gegn ferðaþjónustufyrirtækjum. Eins og gefur að skilja við aðstæður sem þessar eru sjónarmiðin sem fram hafa komið ansi ólík eftir því hvorum megin sanningaborðsins álitsgjafarnir sitja.

Á það hefur verið benti að sífelld stærrí orð séu notuð í þessum orða- og pennaskyldum á síðum og ljósvakaöldum fjölmiðlanna. Undirrituðum hefur þar meðal annars verið legið á hálsi að nota orð eins og árásir og hamfarir um aðgerðirnar og afleiðingar þeirra. Og víst eru það afgerandi orð. En þegar staðreyndirnar eru skoðaðar kemur í ljós að það er einfaldlega ekki hægt að lýsa þessu á annan hátt.

Tjónið er þegar hafið

Þegar þetta er skrifað hafa mánaðarlangar verkfallahrinur með hléum

verið boðaðar á tugum hótela og hópferðafyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Tjónið vegna þeirra er hins vegar þegar hafið og byrjað að safnast hratt upp. Tjón fyrirtækjanna sem verða fyrir aðgerðunum, tjón annarra ferðaþjónustufyrirtækja um allt land, tjón fyrirtækja sem þjónusta þessi fyrirtæki á ýmsan hátt (bakarinn, þvottahúsið, bifreiðaverkstæðið o.s.frv.), tjón ríkis og sveitarfélaga sem tapa skattgreiðslum, tjón launafólks sem mun missa störf, tjón samfélagsins í heild sem tapar gjaldeyriskjóm sem annars myndu nýstast til uppbyggingar atvinnulífs og viðhalds lífskjara um allt land.

Það er ósköp einfalt að afgreiða svona upptalningu sem hræðsluáróður auðvaldsins. Það eru ódýr orð. En staðreyndirnar tala sínu máli og það þarf ekki að hlusta á atvinnurekendur til að heyra þær. Það er hægt að spyrja Seðlabankann, Hagstofuna, fjármálaráðuneytið, hagfræðiprófessora – nánast alla leikmennina á skákbörði efnahagslífsins nema formenn fjögurra verkalyðsfélaga – og fá sama svar.

Beint fjárhagslegt tjón þeirra fyrirtækja sem eru skotmörk verkfalla, hótela og hópferðafyrirtækja, getur numið rúmlega 250 milljónum á dag ef allt fer á versta veg. Áttján dagar af slíku valda um 4,5 millj-

Beint fjárhagslegt tjón þeirra fyrirtækja sem eru skotmörk verkfalla, hótela og hópferðafyrirtækja, getur numið rúmlega 250 milljónum króna á dag

arða tjóni hjá þessum fyrirtækjum einum. Þess konar tjón þýðir að samfélagið tapar tæpum 600 milljónum af nettó skatttekjum. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að ekkert afleitt tjón er inni í þessum tölum. Ofan á það bætast öll óbein og afleidd áhrif á önnur fyrirtæki og atvinnulífið í heild. Óbein áhrif eru gjarnan metin allt að tvöföld á við beinu áhrifin.

Fordæmalaus óvissa

Þetta ástand bætist ofan á spá um fækkun farþega á árinu og 10% fækkun flugsæta yfir háönnina og þar með minni tekjumöguleika fyrirtækjanna til að vinna upp á móti auknum kostnaði. Nýjustu tölur sýna að nýtingarhlutfall hótela á höfuðborgarsvæðinu er 10-12% lægra það sem af er árinu 2019 en í fyrra. Og það þýðir undantekningarlaust að nýtingarhlutfallið lækkar enn meira á landsbyggðinni. Á sama tíma er rekstur flugfélags sem flytur

tugi prósentu af ferðamönnum til Íslands í óvissu. Ekkert af þessu eykur líkur ferðaþjónustufyrirtækja á því að standa undir hækkun launa um tugi prósentu.

Ofan á þetta og ýmsa fleiri svipada þætti bætist að erlend fyrirtæki sem verkföll taka ekki til herja nú á viðskiptamenn íslenskra fyrirtækja með undirboðum og þeim skilaboðum að það sé ekkert verkfall hjá þeim. Slíkt er bæði þegar búið að tryggja fækkun starfa hjá hópferðafyrirtækjum og vinnur beint gegn sameiginlegum markmiðum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um að berjast gegn félagslegum undirboðum og skattaundanskotum. Vinnur sem sagt beint gegn hagsmunum bæði fyrirtækja, launafólks og samfélagsins í heild.

Af hverju að velja hamfarir?

Á meðan formenn Eflingar, VR, VLFA og VLGRV skipuleggja hamfarir í ferðaþjónustu sem valda munu öllum í samfélaginu gífurlegu tjóni sitja reyndustu verkalyðsleiðtogar landsins við sanningaborðið í Karphúsinu og freista þess að ná sameiginlegri sýn á álitamálin og finna lausnir á áskorunum kjaraviðræðnanna. Og stóra spurningin sem ekki virðist fást skýrt svar við er þessi: Af hverju eru þau ekki líka þar?

Ísland skapar ekki nógu áhugaverð störf

SKOÐUN

Helgi Vífill Júlíusson



Það þarf að snúa við þeirri óheillaþróun að ungt menntað fólk flytji af landi brott í miklum mæli. Það á sér stað á sama tíma og erlendir verkamenn hafa flutt unnvörpum til landsins. Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands, vakti athygli á þróuninni í

Fréttablaðinu á fimmtudag.

Þetta er spegilmynd af vandanum sem við er að etja. Íslenskt hagkerfi byggir í æ ríkara mæli á náttúruauðlindum í stað hugvits í kjölfar uppgangs í ferðaþjónustu. Stóðir hagkerfisins eru ferðamennska, sjávarútvegur og orkufrukur iðnaður.

Hagkerfið skapar einfaldlega ekki nægilega mikið af áhugaverðum störfum sem byggja á hugviti og státa af mikilli framleiðni. Afleiðingin mun bitna á landsmönnum öllum, hagnæm og þar með lífsgæði munu

ekki halda í við nágrannaþjóðir á 21. öldinni. Það þarf að skapa frjóan jarðveg fyrir þekkingariðnað til að leggja grunn að áhugaverðum störfum. Óflugt menntakerfi og góð umgjörð um atvinnulífið er lykillinn. Því miður eru skattar með því hæsta sem þekkist sem hlutfall af landsframleiðslu og skólar útskrifa of fáa tæknimennntaða.

Það verður ekki fram hjá því lítið að miklar sveiflur krönnunnar grafa undan uppbyggingu þekkingariðnaðar sem krefst þolinmóðra fjárfesta. Hin Norðurlöndin hafa glímt

við álíka vanda og Ísland varðandi verðbólgu og ósætti á vinnumarkaði. Þeim fór hins vegar að farnast vel um leið og leikreglur peningastefnunnar urðu skýrar, segir í skýrslunni Framtíð íslenskrar peningastefnu.

Þetta er í mikilvæg lexiá í ljósi harðra kjaraviðræðna. Á Norðurlöndunum þekkist ekki að hækka laun umfram svigrúm útflutningsgreina enda er það ekki himnasending heldur bøl sem leiðir til verðbólgu og gengisfalls. Með þeim hætti er vegið að rekstrargrundvelli fyrirtækja, sem er kostnaðarsamt fyrir

samfélagið því þau þurfa að sleikja sárin í stað þess að sækja fram, og erfiðt reynist að skapa þekkingarstörf. Ekkert vinnst en miklu er fornað.

Þeir sem vilja leysa gengisvandann með því að taka upp aðra myntbandalags er að atvinnurekendur geti lækkað laun í niðursveiflum. Annars er kreppa og atvinnuleysi á næsta leiti. Verkalýðshreyfingin þyrfti að taka róttækum breytingum til að samþykkja það.

LAGERHREINSUN

HEFST Í DAG KL. 11:00

40-60%
AFSLÁTTUR*
af veiðibúnaði

*afsláttur gildir ekki í netverslun

VERÐDÆMI

Fluguveiðihjól frá 5.000 kr.
Fluguveiðistangir frá 8.000 kr.
Kasthjól frá 5.000 kr.
Kaststangir frá 9.000 kr.
Öndunarvöðlur frá 18.000 kr.
Vöðlupakkar frá 25.000 kr.
Vöðlujakkar frá 20.000 kr.
Flugulínur frá 3.000 kr.
Veiðivesti frá 5.000 kr.
Veiðiskyrtur frá 6.000 kr.



Stjórnar- maðurinn



Afvegaleiðing umræðunnar

„Ég gæti varla verið spenntari fyrir þessu. Við gerum þetta á eins metnaðarfullan hátt og á við um aðrar beinar útsendingar á RÚV. Við verðum með lýsendur, sérfræðinga, stúdíóspjall, leikgreiningu, hægar endursýningar og allan þann pakka,“ sagði Haukur Harðarson, íþróttafréttamaður á RÚV, um fyrirhugaðar útsendingar ríkismiðilsins frá Íslandsmótinu í FIFA tölvuleikjaspili.

Engum þarf að koma á óvart að RÚV hyggist kosta öllu til, enda engin nýlunda að ríkismiðillinn sýni rausnarskap í verki með annarra manna fé. Reynslan sýnir enda að ef í harðbakkann slær er alltaf hægt að ná í smá viðbót í fjárukalögum. Eitthvað þarf að gera við þá 4,7 milljarða sem ríkið ætlar að leggja RÚV til á árinu. Og ekki má gleyma 2,3 milljörðunum sem flæða inn í auglýsingatekjur. Því ekki að tjalda öllu til, sinna menningarhlutverkinu og sýna beint frá fólki að spila tölvuleik?

En þetta nýjasta útspil er þó ekki nema ein birtingarmynd af tilvistarkreppu RÚV á tuttugustu og fyrstu öldinni. Ríkisstofnunin býður neytendum upp á útvarp og sjónvarp í skylduáskrift, og hefur komið sér upp slíkum „lífsstíl“ að þurfa auglýsingatekjur til að ná endum saman. Til þess þarf RÚV samkeppnishæfa vöru og berst því við einkamiðlana um kaup á alþjóðlegu sjónvarpsefni. Það veldur svo verðhækkunum á eftirsóttustu bitunum sem auðvitað skilar sér að endingu út í áskriftarverð einkamiðlanna. Neytendur eru því ekki bara í skyldubundinni áskrift að RÚV, heldur greiða þeir líka aukagjald til einkamiðlanna vegna þeirrar verðbólgu sem ríkisstofnunin skapar á markaðnum.

Í furðulegri könnun Hagstofunnar kom fram að RÚV hefði „einungis“ um 16% hlutdeild á auglýsingamarkaðnum. Sú tala er auðvitað ekki marktæk, enda starfar RÚV alls ekki á öllum markaðnum. Nærtækara væri að segja að stofnunin hefði riflega helmingshlutdeild á sjónvarps- og útvarpsmarkaði. Þetta vita forsvarsmenn RÚV auðvitað, en kusu samt að kosta deilingar á niðurstöðunum á samfélagsmiðlum. Ekki er gott að ráða í hvaða tilgangi svona vísitandi afvegaleiðing umræðunnar á að þjóna. Öðru en því kannski að viðhalda óviðunandi og óheilbrigðu ástandi.



480 milljónir í Icelandic Provisions

Hlutfé skýrsölufyrirtækisins Icelandic Provisions, sem er meðal annars í eigu Mjólkursamsölunnar og íslenskra einkafjárfesta, var aukið um fjórar milljónir dala, jafnvirði tæplega 480 milljóna króna, í síðasta mánuði, samkvæmt tilkynningu sem fyrirtækið hefur sent bandaríska verðbréfaeftirlitinu.

Um er að ræða aðra hlutfjárakningu fyrirtækisins, sem hóf sölu á skyri í Bandaríkjunum snemma árs 2016,



Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar.

á innan við ári en fjárfestar lögðu því til um fimm milljónir dala, sem jafngildir um 600 milljónum króna, í aukið hlutfé í maí á síðasta ári. Áður hafði skýrfyrirtækið lokið við allt að tuttugu milljóna dala hlutfjársofnun.

Stofnendur eru fjárfestingarsjóðurinn Polaris Founders Capital og Mjólkursamsalan en í stjórn sitja meðal annars Hallbjörn Karlsson, Davíð Freyr Albertsson og Ari Edwald, forstjóri MS. – kij

08.03.2019

Samkeppnis-
aðilar hafa
fengið að safna upp
skuldum á Keflavíkur-
flugvelli, sem skekkir
verulega samkeppn-
isstöðu á markaði.

Bogi Nils Bogason, for-
stjóri Icelandair Group



Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafnverðmæt störf

PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

LANCÔME
PARIS

20%
afsláttur

ORIGINAL
VINSÆLASTI
FARÐINN, GEFUR
GÓÐA ÞEKJU

NÝR
FARÐI MEÐ LÉTTA
ÞEKJU, LÍKT OG
„SECOND SKIN“

SHOW YOUR
TRUE COLORS.

TEINT IDOLE ULTRA WEAR
FARÐAR SEM ENDAST OG TRYGGJA SAMAN LIT OG ÞÆGINDI* Í ALLT AÐ 24 KLST.
ÞÚ VELUR LÉTTA ÞEKJU EDA MEIRI ÞEKJU. MATTIR FARÐAR

*SJALFSÞRÖF 100 KONUR

20% afsláttur á Lancôme dögum

í Lyfju Lágmúla, Laugavegi, Smáralind og Smáratorgi 13. – 17. mars.



VISIONNAIRE KAUPAUKI ÞEGAR ÞÚ KAUPIR LANCÔME VÖRUR FYRIR 8.900 EÐA MEIRA:

VISIONNAIRE LÍNAN er háþróuð húðlagfæring sem vinnur gegn hrukkum, húðholum, eykur teygjanleika og fegrar áferð húðarinnar.

SERUM 10 ml áhrifaríkasta Visonnaire varan.

DAGKREM 15 ml mýkir húðina og dregur úr hrukkum.

NÆTURKREM 15 ml gelkrem og húðin verður þéttari og ljómandi.

AUGNKREM 5 ml gegn hrukkum, dökkum baugum og pokum.

GENIFIQUE SERUM 7 ml „MUST HAVE“ frá Lancôme, grunnurinn að fegurð húðarinnar sem allar konur ættu að eiga.

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík 2°C 5°C Egilsstaðir 2°C 2°C	Ísafjörður -1°C 8°C Kirkjubæjarkl 2°C 8°C	Akureyri 0°C 3°C Hveravellir -4°C 10°C
--	--	---

Léttir til S- og V-lands. Austlæg átt 5-10 og stöku él. Gengur í austan og suðaustan 10-20 með snjókomu eða rigningu S- og V-lands síðdegis og hiti um eða rétt ofan frostmarks.

Fimmtudagur

Reykjavík 2°C 7°C Egilsstaðir 2°C 5°C	Ísafjörður -2°C 5°C Kirkjubæjarkl 1°C 4°C	Akureyri 0°C 2°C Hveravellir -3°C 5°C
--	--	--

Föstudagur

Reykjavík 2°C 4°C Egilsstaðir -2°C 2°C	Ísafjörður -2°C 2°C Kirkjubæjarkl 1°C 5°C	Akureyri -3°C 1°C Hveravellir -3°C 2°C
---	--	---

LÉTT

	3		4	7		1	
9		5	1	2		6	7
		7		5		2	
2		8			4	1	7
3		9					5
	1					9	8
4			3	8			
	9		7				
	8	1			2		

MIDLUNGS

	9		1			2	
4		6	8				9
	3	7				6	
		8			1	6	
3		9			4	7	
7	2			6			5
	8				2		4
9	7	4			8		
					9		3

PUNG

		1				6	
	4				9	5	1
8				4		7	9
	5		3				
			8		2		
					6	1	
	6			2		3	5
		4					
3	9						8

Krossgáta

LÁRÉTT

- flækja
- kopar
- íþróttafélag
- nista
- vörumerki
- vöntun
- spotti
- beisli
- stofnað
- hneta

LÓDRÉTT

- lofa
- jafnt
- leyfi
- að baki
- handverk
- slarka
- íþrótt
- spreia
- óður

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. vefja, 5. ein, 6. fr, 8. gnista, 10. ss, 11. vanhandlun, 9. svalla, 12. blak, 14. uða, 16. ær.
LÓDRÉTT: 1. vegama, 2. eins, 3. fr, 4. aftan, 7. mull, 13. aðalæð, 17. akarn.

Skák Gunnar Björnsson

Peter Michalik (2.565) átti leik gegn Jiri Stoczek (2.592) á alþjóðlegu móti í Prag.

48. Hxf3! Dxf3 49. Dh8+ Kg6 50. Dh7+! Kf6 51. Df7+! Kxf7 ½-½. Patt! Hannes Hlifar Stefánsson hefur byrjað afar vel á mótinu og hafði fullt hús eftir fjórar umferðir. Fimmta umferð fór fram í gær. Á sunnudaginn fer fram minningarmót um Guðmund Arason.
www.skak.is: Hannes í Prag.



Hvítur á leik

2	8	1	5	7	3	9	6	4
9	6	5	4	1	2	8	3	7
7	3	4	6	8	9	5	1	2
6	1	2	9	5	8	7	4	3
8	4	7	2	3	1	6	5	9
3	5	9	7	4	6	1	2	8
1	7	8	3	6	4	2	9	5
4	9	6	8	2	5	3	7	1
5	2	3	1	9	7	4	8	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus




Eftir Frade Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

VORSVEIFLA
Í FRÍKIRKJUNNI Í REYKJAVÍK, 14. MARS KL. 12



Bel ami | Í rökkurró | Frelsi ég finn - lög úr danslagakeppni SKT o.fl. dægurlög frá síðustu öld

LJÚFIR TÓNAR Í HÁDEGINU Á MORGUN

Flytjendur:
Kristín Sigurðardóttir, Lilja Eggertsdóttir og Særún Harðardóttir, söngur
Gunnar Gunnarsson, píanó
Þorgrímur Jónsson, kontrabassi
Erik Qvick, trommur

Þórdís Kolbrún; hvernig geturðu setið róleg og hljóð, með hendur í skauti; berð þú ekki ábyrgð á ferðaþjónustunni!?

Þann 22. febrúar sl., strax eftir að sjávarútvegsráðherra hafði tilkynnt, að hann - ríkisstjórnin - myndi leyfa hvalveiðar að nýju - dráp á ekki færri en 2.130 dýrum, á fimm árum - sendi stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar, SAF, sem auðvitað er langstærsta og þýðingarmesta atvinnugrein landsins, frá sér harðorð mótmæli við þessari ákvörðun, þar sem lýst er vonbrigðum og skilningsleysi samtakanna með þessa ákvörðun og spurningar settar fram um það, á hverju hún byggi eiginlega.

Fór þetta nokkuð fram hjá þér, Þórdís Kolbrún?

Áður höfðu Hvalaskoðunarsamtök Íslands sent frá sér yfirlýsingu, þar sem fram kom, að höfundar skýrslunnar um „Þjóðhagsleg áhrif hvalveiða“, sem sjávarútvegsráðherra þóttist byggja sín nýju leyfi á, hefðu ekkert samband haft við Samtök ferðaþjónustunnar, Hvalaskoðunarsamtökin eða Íslandsstofu við vinnslu málsins og gerð skýrslunnar.

Fannst þér þetta bara í góðu lagi, Þórdís Kolbrún?

Eins og þú auðvitað veizt og SAF tekur sérstaklega fram í ályktun sinni, skapar ferðaþjónustan jafn miklar gjaldeyristekjur á einum degi og hvalveiðarnar skapa á einu ári. Er í því glóra, Þórdís Kolbrún, að hætta gífurlegum hagsmunum ferðaþjónustunnar og allra landsmanna í þágu - í þessu samhengi - þínuhagsmuna eins fyrirtækis eða eins manns!?

Hvernig getur þú setið þegjandi og hljóðalaus undir þessari illa grunduðu þróun, þessari heimsku og þessari áhættu!? Duga þér þau ummæli skýrsluhöfunda, sem aldrei töluðu við SAF, hvalaskoðunarfyrirtækin eða Íslandsstofu, að „engar vísbendingar séu um að hvalveiðar hafi orðið til þess að margir hafi hætt við Íslandsferð“.

Auðvitað fá menn engar vísbendingar, ef þeir kanna ekki málin!

Höfundar H.Í. skýrslunnar segja svo, eins og fram kemur í ályktun SAF, að „sennilega hafi hvalveiðar lítil áhrif á ferðamannastraum til landsins“.

Skyldu skýrsluhöfundar hafa kastað upp peningi um þetta? Viljum við byggja framtíðina á einhverju

„sennilegu“, þegar við getum kynnt okkur málin og öðlast vitneskju um, hvað við erum að gera með okkar fjöregg?

Þó að sjávarútvegsráðherra og sú valdaklíka, sem á bak við hann stendur, hafi látið sér þessar ágizkanir skýrsluhöfunda um velferð fjöreggs þjóðarinnar nægja, skal því ekki trúað, að þér, björtum, djörfum og hreinskiptnum ráðherranum, nægi þessi „forkastanlegu vinnubrögð“, eins og segir í yfirlýsingu Hvalaskoðunarsamtakanna.

Við beinum hér með þeim eindregnu tilmælum til þín, að þú beitir þér fyrir því, að skoðanakannanir fari fram meðal 5-7 helztu þjóðanna, sem sækja okkur heim og ferðaþjónusta byggir á, um það; 1) hvaða augum þær líta hvalveiðar Íslendinga, 2) hvort veiðarnar muni hafa áhrif á ákvörðun þeirra um það, hvort þeir vilja sækja Ísland heim, og gjarnan má bæta við í leiðinni, 3) hvort hvalveiðarnar muni hafa áhrif á kaup þeirra á íslenskum vörum.

Því miður getum við ekkert traust sett lengur á sjávarútvegsráðherra í þessu máli, okkur til mikilla vonbrigða, fjármálaráðherra virðist innsti koppur í búi þeirrar valdaklíku, sem á bak við þetta gjörræðisverk stendur, og Vinstri grænir hafa svikið sjálfa sig og stuðningsmenn sína og standa rúnir öllu trausti, þannig, Þórdís Kolbrún, að þú virðist ein standa eftir traustsins verð, þó að þú heðir máttu grípa inn í þetta fyrir.

En, enn er lag og enn má leiðrétta feigðarflan sjávarútvegsráðherra, fjármálaráðherra og ærulausra Vinstri grænna.

VIÐ SETJUM ALLT OKKAR TRAUST Á ÞIG, ÞÓRDÍS KOLBRÚN!!

JARÐARVINIR

Ole Anton Bieltvedt,
formaður

Blaðað í fortíðinni

LEIKRIT

Club Romantica



Leikhópurinn Abendshow í samstarfi við Borgarleikhúsið

Höfundur og flytjandi: Friðgeir Einarsson

Höfundur tónlistar og flytjandi: Snorri Helgason

Leikstjóri: Pétur Ármannsson

Leikmynd, búningar og myndband: Brynja Björnsdóttir

Sviðshreyfingar: Ásrún Magnúsdóttir

Ljósahönnun: Ólafur Ágúst Stefánsson

Ljósahönnun og myndband: Pálmi Jónsson

Hljóðhönnun: Baldvin Magnússon

Fyrir rúmum áratug keypti Friðgeir Einarsson þrjú myndaalbúms á flóamarkaði í Belgíu, nánar tiltekið í Brussel, á afmælisdegi sínum. Þegar betur var að gáð kom í ljós að myndasafnið tilheyrði sömu ónafngreindu konunni sem fór á sínum yngri árum í lok sjöunda áratugarins tvisvar til Mallorca og gifti sig síðan á óþekktum stað þann 16. mars 1985. Friðgeir eyðir næstu árum í að blaða í alþýðunum og reyna að púsla saman lífshlaupi konunnar. Club Romantica, frumsýnd á Nýja sviði Borgarleikhússins í síðustu viku, er tilraun til að koma leitarniðurstöðunum til skila og fara með áhorfendur í ferðalag á óþekktar slóðir, bæði til útlanda og inn á við.

Sviðsetning á sjálfu er þyrnum stráð. Hvaða útgáfu af sjálfu er manneskjan á sviði að setja fram, þá sérstaklega í sjálfsævisögulegri sýningu sem fjallar um fleiri en sjálf sviðslistamannsins? Listin í



Niðurstaðan er ein besta sýning þessa leikárs, segir gagnrýnandi Fréttablaðsins.

Club Romantica felst í því að Friðgeir fjallar einmitt um sjálfan sig í gegnum sögu óþekkrar konu, sem hann kynnist á tíu ára tímabili í gegnum sitt eigið ímyndunarafl. Leikurinn hefst fyrir alvöru þegar hann leggur upp í leit að konunni sem átti alþýðunum, eða þá verður alvaran raunveruleg og raunveruleikinn alvarlegur.

Friðgeir hefur einstaka sviðsverund, nærvera hans á sviði er ólík nokkrum öðrum. Hann er fjarlægur

en einlægur á sama tíma, hrein-skilinn en dulur. En hann gætir þess að sýna margumræddri konu þá virðingu sem hún á skilið, þetta er sýning um hana og ástæðurnar fyrir því af hverju þessi persónulegu alþýðunum enduðu á flóamarkaði. Með Friðgeiri í slagtoyi er tónlistarmaðurinn Snorri Helgason sem ekki einungis semur tónlistina og flytur heldur tekur að sér ýmisleg smærri hlutverk. Litlir kaflar í sýningunni eru nefnilega sungnir sem ýtir undir

angurværa og kómiska stemmingu Club Romantica.

Áhorfendur rýna í þessar fjörtíu ára gömlu myndir úr fjarlægð og hlátur er fyrstu viðbrögðin. Myndirnar eru óskýrar, vandræðalegar og stundum jafnvel óheillandi. En þegar liða tekur á nagar nostalgían, spurningunum fjölga og líf kviknar í kringum alþýðunum. Á síðastliðnum árum hefur Pétur Ármannsson getið sér gott orðspor fyrir að leikstýra einleikjum og smíðar sterkan

ramma utan um Club Romantica þar sem allt er gert til að láta kjarna verksins, ferðalag Friðgeirs og áhorfendanna, njóta sín.

Leikmyndahönnun Brynju Björnsdóttur hefur sjaldan verið betri, ekki bara vegna þess sem má sjá á sviðinu, heldur líka vegna þess sem áhorfendur sjá ekki (líkt og á myndunum). Hlutar eru gefnir í skyn fremur en að sýna þá og myndbandsvinnan skiptir þar sköpum. Nýja sviðið er afmarkað með bæði hliðar- og baktjöldum, eftir liggur lítil sandeyja sem er í raun og veru ekkert nema frekar óspennandi teppalagt svið. Plönturnar eru af þeirri gerð að ómögulegt er að sjá hvort þær eru raunverulegar eða ekki. Fatnaður leikaranna tveggja er einstaklega ósmekklegur, toppaður með syndsamlega ljótum plastskóbúnaði Friðgeirs, fullkomin mündering fyrir ferð til Mallorca.

Hið sama má segja um alla aðra hönnun Club Romantica. Pálmi Jónsson í samvinnu við Brynju vikkar hugmyndaheim verksins með fyrirtaks myndbandsvinnu. Einnig sér hann um ljósahönnunina í slagtoyi við Ólaf Ágúst Stefánsson af mikilli næmni. Hljóðhönnun Baldvins Magnússonar leikur lykilhlutverk í sýningunni og dýpkar söguna.

Forvitnilegt verður að sjá hvort Leikhópurinn Abendshow með Friðgeiri í forustuhlutverki eigi sér framhaldslíf eftir þessa sýningu því allar listrænar ákvarðanir þeirra spila fallega inn í hugmyndafræði Club Romantica og niðurstaðan er ein besta sýning þessa leikárs.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Heillandi rannsóknarleiðangur um lífið og tilveruna.

Stóru bleiku konurnar taka yfir

Myndlistarkonan Elín Elisabet Einarsdóttir opnar fyrstu málverkasýningu sína sem hún kallar Pláss í Gallery Porti við Laugaveg 23b laugardaginn 16. mars.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Pláss er fyrsta málverkasýning Elínar Elisabetar Einarsdóttur. Hún hefur fengið pláss í Gallery Porti við Laugaveg 23b og verður opnuð 16. mars klukkan 16. Titillinn vísar til myndefnisins á sýningunni, stórra kvenna sem taka óhræddar sitt pláss. Hún segir hugmyndina hafa kviknað úti í Bandaríkjunum. „Ég fór í vinnusmiðju hjá landslagsmálara í Haystack Mountain School of Crafts sumarið 2017 og konurnar mínar fæddust út úr landslaginu á afskekktu eyju í Maine, þar sem ljósbleikar, veðraðar klappir minna á læri og fleiri líkamsparta. Konurnar eru á stórum skala en búa yfir mykt, kvenleika og styrk og eru svar

við þeirri úreltu kröfu samfélagsins að konur eigi að vera fingerðar og þægar.“

Athygli vekur að höfuð kvennanna eru pínulítill. Veikir það þær ekki sem vitsmunaverur?

„Nei, alls ekki. Það er bara partur af því að ýkja hvað líkaminn er stór. Þær eru klárar og njóta þess að breiða úr sér í öllum skilningi. Eiga eftir að taka yfir.“

Elín Elisabet útskrifaðist úr teiknideild Myndlistaskólans í Reykjavík og hefur á síðustu árum vakið athygli fyrir verk sín, þar á meðal myndasögur í The Reykjavík Grapevine. „Ég hef unnið sjálfstætt sem teiknari í bráðum þrjú ár, myndskreytt bækur, gert veggmyndir og bókaápur, plaköt og landakort fyrir túrista. Þetta er fjölbreytt starf sem hefur haldið áhuga mínum vakandi.“ lýsir Elín sem hefur haldið sýningar á teikningum sínum, meira að segja á jafnólíkum stöðum sem á Borgar-



Pláss verður fyrsta málverkasýning Elínar Elisabetar en hún hefur áður sýnt teikningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

firði eystra og í Senegal. „Ég vann í fiski á Borgarfirði eystra á sumrin í sjö ár og fannst það áhugavert, síðar ferðaðist ég þar um, teiknaði staði, fjöll og fólk og gaf myndirnar út í bók. Fyrir tveimur árum var ég svo í gestaíbúð í smáþorpi í Senegal í mánuð og teiknaði líka hversdagsleikann þar. Þorpið var lengst úti í sveit, með útibrunnum og moldarkofum og lífsskilyrðin ólík þeim sem við erum vön. Ég gæti hugsað mér að safna teikningum af þorpum víða um heim og gefa út í bók einhvern tíma sem heildarsafn, það er langtímadraumur.“



Hugmyndin að myndefninu kviknaði út frá bleikum klöppum við strendur Maine í Bandaríkjunum.



Fyrirverandi forstjóri kvikmyndarisans Warner Brothers hefur tryggt sér réttinn á glæpasögunni Dimmu eftir Ragnar Jónasson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Glæpasagan Dimma eftir Ragnar Jónasson ratar til Hollywood

Greg Silverman, fyrirverandi forstjóri kvikmyndarisans Warner Brothers, hefur tryggt sér réttinn á Dimmu eftir Ragnar Jónasson. Ætlunin er að framleiða sjónvarpsþáttaröð eftir sögunni en hún er upphaf þrileiks Ragnars um lögreglukonuna Huldu. Frá þessu var greint á vefmiðlinum deadline.com. Á meðal þeirra mynda sem Greg Silverman lét Warner Brothers framleiða á meðan hann ræð þar ríkjum er Óskarsverðlaunamyndin *A Star Is Born* með Lady Gaga og Bradley Cooper. Fyrirtæki Silvermans, Stampede, mun framleiða þáttaröðina en á bak við það standa ýmsir fjárfestar, þar

á meðal Gideon Yu, fyrirverandi fjármálastjóri Facebook og YouTube og einn af eigendum ruðningsliðsins San Francisco 49ers.

Dimma kom út árið 2015 og hefur rétturinn á henni verið seldur út um víða veröld. Frægðarsól Ragnars hefur risið á undanföllum árum. Snjóblindla náði efsta sætinu hjá Amazon í Bretlandi, Nattblindla í Ástralíu og Myrknætti var mest seld glæpasagan í Frakklandi á dögunum. Dimma var gefin út í Bandaríkjunum ekki alls fyrir löngu og hafa víðtökur verið afar góðar og sagði gagnrýnandi Washington Post meðal annars að hún væri „framúrskarandi“. – kb

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

13. MARS 2019

Hvað? Gæðastundir í Listasafni Íslands

Hvenær? 14.00-16.00

Hvar? Listasafn Íslands, Frikirkjuvegi 7

Leiðsögn um sýninguna Gjöfin frá Amy Engelberts. Kaffi og bakkelsi frá Brauði og Co í falllegu umhverfi í umsjá Dagnýjar Heiðdal listfræðings. Dagskrá Gæðastunda í Listasafni Íslands er ætluð eldri borgurum og er samsett af sérsniðnum leiðsögnum og spjalli við sérfræðinga safnsins um myndlist, yfirstandandi sýningar og starfsemi Listasafns Íslands.



Sölvi Tryggvason heldur námskeið um næringu, hreyfingu og föstu.

Hvað? Betri heilsa – innihaldsríkara líf

Hvenær? 20.00-22.00

Hvar? Sólir, Fiskislóð 53-55

Námskeið með Sölva Tryggvasoni. Á námskeiðinu verður fjallað um lykilatriði þegar kemur að næringu, hreyfingu og föstu. Kennar verða undirstöðuæfingar í öndun og hugleiðslu og rætt um ávinninginn af kuldaþerapiu.

Hvað? Íbúafundur um tvöföldun Reykjanesbrautar

Hvenær? 17.30-18.30

Hvar? Hafnarborg, Hafnarfirði

Nú fara framkvæmdir að hefjast

við tvöföldun Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi vestur fyrir Krýsuvíkurgatnamót. Á þessum opna íbúafundi um tvöföldun brautarinnar verður farið yfir framkvæmdir á svæðinu líð fyrir líð en framkvæmdirnar munu hafa áhrif á umferð og annað á svæðinu á meðan þær standa yfir.

Hvað? Útgáfutónleikar Rox & Owza

Hvenær? 20.00-23.30

Hvar? Húrra, Tryggvagötu 22
Rafpoppdúóið Rox & Owza gaf út plötuna *Desperate* í febrúar og verður útgáfunni fagnað með tónleikum í dag, 13. mars.



GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Capernaum (ENG SUB) 17:30

Arctic (ICE SUB) 18:00

Free Solo (ENGLISH - NO SUB) 18:00

National Theatre Live - Breska Þjóðleikhúsið

Julius Caesar (ENGLISH-NO SUB) 20:00

Taka 5 // Take 5 (ENG SUB) 20:00

Tævanskir kvikmyndadagar - Sérverð 800 kr.

6 stuttmyndir/shorts (ENG SUB) 20:00

Brakland (DANISH W/ENG SUB) 22:00

Heavy Trip // Hevi Reissu (ENG SUB) 22:30



Nýr og spennandi Hyundai i20.

Verð frá:
2.290.000 kr.



Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.

Nýr i20 er fánlegur með sjálfvirkri neyðarhæmlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, nýr 7" snertiskjár nýtir sér fullkomnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™.

Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.

 **HYUNDAI**

5 ÁRA
ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem vöi er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



DAGSKRÁ

Miðvikudagur

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2019

Bein útsending kl. 19.55

Afhending íslensku tónlistarverðlaunanna í Silfurbergi í Hörpu. Kynnir er Saga Garðarsdóttir.




RÚV

okkar allra



Íslenskur texti með Íslensku sjónvarpsefni



Þú finnur íslenskan texta með íslenskum sjónvarpsþáttum og með fréttum og íþróttum kl. 19 á síðu 888 í textavarpinu.

Þú finnur texta með íslenskum sjónvarpsþáttum í spilaranum á rúv.is.



RÚV

texti fyrir alla

RÚV SJÓNVARP

13.00 Útsvar 2012-2013
14.00 Mósaik
14.35 Með okkar augum
15.05 Simamyndasmíðir
15.35 Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988
16.50 Veröld sem var Þáttaröð í sex hlutum þar sem fjallað er um sameiginlegar minningar íslensku þjóðarinnar á létta og nýstárlegan hátt. Umsjónarmennirnir Margrét Blöndal og Felix Bergsson leggja í fullkomlega óvísindalega mannfræðirannsókn til að reyna að skilja íslensku þjóðina betur á hundrað ára afmæli fullveldisins. Meðal þess sem þau skoða eru dellurnar sem þjóðin hefur gengið með í gegnum tíðina, nekt á Íslandi, og svo verða sér-íslensku sunnudagarnir krufðir til mergjar.
17.15 Höfuðstöðvarnar
17.45 Táknálsfréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Nýi skólinn keisarans
18.17 Sigildar teiknimyndir
18.24 Dóta lækni
18.50 Krakkafréttir Fréttabáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.55 Íslensku tónlistarverðlaunin 2019 Bein útsending frá afhendingu íslensku tónlistarverðlaunanna í Silfurbergi í Hörpu. Kynnir kvöldsins er Saga Garðarsdóttir. Stjórn útsendingar: Egill Eðvarðsson.

21.25 Kiljan
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Týndu drengirnir í Hvergi-landi – Seinni hluti Ný heimildarmynd í tveimur hlutum um meint kynferðislegt ofbeldi poppstjórnnunnar Michaels Jackson gegn ungum drengjum. Myndin er byggð á viðtölum við tvo menn og fjölskyldur þeirra sem lýsa áralangri misnotkun Jacksons á mönnum sem hófst þegar þeir voru barnungir. Myndin var frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni 25. janúar. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.00 Kveikur Vikulegur fréttaskýringarþáttur sem tekur á málum bæði innan lands og utan. Þátturinn er í anda klassískra fréttaskýringarþátta með áherslu á rannsóknarblaðamennsku.
00.35 Kastljós Frétta- og mannlífspáttur þar sem ítarlega er fjallað um það sem efst er á baugi. Stærstu fréttamál dagsins eru krufin með viðmælendum um land allt. Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir. e.
00.50 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

08.00 Arnold Palmer Invitational
13.50 Golfing World 2019
14.40 Arnold Palmer Invitational
20.20 Golfing World 2019
21.10 Champions Tour Highlights 2019
22.05 PGA Highlights 2019
23.00 Golfing World 2019
23.50 Champions Tour Highlights 2019

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 89,5 Retro FM 93,5 Rás 1
 FM 90,1 Rás 2 FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.45 The Kids Are Alright
14.10 Með Loga
15.10 Ally McBeal
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Life in Pieces
20.10 Survivor
21.00 New Amsterdam
21.50 Station 19
22.35 Taken
23.20 The Tonight Show
00.05 The Late Late Show
00.50 NCIS
01.35 NCIS: New Orleans
02.20 A Million Little Things
03.05 The Resident
03.50 How to Get Away with Murder
04.35 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregni
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregni
12.50 Dánarfregni
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Samtal um ríkisvald og trúarbrögð.
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útlit Krakka RÚV
18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsgagan: Plágan
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregni
22.10 Passíusálmur
22.15 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Nætúrútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

13.00 Going in Style
14.35 Batman and Harley Quinn
15.50 Carrie Pilby
17.30 Going in Style
19.05 Batman and Harley Quinn
20.20 Carrie Pilby
22.00 Valerian and the City of a Thousand Planets
00.15 Fist Fight
01.50 Green Room
03.25 Valerian and the City of a Thousand Planets

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Ævintýri Tinna
07.50 Friends
08.10 The Middle
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Newsroom
10.30 Baby Daddy
10.50 Jamie's 15 Minute Meals
11.15 Bomban
12.05 Enlightened
12.35 Nágrannar
13.00 Masterchef USA
13.45 Margra barna mæður
14.15 Dýraspítallinn
14.45 Svörum saman
15.20 Suður-ameríski draumurinn
15.55 Catastrophe
16.30 Kevin Can Wait
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakinn
19.20 Veður
19.25 Vikingalottó
19.30 Mom
19.50 Jamie's Quick and Easy Food
20.15 Heimsókn
20.40 Grey's Anatomy
21.25 The Good Doctor
22.10 Suits
22.55 Lovleg
23.20 NCIS
00.05 Whiskey Cavalier
00.50 The Blacklist
01.35 Magnum P.I
02.20 Six Feet Under
03.20 Six Feet Under
04.15 Six Feet Under

STÖÐ 3

19.10 Modern Family
19.35 Two and a Half Men
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Man Seeking Woman
21.15 All American
22.00 Gotham
22.45 Game Of Thrones
23.40 The New Girl
00.05 Supergirl
00.50 Modern Family
01.15 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

08.05 Deportivo Alaves - Eibar
09.45 Real Valladolid - R. Madrid
11.25 Barcelona - Rayo Vallecano
13.05 Spænsku mörkin 28/19
13.35 Roma - Empoli
15.15 Ítölsku mörkin 2018/2019
15.45 ÍR - KR
17.25 Domino's körfuboltak.
19.05 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur 2018/2019
19.30 Meistarad. - upphitun 2019
19.50 Manchester City - Schalke
22.00 Meistaradeildarmörkin
22.30 Juventus - Atletico Madrid
00.20 Meistaradeildarmörkin

STÖÐ 2 SPORT 2

07.20 Parma - Genoa
09.00 Chievo - AC Milan
10.40 Inter - SPAL
12.25 Celta Vigo - Real Betis
14.05 Sevilla - Real Sociedad
15.45 Liverpool - Burnley
17.30 Premier League Review 2018/2019
18.25 ÍBV - Stjarnan
19.50 Bayern München - Liverpool
22.25 Barcelona - Lyon
00.15 Snæfell - KR

FM 96,3 FM Suðurland FM 98,9 Bylgjan
 FM 96,7 Létt Bylgjan FM 99,4 Útlit Saga
 FM 97,7 X-ið FM 100,5 K100

AEG

TILBOÐSDAGAR

15-20% afsláttur af öllum AEG vörum.



Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15



ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*FRÍ HEIMKEYRSLA Í NETVERSLUN



ORMSSON
Greiddslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	-----------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------

OPÞÍÐ Á
SUNNUDÖGUM Í
DORMA SMÁRATÖRGI



DÝNUDAGAR

Láttu drauminn ræstast

www.dorma.is

VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**

Classic botn,
cover og fætur

20%

AFSLÁTTUR á
dýnudögum

Allar **{ 20-50% }**
dýnur* **{ AFSLÁTTUR }**

* Gildir ekki af dýnum frá Simba.



DÝNUDAGAR
35%
AFSLÁTTUR



Trusted by millions
since 1926.

- Pokagormakerfi
- Hægindalag í yfirdýnu
- Bómullaráklæði

- Sterkur botn
- Steyptur svampur í köntum

SPRING AIR EXCELLENT
heilsudýna - allar stærðir
120 / 140 / 180x200 cm

VERÐDÆMI
Stærð 120 x 200 cm
Fullt verð 89.900 kr.

Aðeins **58.435 kr.**



DÝNUDAGAR
20%
AFSLÁTTUR



Nature's Bedding

NATURE'S SUPREME
heilsudýna - allar stærðir
80 / 90 / 100 / 120 / 140 / 160 / 180 x 200 cm

VERÐDÆMI
Stærð 90 x 200 cm
Fullt verð 59.900 kr.

Aðeins **47.920 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til föst. kl. 10-18 (Holtagörðum)
Mán. til föst. kl. 11-18:30 (Smáratorgi)
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiðlil, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn ræstast



On the Waterfront (1954)

Harkið um vinnuna á eyrinni var ljótur hráskinnaleikur á árum áður eins og Terry Malloy fékk að kenna á í þessari mögnuðu og marglaga mynd. Marlon Brando, ungur og ómótstæðilegur, fer með himinskautum í hlutverki unga mannsins sem sogast inn í verkalýðsbaráttu og þarf að takast á við spillta, vonda karla.

Baráttu fyrir betra lífi

Verkfallskolin eru orðin vel grá, blikur eru á lofti og ljóst að verkalýðurinn er tilbúinn til þess að láta sverfa til stáls í baráttunni fyrir betra lífi, sem einmitt er slagorð Eflingar. Ef einhverjir eru enn illa áttaðir og ekki komnir í verkfallsham, fullir tilhlökkunar, þá eru hér fimm góðar bíómyndir til þess að kveikja neistann.



F.I.S.T. (1978)

Sylvester Stallone brá sér ungur í hlutverk verkalýðsleiðtoga vörubilstjóra í F.I.S.T. Persóna hans var byggð á hinum alræmda og rótspillta Jimmy Hoffa sem fór á sínum tíma fyrir trukkurunum sem gáfu ekkert eftir í baráttunni enda kenndu þeir félag sitt við krepptan hnefa.



Silkwood (1983)

Mike Nichols leikstýrir hér Meryl Streep í einu af ótal hlutverkum sem mega teljast til hennar bestu. Hún leikur unga konu, Karen Silkwood, sem kemst að því að öryggi á vinnustað hennar er alvarlega ábótavant. Sem er ekki nógu gott þar sem þar er höndlað með geislavirk efni. Hún ákveður að kjafta frá og kemst að því að stórfyrirtæki eru engin lömb að leika sér við.



Bread and Roses (2000)

Ken Loach, það mikla kvikmyndaskáld hinna vinnandi stétta, fór frá Bretlandi til Kaliforníu til þess að kvikmynda þessa sögu tveggja innflytjenda frá Mið-Ameríku sem dragast inn í verkfallsátök húsvarða í Los Angeles. Alvöru verkalýðsmynd byggð á raunverulegum atburðum frá 1990.



Germinal (1993)

Frakkar eru engir byrjendur þegar mótmæli, verkföll og baráttu fyrir bættum lífskjörum eru annars vegar og hér er ekki komið að tómu kofunum. Gerard Depardieu er þarna ennþá góður leikari og fer mikinn sem leiðtogi verkfallsmanna sem reyna að stofna stéttarfélag í mynd byggðri á skáldsögu eftir sjálfan Émile Zola.

Þú finnur draumastarfið á
Job.is

Við skoðum
allar gerðir af
bifreiðum



Fólksbilar/jeppar



Felli -og hjólhýsi



Mótorhjól



Tjaldvagnar/kerrur



Vatnsvernd



Vörubílar



Eftirvagnar



Sendibílar



Hestakerrur



Hópbílar

Frumherji hefur opnað nýja glæsilega skoðunarstöð að Hádegismóum 8

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði. Í stöðinni eru allar gerðir og stærðir af ökutækjum skoðaðar.

Við bjóðum góða
þjónustu og hagstæð
kjör á skoðunum

IS YI 20 513



Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarkerki vísar til.

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.



Ný skoðunarstöð Frumherja er staðsett að Hádegismóum 8 - 110 Reykjavík - S. 570 9201



Frumherji

www.frumherji.is

**ÞÖKKUM
FRÁBÆRAR
VIÐTÖKUR Á
HALLVEIGARSTÍG**

**OPNUM
16.MARS
Í FAXAFENI 14**

**HRAÐAST
VAXANDI
MATVÖRU
VERSLUNARKEÐJA
Á ÍSLANDI**

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ

OPIÐ ALLA DAGA TIL 22:00



Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir fagnar fimmtíu ára afmæli sínu eftir mánuð og ætlar þá að vera tíu kílóum léttari en í fyrra. Helmingurinn af þeim er farinn og restin verður ekkert mál á ketó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Réttast að setja þjóðina alla á ketó

Ketó-lífsstíllinn á vel við **Guðfinnu Jóhönnu Guðmundsdóttur**. Hún ætlar að léttast um tíu kíló fyrir fimmtugt og þegar mánuður er til stefnu er hún viss um að takmarkið náist. Á ketó.

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, lögmaður og fyrrverandi borgarfulltrúi, ætlar að ná þremur markmiðum fyrir fimmtugt. Þar á meðal ætlar hún að léttast um tíu kíló og til þess að ná því örugglega ákvað hún að reyna ketó-lífsstíllinn, sem hefur heltekið þjóðina undanfarið.

„Ég verð fimmtugt eftir mánuð og fyrir ári síðan ákvað ég að ná þremur markmiðum fyrir afmælið. Í fyrsta lagi ætlaði ég að safna hári. Það hefur tekist. Ég ætlaði líka að koma mér í form og það gengur ágætlega og síðan ætlaði ég að missa tíu kíló,“ segir Guðfinna Jóhanna. „Það hefur ekki alveg gengið þannig að þegar það voru átta vikur í afmælið ákvað ég að prófa bara þetta ketó. Það hlýti að virka.“

Og sú er raunin en á þremur ketóvikum eru fimm kíló farin og enn eru fjórar vikur til stefnu.

„Ég var með ákveðna fordóma gagnvart ketó vegna þess að ég leit bara á þetta eins og hvern annan megrunarkúr,“ segir Jóhanna Guðfinna sem er búin að vera á ketó í þrjár vikur og hefur heldur betur skipt um skoðun.

Ekkert kjöt í áratugi

„Ég sá líka bara beikon fyrir mér og þar sem ég hef ekki borðað kjöt í 33 ár fannst mér þetta ekki vera neitt fyrir mig en þetta hefur bara gengið rosalega vel og þetta er miklu einfaldara en ég hélt,“ segir Guðfinna og bætir við að stór kostur sé hversu saddur maður verði á ketó-mataræðinu.

„Vegna þess að þetta er svo mikil fita sem ég borða, aðallega lax, osta, egg, majónes og rjóma.“ Kjöt er líklega undirstaðan í ketó hjá flestum en Guðfinna leggur sé slíkt ekki til munns og hefur ekki gert í rúma þrjú áratugi.

NÚ Á ÉG MÁNUÐ EFTIR ÞANGAÐ TIL ÞAÐ KEMUR AÐ FIMMTUGSAFMÆLINU OG ÞAÐ ER EKKI SPURNING AÐ ÞESSI TÍU KÍLÓ VERÐA FARIN.

„Ég borða alveg mjólkurvörur, fisk og egg en ekki kjöt og hef ekki gert það síðan ég var sextán ára. Þá var ég að vinna á hamborgarastað og fékk bara ógeð á kjöti fyrir lífs-tíð. Mig hefur aldrei langað í kjöt síðan þá.“

Þetta er samt svolítið einhæft sem ég er búin að vera að borða síðustu þrjár vikurnar þannig að ég þarf að fara að læra fleiri uppskriftir en ég tók þetta bara með því hugarfari að þetta ætti að vera skemmtilegt og að ég ætlaði að hafa gaman af þessu.“

Þjóðina á ketó!

„Ég ákvað að ná þessum tíu kílóum af mér og að ég yrði á ketó þangað til. Svo getur bara vel verið að mér finnst þetta svo frábært að ég ákveði bara að halda þessu áfram,“ segir Guðfinna sem var fljót að laga sig að breyttum lífsstíl.

„Fyrstu dagarnir fara í smá heilaþöku en svo verður maður bara rosalega orkumikill. Vegna þess að maður borðar miklu minna og þá liður manni miklu betur en þegar maður er einhvern veginn alltaf að hrúga í sig sykri, Snickers og einhverju þannig, allan daginn.“

Þetta er bara frábært. Það á bara að setja íslensku þjóðina, sem er orðin allt of þung, á ketó í nokkra mánuði,“ segir Guðfinna og hlær.

Eins og víða sjást merki í samfélaginu breiðist ketó hratt út þannig að Svanur Guðmundsson, eiginmaður Guðfinnu Jóhönnu, er að sjálfsgöngu komin á ketó með frúnni.

„Já, hann er líka kominn á ketó og bara búinn að léttast helling en

hann borðar auðvitað kjöt með þessu þannig að við erum kannski ekki alveg á sama fæðinu,“ segir Guðfinna sem stefnir á frekari ketó-tilraunir og þá um leið meiri fjölbreytni.

Gaman í eldhúsinu

Guðfinna hefur orðið vör við fleiri og ekki síður ánægjulegri auka-verkanir af ketóinu en það sem kom henni einna mest á óvart er að það er bara alls ekkert svo leiðinlegt að sýsla í eldhúsinu, elda, baka og prufa nýjar uppskriftir.

„Ég hef aldrei verið neitt sérstaklega mikið fyrir að vera í eldhúsinu og það kemur í rauninni á óvart að ég er búin að vera þar meira síðustu þrjár vikurnar en ég hef verið áður og það sem kemur mest á óvart er að það er bara ekkert svo leiðinlegt að elda og baka.“

Guðfinna segist áður aðeins hafa kunnað að gera tvær tegundir af kökum; Kornflexköku, sem hún lærði af Stundinni okkar sem krakki, og franska súkkulaðiköku sem hún lærði að baka fyrir tíu árum.

Nú sé hún komin á kaf í alls konar ketóköku-tilraunir og styðjist bæði við íslensku ketó-bókina auk þess sem hún gúgli mikið í leit að spennandi uppskriftum.

„Þetta hefur reyndar gengið misvel,“ segir Guðfinna en þegar hún fari eftir uppskriftum sé ekki yfir neinu að kvarta. Hvort hún muni bjóða upp á ketó-afmælistertu, tíu kílóum léttari, skal ósagt látið en takmarkinu mun hún ná.

„Nú á ég mánuð eftir þangað til það kemur að fimmtugsafmælinu og það er ekki spurning að þessi tíu kíló verða farin. Ég tek þetta bara á lokametrunum. Það eru farin um fimm kíló þannig að þetta mun takast. Ég hef engar áhyggjur af því. Svo eru bara göngutúrar og ræktin með þessu.“ thorarin@frettabladid.is

BONUS BONUS BONUS BONUS



BEST FYRIR
25. maí

798

kr. 8x120g

Dry-Aged Hamborgarar
Frosinir, 8 x 120 g



1kg

459

kr. 1 kg

Kellogg's Corn Flakes
1 kg



559

kr. 750 g

Kellogg's Special K
750 g

3 X 250 ML



395

kr. pk.

Hámark Próteindrykkur
3 x 250 ml, 3 teg.



4 X 330 ml
Takmarkað magn

198

kr. 4x330ml

Sprite Zero
4 x 330 ml



198

kr. 4x330ml

Fanta
4 x 330 ml



1kg

459

kr. 1 kg

ES Berjablanda eða Jarðarber
Frosin, 1 kg



500g

398

kr. 500 g

Hindber eða Bláber
Frosin, 500 g



200 BLÖÐ
á rúllu

698

kr. pk.

ES Salernispappír
3ja laga, 12 rúllur

BONUS EKKERT BRUÐL



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með 17. mars eða meðan birgðir endast.

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is

Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Davíðs
Þorlákssonar



Ferskir vindar

Fundur Íslendinga á Kanaríeyjum ályktaði á laugardaginn í þá veru að fresta ætti að heimila innflutning á fersku kjöti. Ályktunin kemur líklega um 12 árum of seint, en það var árið 2007 sem íslensk stjórnvöld ákváðu að Ísland myndi innleiða matvælalöggjöf Evrópusambandsins. Með því varð ljóst að við myndum þurfa að leyfa innflutning á fersku kjöti eins og síðar hefur verið staðfest af bæði Hæstarétti og EFTA-dómstólum.

Matvælalöggjöf ESB gerir, eðli málsins samkvæmt, ekki greinarmun á kjöti og fiski. Og þar stendur hnífurinn í Galloy-kúnni. Þetta mál snýst nefnilega fyrst og fremst um útflutning á fiski, en ekki innflutning á kjöti. Viðskiptafrelsi er ekki einstefnugata. Ef við takmörkum innflutning á kjöti þá verður mun erfiðara fyrir okkur að flytja út fisk til ESB. Í því felast mun stærri hagsmunir í krónum talið fyrir Ísland. Aukið framboð af kjöti fyrir íslenska neytendur og ferskir vindar viðskiptafrelsis eru bara rúsinan í franska pylsuendanum.

Samhliða þessu verður gripið til mótvægisáðgerða til að draga úr hættu á að sýkingar berist til landsins. Það er þó aldrei hægt að koma algerlega í veg fyrir slíkt enda geta þær borist með erlendum ferðamönnum sem koma hingað til lands og Íslendingum sem ferðast erlendis. Grundvallaratriði er þó, í þessu eins og öðru, að treysta fullorðnu fólki til að taka sjálft ákvarðanir um það hvað það kaupir sér. Ætli til dæmis Íslendingarnir á Kanarí hafi tekið með sér nesti að heiman eða tekið upp vegan lífsstíl á meðan þau eru ytra?

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

PANINI
OG GOS*
COMBO VERÐ:
499 KR



*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk
ON THE GO

DUBLIN ER WOW

VERÐ FRÁ
6.999 kr.*

Tímabil: mars - maí 2019



DAGUR HEILAGS PATREKS NÁLGAST OG ÞVÍ BER AÐ FAGNA. Og hvað er þá betra en að demba sér beinustu leið til Dublin? Stundum er grasið nefnilega grænna hinum megin við hafið. Svo tekur flugið ekki nema rúma tvo tíma! Nældu þér í ódýran flugmiða og málaðu bæinn grænan með Heilögum Patreki, já og WOW air.

WOW
air

*Verð miðast við WOW basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Tilboðið á aðeins við ef bókað er flug fram og til baka.

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS